ERLA SALÓMONSDÓTTIR

Í fögrum fjöllum Króatíu

bílar ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Hugbúnaðarfrelsið er yndislegt

sérblað um iðnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

BJÖRK OG BRITNEY

Uppspuni frá rótum

Ekkert til í fréttum um heimboð Bjarkar til Britney

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júní 2007 — 172. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Damon frumsýnir óperu



Hinn fjölhæfi tónlistarmaður Damon Albarn frumsýnir óperu í Manchester á morgun. Ópera hans er sungin á mandarínsku.

TÓNLIST 24

Dauðans alvara

Ofsaakstur er jafn alvarlegt brot og ofbeldisbrot ef aksturinn leiðir af sér líkamstjón, skrifar Ragnheiður Davíðsdóttir.

Í DAG 16

Fá greitt undir borðið

Flestir vinsælustu brúðkaupssöngvarar landsins fá borgað undir borðið. Bjarni Arason er þó einn af þeim sem gefur allt upp til skatts.

FÓLK 30

Stórslagur í kvöld

Valur og FH mætast í Landsbankadeild karla í kvöld en Matthías Guðmundsson hefur leikið með báðum liðum.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EYSTRA - Í dag verða norðvestan 8-13 austast á landinu annars hægari. Rigning eða skúrir austan til á landinu annars yfirleitt fremur skýjað og þurrt. Hiti 7-16 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðurlandi.

Ákvörðunin er gríðarlega erfið og ábyrgð mín mikil

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að bæði hagfræðileg og líffræðileg rök hnígi að því að minnka þorskveiðar á næsta fiskveiðiári. Hagfræðistofnun vill ganga lengra en Hafrannsóknastofnun í niðurskurði aflaheimilda. Einar segir að grípa verði til aðgerða í þeim samfélögum sem harðast verða úti.

SJÁVARÚTVEGUR „Bæði skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar eru þess eðlis að ég hlýt að taka þær alvarlega. Mér finnst þetta afar erfið ákvörðun því ég geri mér grein fyrir að ábyrgð mín er mikil, því afleiðingar af niðurskurði verða mestar í þeim byggðum sem síst mega við því," segir Einar K. Guðfinnsson spurður hvort honum sé ekki nauðugur einn kostur að skera þorskveiðar verulega niður á næsta fiskveiðiári.

Hagfræðistofnun HÍ hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að draga stórlega úr þorskveiðum. Stofnunin mælir með meiri niðurskurði aflaheimilda en Hafrannsóknastofnun hefur gert tillögu um á næsta fiskveiðiári. Hagfræðistofnun HÍ kynnti skýrslu um þjóðhagsleg áhrif aflareglu í gær, en hún er unnin fyrir sjávarútvegsráðherra.

„Niðurstaðan rennir hagfræðilegum stoðum undir þá skoðun Hafrannsóknastofnunar að draga beri úr þorskveiðinni," segir Einar. „Samkvæmt niðurstöðu þeirra er aflareglan stofninum hættuleg. Ég held að það blandist engum hugur um það að við förum ekki í gegnum þessa dýfu án þess að koma með fjölbreyttar mótvægisaðgerðir í þeim samfélögum sem verða harðast úti. Þar á ég bæði við þær leiðir sem nefndar eru í skýrslu Hagfræðistofnunar og ýmislegt annað sem ekki er tímabært að ræða á þessu stigi málsins."

Ragnar Árnason, stjórnarformaður Hagfræðistofnunar HÍ, segir að niðurstaða stofnunarinnar sé skýr. Miðað við þá þekkingu sem fyrir er, bæði fiskifræðilega og hagfræðilega, sé óskynsamlegt að veiða þorsk á næsta ári samkvæmt gildandi aflareglu, eða 178 þúsund tonn. Það finnst okkur of mikið og verulega áhættusamt að veiða það magn." Ragnar segir að verði ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fylgt sé það nokkuð örugg leið til að stofninn verði byggður upp tiltölulega hratt og líkur á aflahruni mjög litlar. - shá / sjá síðu 4

GENGIÐ GEGN SLYSUM Hátt á fimmta þúsund manns tók þátt í fjöldagöngu gegn umferðarslysum í Reykjavík í gær, auk þess sem talsverður fjöldi gekk í sams konar göngu á Selfossi og Akureyri. Göngurnar skipulögðu hjúkrunarfræðingar og aðrir til að vekja fólk til umhugsunar um afleiðingar umferðarslysa. Göngufólk bar rauðar blöðrur til að minnast þeirra sem slasast hafa í umferðinni, og svartar til að minnast þeirra sem hafa látist. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslensk myndlist boðin upp:

Dýrasta verkið á 8,3 milljónir

LISTIR Málverkið „Pip and Nina" eftir Svavar Guðnason var slegið hæstbjóðanda á rúmar 8,3 milljónir króna hjá uppboðshúsinu Christie's í London í gær. Annað verka Svavars var selt á 4,8 milljónir á sama uppboði.

GJÖF Svavar Guðnason gaf málverk sitt „Pip and Nina" foreldrum þeirra sem seldu verkið.

„Þetta er sennilega hæsta verð sem hefur fengist fyrir Svavar," segir Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali. Hann segir að ákveðnir erlendir aðilar safni myndum Svavars þar sem hann var tengdur CoBrA-hópnum svonefnda.

Tvær myndir eftir Eirík Smith seldust á um 380 þúsund krónur hvor á sama uppboði, og segir Tryggvi það svipað verð og búast hafi mátt við. - bj

Ingólfur Sigurz, einn Brasilíufanganna þriggja, hlaut dóm í apríl síðastliðnum:

Sex ár og átta mánuðir fyrir hasssmygl

DÓMSMÁL Ingólfur Rúnar Sigurz, þrítugur Íslendingur sem handtekinn var í Brasilíu í ágúst í fyrra með tólf kíló af hassi, var af þarlendum dómstóli dæmdur í fangelsi í sex ár og átta mánuði hinn 13. apríl síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins bíður hann nú niðurstöðu yfirdómstóls í landinu.

Ingólfur var handtekinn við reglubundið eftirlit þegar hann kom á Guarulhos-flugvöllinn við São Paulo frá Amsterdam 20. ágúst. Við gegnumlýsingu fundust í farangri hans 12,2 kíló af hassi og í kjölfarið fjórar e-töflur. Refsiramminn fyrir brot sem þetta í Brasilíu er fimm til fimmtán ár. Hann þarf einnig að greiða tæplega sextíu þúsund krónur í sekt í formi 140 daga hegningarvinnu á 1/30 af lágmarkslaunum. Í ljósi alvarleika brotsins þarf Ingólfur að sitja af sér minnst þriðjung refsingarinnar.

Ingólfur játaði smyglið við yfirheyrslur og var það metið honum til refsilækkunar. Í dómnum kemur fram að Ingólfur hafi sagt ferðina þá fyrstu sem hann hafi farið til Brasilíu. Hann hafi greitt fimm þúsund dali fyrir efnið í Amsterdam og ætlað að selja það upp á eigin spýtur. Hann hefði engan tengilið í Brasilíu.

Ólíklegt er að þessi saga Ingólfs standist, miðað við það sem fram kemur í umfjöllun Fréttablaðsins um Brasilíufangana í dag. Líklegt er að smyglið sé þaulskipulagt af íslenskum glæpamönnum.

- kóþ / - sh / sjá síðu 14

Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

SPURNING DAGSINS

Rannveig, ætlið þið að breyta nafninu í Reykjarsúlan?

„Aldrei að vita."

Engan sakaði þegar eldur kom upp í hvalaskoðunarskipinu Hafsúlunni á sunnudag. Rannveig Grétarsdóttir er eigandi skipsins.

Raphael Wechsler, stundakennari við Háskólann í Reykjavík, gaf launin sín:

Lét launin renna til veikra barna

GÓÐGERÐAMÁL „Þetta hefur mjög mikla þýðingu fyrir okkur og er okkur mikils virði. Við erum hreinlega í skýjunum," segir Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna, en félagið fékk mikinn glaðning á dögunum frá Raphael Wechsler, stundakennara við Háskólann í Reykjavík.

Wechsler kennir alþjóðafjármál og í vetur þegar áfanginn hófst sagði hann nemendum sínum að hann hygðist láta öll launin sem hann fengi fyrir námskeiðið renna til góðgerðamála. Þrír efstu nemendur námskeiðsins, þau Elín Guðlaug Stefánsdóttir, Kjartan Jónsson og Kristinn Björn Sigfússon, fengu að ráða hvaða góðgerðasamtök fengju peningana og urðu Einstök börn og Barnaspítali Hringsins fyrir valinu.

LAUNIN GEFIN Þremenningarnir voru viðstaddir þegar Wechsler afhenti Auði Ragnarsdóttur, deildarstjóra Barnaspítala Hringsins, og Ester Guðmundsdóttur, frá Einstökum börnum, peningana.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Wechsler sagði í samtali við Fréttablaðið í apríl að hann vildi með þessum hætti skila einhverju til samfélagsins og láta gott af sér leiða. Elín, sem er ein þeirra þriggja sem fengu að velja samtök, segir að þessi ákvörðun Wechslers sé öllum nemendunum góð hvatning og hún vonar að aðrir taki Wechsler sér til fyrirmyndar. Hún segir að þremenningarnir hafi ekki átt erfitt með að velja samtök enda hafi þau öll verið sammála um að peningarnir ættu að nýtast í þágu barna.

Wechsler gaf öll launin sem hann fékk fyrir kennsluna en upphæðin nam um 650 þúsund krónum eftir skatt. - þo

Ríkið stefnir landeigendum:

Vill hnekkja óbyggðaúrskurði

DÓMSMÁL Ríkið hefur höfðað mál til að freista þess að hnekkja úrskurði óbyggðanefndar í tveimur málum. Málin voru tekin fyrir í héraðsdómi í gær. Tekist er á um land í Esjuhlíðum, sem er meðal annars í eigu Reykjavíkurborgar og land Ingunnarstaða í Brynjudal í Kjós.

Óbyggðanefnd hafnaði kröfum ríkisins um að hluti landareignanna yrði úrskurðaður þjóðlendur og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri munur á þeim svæðum sem ríkið krafðist og öðrum svæðum, að sögn Páls Arnórs Pálssonar, lögmanns Reykjavíkurborgar og hluta landeigenda. - bj

Freysteinn Jónsson látinn

Freysteinn Jónsson Vagnbrekku í Mývatnssveit er látinn. Freysteinn var elstur íslenskra karlmanna, fæddur 17. maí 1903.

Freysteinn bjó alla sína ævi í Mývatnssveit, lengst í Vagnbrekku, og stundaði þar búskap, en síðustu þrjú árin dvaldi hann á hjúkrunarheimilinu Seli á Akureyri. Hann lést síðastliðinn sunnudag.

Freysteinn var kvæntur Helgu Hjálmarsdóttur og áttu þau fjögur börn. Barnabörnin eru 14 og barnabarnabörnin 19.

Freysteinn var gerður að heiðursborgara Skútustaðahrepps á 104 ára afmælinu í maí síðastliðnum.

Lést í vinnuslysi

Maðurinn sem lést þegar hann féll milli hæða í stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal í fyrradag var portúgalskur og hét Fernando Teixera de Oliviera. Hann var fimmtugur.

Oliviera hafði starfað hérlendis frá því í september síðastliðnum. Hann var kvæntur og lætur eftir sig tvö uppkomin börn.

DÓMSMÁL

Sendi hass í hátölurum

Maður hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að senda hingað til lands ríflega 112 grömm af hassi frá Portúgal. Hassið faldi hann í tveimur tölvuhátölurum.

Þriggja ára biðlistum eytt á tveimur árum

147 milljónum verður varið til að eyða biðlistum á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. 250 börn bíða þjónustu og getur biðin tekið þrjú ár. Ný stöðugildi verða stofnuð og viðbótarhúsnæði leigt. Ekki er hægt að vinna verkið á skemmri tíma.

HEILBRIGÐISMÁL „Það var ekki hægt að búa við þetta lengur," segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra en ríkisstjórnin samþykkti í gær aðgerða- og kostnaðaráætlun sem miðar að því að eyða biðlistum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

250 börn bíða eftir þjónustu og getur biðin tekið allt að þremur árum. Stefnt er að því að eyða biðlistunum á næstu tveimur árum. Að þeim tíma loknum á Greiningarstöðin að geta hagað starfsemi sinni þannig að ekki hlaðist upp biðlistar.

„Ég fagna þessu mjög enda mál sem ég setti í algjöran forgang," segir Jóhanna.

Átak til að eyða biðlistum kostar 147 milljónir króna og verður peningum varið til að ráða starfsfólk í ellefu og hálft stöðugildi og leigu á viðbótarhúsnæði.

Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar, gleðst yfir ákvörðun ríkisstjórnarinnar og segir fjárveitinguna ekki sýndarfjárveitingu til að ná niður biðlistum; þvert á móti geri hún stöðinni kleift að vanda vel til verka og veita eftirfylgni með ráðgjöf og öðru. Starfsemin felist ekki bara í greiningu heldur margþættri þjónustu og hana fái börnin á biðlistunum, eins og aðrir skjólstæðingar Greiningarstöðvarinnar.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

STEFÁN J. HREIÐARSSON

GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐ RÍKISINS Tilvísunum til stöðvarinnar hefur fjölgað á síðustu árum. Árið 2000 voru þær tæplega 200 en fimm árum síðar næstum 300.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Stefán er bjartsýnn á að hægt verði að manna nýju stöðurnar þótt það kunni að verða einhverjum erfiðleikum bundið. Leit að sérfræðingum sé þegar hafin.

Stofnuð verða þrjú teymi sem í verða sálfræðingur, barnalæknir, félagsráðgjafi og þroskaþjálfi sem hafa aðgang að talmeinafræðingi, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara og sérfræðingi í einhverfugreiningu.

Stefán segir ekki unnt að vinna úr biðlistunum á skemmri tíma en tveimur árum. „Börnunum verður ekki hrúgað inn og svo bara greint og greint. Þjónustan er margþætt og margir koma að henni."

bjorn@frettabladid.is

GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐ RÍKISINS

Greiningarstöðin þjónar fötluðum börnum og ungmennum á öllu landinu og er aðalhlutverk hennar athugun og greining ásamt ráðgjöf um þjálfun og meðferð. Stöðin sinnir líka rannsóknum, skráningu og fræðslu.

Starfsmenn Greiningarstöðvarinnar eru um 50 og er 280 milljónum varið til hennar á fjárlögum 2007.

Barna- og unglingageðdeildin:

Aðgerðaáætlun kynnt bráðlega

HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir að aðgerðaáætlun vegna málefna Barna- og unglingageðdeildar Landspítala verði opinberuð á næstu vikum.

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Deildin hefur glímt við hliðstæðan vanda og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins; of fátt starfsfólk og því langa biðlista.

„Það var eitt af mínum fyrstu verkum sem ráðherra að hefja undirbúning að vinnu vegna BUGL og ég hef þegar kynnt vinnutilhögunina í ríkisstjórn. Nánari útfærsla verður kynnt á næstu vikum." - bþs

Kona á fimmtugsaldri:

Vopnum búin með fíkniefni

DÓMSMÁL Kona á fimmtugsaldri hefur verið dæmd í Héraðsdómi Suðurlands í 163 þúsund króna sekt fyrir að hafa fíkniefni í fórum sínum. Einnig fann lögregla við húsleit hjá henni kaststjörnu, kasthníf, stunguvopn og bitvopn með 19 sentimetra löngu blaði. Konan var því einnig sakfelld fyrir brot á vopnalögum.

Konan neitaði fyrir dómi að eiga fíkniefni, amfetamín og kannabisefni, sem fundust heima hjá henni. Þá kvaðst hún hafa keypt hnífana að ósk sonar síns, sem minjagripi til að setja upp á vegg.

Dómurinn taldi ábyrgðarhluta að afhenda þau vopn sem lögð voru fram tíu ára barni, enda stórhættuleg væri þeim beitt. -jss

BÍLL DAGSINS
NISSAN PATROL 3.0 ELEGANCE
Nýskr. 04.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 34 þús. km.

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Flóðin á Englandi í rénun er dregur úr úrkomu:

Þrír menn fórust í flóðunum

ENGLAND, AP Íbúar í borgum og bæjum víðs vegar um England voru í gær í óða önn að dæla upp úr kjöllurum og losna við vatnselginn af götum og torgum eftir að úrhellisrigningar ollu skaðræðisflóðum sem urðu þremur mönnum að fjörtjóni.

Yfirvöld vöruðu þó við því að hætta af völdum vatnsveðursins væri ekki liðin hjá. Í bænum Rotherham, 275 km norður af Lundúnum, hvöttu yfirvöld íbúa húsa í grennd við Ulley-stífluna til að yfirgefa þau í varúðarskyni, þar sem sprungur hefðu myndast í stífluveggnum við skyndilega yfirfyllingu forðalónsins og verkfræðingar teldu verulega hættu á að stíflan brysti.

Í Sheffield, þar sem aldrei hefur rignt eins mikið á eins stuttum tíma síðan mælingar hófust, eyddu hundruð íbúa nóttinni í bráðabirgðaskýlum. Fjórtán ára drengur og 68 ára karlmaður drukknuðu í flóðinu í Sheffield. Stór hluti borgarinnar var rafmagnslaus og talsmenn borgaryfirvalda sögðu tjónið geta numið andvirði hundruða milljóna króna.

Á FLOTI Íbúar bæjarins Beverley í Jórvíkurskíri vaða elginn á götu í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í útgerðarbænum Hull fórst 28 ára gamall karlmaður er hann festist í niðurfalli, sem ekki tókst að losa hann úr þrátt fyrir tilraunir björgunarliðs. - aa



ENNEMM / SIA / NM28090

GENGIÐ 26.06.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,84	63,14
Sterlingspund	125,57	126,19
Evra	84,52	85 84
Dönsk króna	11,357	11,423
Norsk króna	10,546	10,608
Sænsk króna	9,105	9,159
Japanskt jen	0,5108	0,5138
SDR	95,07	95,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 115,0599

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþýðusambandið lýsir áhyggjum af fyrirhuguðum fríverslunarsamningi við Kína:

Mikilvægt að gæta að mannréttindum

UTANRÍKISMÁL „Við viljum að minnsta kosti að tekið sé tillit til allra skuldbindinga okkar varðandi mannréttindi launafólks og almennings," segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambandsins, sem í gær lýsti áhyggjum sambandsins af fyrirhuguðum fríverslunarsamningi Íslands og Kína fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra.

Grétar segir fríverslunarsamning ekki endilega þurfa að vera slæman en verkalýðshreyfingin á alþjóðavísu hafi verið gagnrýnin á ástand mannréttinda í Kína. Því sé mikilvægt að búa svo um hnúta að í fyrirhuguðum samningi sé fjallað um mannréttindamál.

GRÉTAR ÞORSTEINSSON forseti ASÍ segir mikilvægt að fjallað sé um mannréttindi í fyrirhuguðum fríverslunarsamningi Íslands og Kína.

Verkalýðshreyfingin í Kína er að sögn Grétars hluti af Kommúnistaflokknum og því í erfiðri aðstöðu til að gagnrýna eigin stjórnvöld.

Grétar segir fundinn með ráðherra hafa verið ágætan og vonast til að tillit verði tekið til athugasemda ASÍ við samningsgerðina, sem virðist skammt á veg komin.

„Það virðist ekkert liggja fyrir um innihald fyrirhugaðs samnings en við munum hittast aftur síðsumars. Þá getum við með markvissari hætti komið athugasemdum okkar á framfæri," segir Grétar Þorsteinsson. - bþs

Tannlæknar semja við TR:

Börn fá fría forvarnarskoðun

HEILBRIGÐISMÁL Rösklega 200 tannlæknar hafa gerst aðilar að samningi við Tryggingastofnun (TR) sem tryggir forvarnarskoðun þriggja til tólf ára barna foreldrum að kostnaðarlausu. Þetta eru um 90 prósent tannlækna sem sinna börnum, samkvæmt tilkynningu frá TR. Forsenda þess að skoðunin sé foreldrum að kostnaðarlausu er að skráning tannheilsu fylgi reikningi frá tannlækninum, og að viðkomandi tannlæknir sé aðili að samningnum.

Sjá má lista yfir tannlækna sem gerst hafa aðilar að samningnum á vef Tryggingastofnunar, tr.is. - bj

Mæla með miklum samdrætti í þorski

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tekur undir sjónarmið um verulegan niðurskurð í veiðum á þorski. Vestfirðir munu verða verst úti vegna skerðingar. Aðstoða verður þau sveitarfélög sem háðust eru þorskveiðum og vinnslu.

SJÁVARÚTVEGUR Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að draga stórlega úr þorskveiðum. Stofnunin mælir með meiri niðurskurði aflaheimilda en Hafrannsóknastofnun hefur gert tillögu um á næsta fiskveiðiári. Verði farið að tillögum Hafrannsóknastofnunar næst tiltölulega fljótt að byggja upp stofninn. stofnunin kynnti skýrslu um þjóðhagsleg áhrif aflareglu í gær, en hún er unnin fyrir sjávarútvegsráðherra.

Núgildandi aflaregla er langt frá því að vera þjóðhagslega hagkvæm, að mati stofnunarinnar. Verði henni fylgt mun umtalsverðum efnahagslegum bata verða fórnað, biðtími eftir auknum þorskafla verður langur og talsvert meiri áhætta tekin um viðkomu stofnsins.

Ragnar Árnason, stjórnarformaður Hagfræðistofnunar, segir að kjarni málsins sé sá að miðað við þá þekkingu sem fyrir er, bæði fiskifræðilega og hagfræðilega, sé óskynsamlegt að veiða þorsk á næsta ári samkvæmt gildandi aflareglu. „Gildandi aflaregla segir að veiða skuli 178 þúsund tonn. Það finnst okkur of mikið og verulega áhættusamt að veiða það magn. Ef við ættum að hámarka hagnað af fiskveiðunum til framtíðar þá ættum við ekki að veiða neitt. Ef við tökum tillit til byggðasjónarmiða þá ættum við að veiða eins lítið og við mögulega komust af með." Ragnar segir að ef ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar verði fylgt sé það nokkuð örugg leið til að stofninn verði byggður upp og líkur á aflahruni mjög litlar.

AF MIÐUNUM Skýrsla Hagfræðistofnunar og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar mæla með að stórlega verði að draga úr þorskveiðum. Áhrifin verði tímabundin en sársaukafull fyrir margar byggðir landsins, einkum á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Hagfræðistofnun telur að 130 þúsund tonna þorskveiði þýði 0,5 til eitt prósent samdrátt í þjóðarframleiðslu á næsta ári. „Hins vegar þurfum við að bíða lengur eftir verulega góðum þorskafla miðað við ef við gengjum lengra," segir Ragnar.

Skýrslan felur ekki í sér neinar tillögur heldur er hún mat á mismunandi leiðum til að hámarka þjóðhagslegan ávinning af þorskveiðum til lengri tíma. Fram kemur að niðurskurður á þorskkvóta muni koma harðast niður á Vestfjörðum þar sem 40 prósent heildarverðmætasköpunar er vegna sjávarútvegs. Hagfræðistofnun mælir með að ríkisvaldið grípi til sértækra aðgerða vegna tímabundins samdráttar. Aðstoða verði fyrirtæki og sveitarfélög sérstaklega sem eru háð þorskveiðum og vinnslu, lækka beri veiðigjald tímabundið og hnika til opinberum framkvæmdum.

svavar@frettabladid.is

Á SNÆFELLSNESJÖKLI Blíðskaparveður var og heiðskír himinn á Snæfellsnesjökli á Jónsmessunótt.

MYND/GUÐRÚN LÁRA PÁLMADÓTTIR

Vélsleðamenn á Snæfellsjökli:

Skildu bjórdósir eftir á toppnum

ÚTIVIST Vélsleðafólk skildi eftir sig bjórdósir á toppi Snæfellsjökuls á Jónsmessunótt. Bjórdósirnar blöstu við 60 manna ferðahópi sem gekk á jökulinn á laugardagskvöldið á vegum þjóðgarðs Snæfellsjökuls. Var þetta að sögn hið eina sem skyggði á ánægju göngugarpanna.

Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður segir að þetta sé ekki vanalegt. „Nei, við verðum ekki mikið vör við slæma umgengni uppi á fjöllum. Það er yfirleitt góð umgengni í þjóðgarðinum," segir hún. - pal

EVRÓPURÁÐIÐ

Fundað um leynivarðhald

Á fundi Evrópuráðsins, sem hófst á mánudag og lýkur á föstudag, er rætt um skýrslu svissnesks þingmanns um leynilegt gæsluvarðhald bandarískra stjórnvalda á meintum hryðjuverkamönnum í Pólandi og Rúmeníu. Fundinn sitja fyrir Íslands hönd þingmennirnir Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ellert B. Schram og Steingrímur J. Sigfússon.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Einn slasaðist í árekstri

Einn var fluttur á slysadeild eftir harðan árekstur tveggja bíla á gatnamótum Sæbrautar og Laugarnesvegar um miðjan dag í gær. Maðurinn var ekki alvarlega slasaður en báðir bílarnir voru óökufærir eftir slysið.

Banaslysið í Fljótsdalsstöð:

Öryggi var ekki nægt í stöðinni

SLYS Öryggisráðstafanir í Fljótsdalsstöð Kárahnjúkavirkjunar voru ófullnægjandi þegar portúgalskur starfsmaður lést þar í slysi í fyrradag. Þetta fullyrðir Kristinn Tómasson, læknir Vinnueftirlitsins, sem fór ásamt öðrum starfsmönnum stofnunarinnar og kannaði aðstæður í stöðinni í gær.

Þegar slysið varð var verið að hífa stykki milli hæða í stöðinni. Vinna við slíka verkþætti hefur nú verið stöðvuð þar til öryggisráðstafanir hafa verið endurskoðaðar. - sh

SKRAUTLEGUR FUGL Öndin hafði það náðugt á Narfastöðum í tvær vikur en er nú flogin á aðrar slóðir.

MYND/GAUKUR HJARTARSON

Sjaldséður gestur:

Mandarínönd í Reykjadal

NÁTTÚRA „Það var virkilega gaman að sjá þennan fugl enda er hann sérstaklega skrautlegur," segir Gaukur Hjartarson fuglaáhugamaður sem náði þessari fallegu mynd af mandarínönd sem gerði sig heimakomna við bæinn Narfastaði í Reykjadal í vor.

Gaukur telur að fuglinn hafi villst hingað frá Bretlandseyjum en mandarínendur eiga uppruna sinn í Asíu.

Mandarínendur eru sjaldséðir gestir á Íslandi en skömmu eftir að spurðist til andarinnar við Narfastaði skutu tvær endur upp kollinum á Höfn í Hornafirði. - þo

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

MIINNI SÓL Í DAG Það er að sjá áframhald á þessum norðanáttum, þ.e. í dag og á morgun. Vindurinn verður áfram einna stífastur austan til á landinu eða allt að 15 m/s á annesjum eystra en víðast annars staðar verður vindhraðinn skaplegri. Það lægir þó heldur á morgun. Það verður almennt ekki sólríkt á landinu í dag, þó sólin gæti reyndar potað sér niður vestast á landinu. Það léttir svo til syðra á morgun.

REYKJAVÍK Í DAG Norðan eða norðvestan 5-10 m/s. Skýjað með köflum. Hiti 10-13 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



Norðan 5-10 m/s

» föstudagur



Hæg, breytileg átt, úrkomulítið.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C	skúrir	London	17°C	skúrir	Friedrichshafen	14°C skúrir
Billund	14°C	rigning	París	17°C	skúrir	Basel	16°C rigning
Osló	16°C	rigning	Eindhoven	14°C	skúrir	Alicante	26°C hálfskýjað
Stokkhólmur	22°C	skúrir	Frankfurt	15°C	skúrir	Algarve	24°C hálfskýjað
Gautaborg	20°C	skúrir	Berlín	15°C	rigning	Las Palmas	24°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Íþróttabandalag Reykjavíkur og Reykjavíkurborg

þakka samstarfsaðilum, gestum og öllu því duglega fólki sem kom að framkvæmd Alþjóðaleika ungmenna.

KJÖRKASSINN

Varst þú fastur í umferð á sunnudag?

Já	16%
Nei	84%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ríkið að taka þátt í kostnaði við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu?

Segðu þína skoðun á visir.is

CIA birti í gær skjöl um misferli hjá stofnuninni á áttunda áratugnum:

Hulu svipt af leyniskjölum CIA

WASHINGTON, AP Leyniþjónusta Bandaríkjanna, CIA, birti í gær 693 blaðsíður af leyniskjölum um misferli hjá CIA sem voru skráð í kjölfar hneykslis á miðjum áttunda áratugnum eftir að upp komst um njósnir stofnunarinnar innanlands.

Meðal þess sem lesa má um í skjölunum eru áætlanir um að myrða erlenda leiðtoga á borð við Fídel Kastró á Kúbu, tilraunir gerðar á óbreyttum borgurum að þeim óafvitandi með lyf á borð við LSD sem breyta hugsun og hegðun, hleranir hjá bandarískum blaðamönnum, njósnir um mannréttindafrömuði og baráttufólk gegn Víetnamstríðinu, bréf sem fóru á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og Kína voru opnuð, brotist var inn á heimili fyrrverandi starfsmanna CIA og fleira.

„Þetta eru æðstu stjórnendur CIA sem setjast í skriftastólinn og segja: Fyrirgefðu mér faðir, því ég hef syndgað," sagði Thomas Blanton, yfirmaður Þjóðaröryggisskjalasafnsins, sem óskaði eftir því að skjölin yrðu birt með vísan til upplýsingalaga.

Árið 1974 fletti blaðamaður ofan af innanlandsnjósnum CIA. Í kjölfarið skipaði yfirmaður CIA, James Schlesinger, starfsmönnum að greina honum frá öllum fyrri eða yfirstandandi vafasömum aðgerðum. Afraksturinn sést á þessum 693 blaðsíðum.

JAMES SCHLESINGER, FYRRVERANDI FORSTJÓRI CIA Hneyksli sem komu upp á áttunda áratugnum leiddu til þess að nýjar reglur voru settar fyrir CIA, FBI og aðrar njósnastofnanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

- sdg

Hrinti Íslendingi fyrir lest:

Sakfelldur fyrir að stofna lífi í mikla hættu

DÓMSMÁL Tuttugu og sjö ára Dani, Jonatan Falk, sem hrinti heimilislausa Íslendingnum Haraldi Sigurðssyni fyrir lest í Kaupmannahöfn síðasta sumar, var í gær sýknaður af ákæru um manndrápstilraun. Hann var hins vegar fundinn sekur um að hafa stofnað lífi Haraldar í mikla hættu.

Falk játaði að hafa hrint Haraldi, en neitaði að hafa ætlað að ráða honum bana. Hann hefur sótt tíma hjá sálfræðingi í kjölfarið atburðarins og mun nú iðrast gerða sinna mjög. **- sh**

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar garðplöntur

ÍSLENSKA SIA IS SGB 38165 06/06

Sundlaugar geta verið hættulegir leikvellir

Sex ára dreng var bjargað frá drukknun í sundlaug Akureyrar á mánudaginn var. Forstöðumaður forvarnahússins hefur áhyggjur af fjölda alvarlegra slysa í sundlaugum og vill að gerð verði úttekt á öllum sundstöðum landsins.

SLYS „Ég hef af þessu þungar áhyggjur því svo virðist sem alvarlegum slysum í sundlaugum fari fjölgandi," segir Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Sjóvár - forvarnahússins.

Á undanförnum misserum hafa orðið nokkur slys á sundstöðum þar sem börn hafa verið hætt komin. Fimmtán ára drengur liggur enn þungt haldinn á Landspítalanum eftir slys í Kópavogslaug í lok apríl. Þá var lífi blásið í tveggja ára stúlku í sundlauginni á Lágafelli í Mosfellsbæ í lok maí og átta ára gömul stúlka var hætt komin í Nauthólsvík í byrjun júní. Á mánudag fannst síðan sex ára drengur meðvitundarlaus á botni Sundlaugar Akureyrar. Hann dvelur enn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri en er á batavegi. Öll þessi óhöpp hafa átt sér stað á stórum og fjölsóttum sundstöðum þar sem eftirlit er gott.

„Mér reiknast svo til að á síðustu þremur árum hafi komið upp að minnsta kosti sjö tilfelli þar sem börn hafa verið nær drukknuð. Á tímabilinu 1995 til 2004 voru slík tilfelli um tuttugu talsins og hafði þá fækkað verulega frá því á árunum 1983 til 1994. Ef fram fer sem horfir mun þeim hins vegar fjölga á ný," segir Herdís.

Herdís situr í nefnd menntamálaráðuneytisins um öryggismál íþróttasvæða og segir að strangar reglur gildi um öryggi á sundstöðum. Það sé hins vegar áhyggjuefni hve víða reglurnar eru virtar að vettugi og sundstaðir fái starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu jafnvel þótt ýmsu sé ábótavant.

„Í mörgum sundlaugum er eftirlitið til fyrirmyndar. Þessi mál þurfa hins vegar að vera í stöðugri endurskoðun og það þyrfti að gera almennilega úttekt á öllum sundstöðum á landinu. Ég furða mig á því hvers vegna slíkt hefur ekki verið gert," segir Herdís og bætir því við að þegar alvarleg slys verði í sundlaugum þurfi einnig að draga menn til ábyrgðar.

HÆTTULEGUR LEIKVÖLLUR Það er gaman í sundi en þar geta líka orðið skelfileg slys. Frá því í apríl hafa þrjú börn verið endurlífguð eftir slys í sundlaugum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Löggjafinn verður að fylgja þessum reglum eftir. Af hverju eru slysin ekki rannsökuð betur og einhverjir dregnir til ábyrgðar?" segir Herdís og bendir á að börn séu fyrst og fremst á ábyrgð foreldra sinna og það þurfi að brýna fyrir foreldrum að líta ekki af þeim eitt andartak. **thorgunnur@frettabladid.is**

BLÉS LÍFI Í LITLA DRENGINN

„Við hjónin vorum nýkomin í laugina þegar ég sá strákinn liggja á botninum," segir Jón Knutsen, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður á Akureyri, sem kom drengnum til bjargar og blés í hann lífi ásamt konu sinni, Jónu Birnu Óskarsdóttur hjúkrunarfræðingi.

„Drengurinn var alveg líflaus þegar við tókum hann upp en hann komst fljótt til meðvitundar og byrjaði að umla," segir Jón sem telur að drengurinn hafi ekki legið lengi á botninum. „Við uppgötvuðum þetta þrjú á sama tíma: ég, sundlaugarvörður í turninum og lítil stúlka sem lét annan sundlaugarvörð vita. Öll viðbrögð voru eins og þau áttu að vera og viðbragðsáætlun laugarinnar gekk upp," segir Jón sem er sérfræðingur í sundlaugarbjörgun og sér um þjálfun starfsfólks sundlaugarinnar á Akureyri.

Drengurinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og að sögn læknis þar bendir ekkert til annars en að hann muni ná sér að fullu.

Smart og létt á fæti
heilsteypt glös á tilboðsverði

Þórunn Helga Kristjánsdóttir,
sölumaður hjá RV

Á tilboði í júní 2007
heilsteypt rauðvínsglös, hvítvínsglös, bjórglös, kampavínsglös og sérríglös

Tilboðið gildir út júní 2007 eða meðan birgðir endast.

1.925 kr.
12 stk.
Imperial 42 cl rauðvínsglös

854 kr.
6 stk.
Maldive 36 cl bjórglös

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6236A

Umferðarstíflan á sunnudaginn vekur upp spurningar um rýmingu borgarinnar:

Einstefnuakstur mögulegt úrræði

ALMANNAVARNIR Framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar telur ekki ástæðu til að tala um hugsanlegt neyðarástand þótt rýma þyrfti Reykjavíkurborg á skömmum tíma.

Á sunnudaginn var stífluðust tvær af þremur helstu leiðunum til borgarinnar, þegar Reykvíkingar sneru aftur úr helgarferðum.

„Hugsaðu þér neyðarástand í höfuðborginni. Þetta gæti verið í hina áttina. Þá yrðu flóttaleiðir úr borginni stíflaðar," sagði Marínó Tryggvason hjá Speli þá í samtali við Fréttablaðið.

Viðmælendur eru sammála um að umferðaræðar höfuðborgarinnar anni ekki miklu álagi og að lítið þurfi að bera út af til að þær stíflist. Margir nefna lagningu Sundabrautar sem nauðsynlega viðbót við svonefndar flóttaleiðir.

Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar, segir að ekki hafi verið gert sérstakt hermilíkan til að rýma borgina. Hins vegar sé ýmislegt til ráða. „Ef rýma þyrfti höfuðborgina þá hefur lögreglan ýmis úrræði til að grípa inn í og hún myndi gera það í mun ríkari mæli en hún gerði á sunnudaginn," segir hann og nefnir sem dæmi að breyta vegunum í einstefnugötur.

„Þá mætti nýta báðar akreinar í eina átt og þá kæmi enginn inn í bæinn nema björgunaraðilar."

Jón Viðar segir þó ástæðu til að huga að gerð nefnds hermilíkans. **- kóþ**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

UMFERÐARSTÍFLA Í REYKJAVÍK Ef rýma þyrfti borgina á skömmum tíma væri eitt af úrræðum lögreglu að breyta flóttaleiðum úr borginni í einstefnugötur.

Þriggja laga kerfi 66° Norður

66°Norður notar þriggja laga kerfi þar sem hver flík hefur ákveðinn tilgang. Notandinn getur því raðað saman flíkum eftir mismunandi veðurskilyrðum.

Grunnlag

Innsta efnið dregur í sig raka frá líkamanum og færir hann frá húðinni. Þetta dregur úr kælingu, eykur þægindi og líkaminn helst þurr við erfiðar aðstæður.

Miðlag

Flísefnið er helsta einangrunin. Það er til í mörgum þykktum og gætt ýmsum eiginleikum.
Flísfatnaður er einnig tilvalinn til daglegrar notkunar.

Skel

Ysta lag fatnaðarins er helsta vörnin gegn veðri og vindum.
Þessar flíkur eru notaðar yfir flísið og eru regn- og vindheldar. Hægt er að velja ólík efni eftir því sem aðstæður krefjast. Háþróuð efni með góða vatnsheldni og öndun gefa notandanum yfirhöndina við íslenskar aðstæður.

Frekari upplýsingar og ráðgjöf um þriggja laga kerfið veita starfsmenn í verslunum okkar.

Fatnaður á mynd
Innsta lag: Básar ullarbolur (100% Merino ull), **Miðlag:** Tindur flíspeysa (Polartec WindPro flísefni), **Ysta lag:** Glymur jakki (eVENT öndunarefni).

Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð **og söluaðilar um land allt.**

www.66north.is

Klæddu þig vel

66° NORÐUR

VEISTU SVARIÐ?

1 *Í hvaða spili kepptu ungir sjálfstæðismenn í Hafnarfirði síðastliðinn laugardag?*

2 *Hvaða tvo leikmenn hefur knattspyrnuliðið Barcelona keypt undanfarna daga?*

3 *Hvað er Rimmugýgur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Hæstiréttur snýr dómi héraðsdóms um gæsluvarðhald yfir manni sem framdi rán í 10-11:

Framdi rán til að borga handrukkurum

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt mann, sem játað hefur ránstilraun í 10-11 verslun, til að sæta gæsluvarðhaldi til 3. ágúst. Héraðsdómur hafði áður hafnað gæsluvarðhaldskröfu lögreglustjórans í Reykjavík.

Ránstilraunin átti sér stað í verslun 10-11 að Dalvegi í Kópavogi aðfaranótt fimmtudagsins í síðustu viku. Maðurinn kom aftan að starfsstúlku í versluninni og reif í hægri handlegg hennar. Hann otaði hníf að andliti hennar, gekk með hana inn á skrifstofu verslunarinnar og tók þegar að reyna að opna peningaskápinn. Það tókst ekki og skipaði hann henni þá að opna skápinn. Í því tók bjalla að hringja í versluninni, styggð kom að ránsmanninum og hann hljóp út.

Stúlkan gat lýst manninum, sem var með svarta lambhúshettu með götum fyrir munnvik og augu. Hann ógnaði henni með hnífi sem var með löngu og breiðu blaði

Lögreglan handtók manninn skömmu síðar. Í yfirheyrslu játaði hann það sem honum var gefið að sök. Á flóttanum eftir ránstilraunina hafi hann hlaupið að Hlíðarhjalla 14 í Kópavogi og falið lambhúshettuna, hnífinn og gúmmíhanska sem hann var með þegar hann fór í verslunina. Hafi ástæða verknaðarins verið sú að hann skuldi handrukkurum peninga en honum og fjölskyldu hans hafi ítrekað verið hótað líkamsmeiðingum nýverið.

10-11 DALVEGI Verslunin þar sem maðurinn reyndi vopnað rán.

Í gæsluvarðhaldsdómi Hæstaréttar kemur meðal annars fram að tilraun til vopnaðs ráns geti varðað tíu ára fangelsi.

- jss

Nú er rétti tíminn til að kaupa SENTINEL garðtraktor

Á BETRA VERÐI!

12,5 ha Briggs & Stratton mótor
102 cm sláttubreidd, hliðarfrákast
5 hraða skipting.
169.000,-

15,5 ha Briggs & Stratton mótor
102 cm sláttubreidd, hliðarfrákast
vökvaskipting.
209.000,-

17 ha Briggs & Stratton mótor,
107 cm sláttubreidd, hliðarfrákast.
vökvaskipting
239.000,-

18 ha Briggs & Stratton mótor
107 cm sláttubreidd, hliðarfrákast
vökvaskipting.
279.000,-

18 ha garðtraktorinn
er með stýri á öllum
hjólum.

12,5 ha Briggs & Stratton mótor
76 cm sláttubreidd, afturkast
5 hraða skipting, grassafnari.
199.000,-

BRIGGS & STRATTON

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

SENTINEL

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Bretland tekur nýja stefnu

Gordon Brown tekur í dag við embætti forsætisráðherra Bretlands eftir tíu ára valdatíð Tonys Blair. Skoðanakannanir benda til að Bretar taki breytingunni vel.

BRETLAND, AP Nýr forsætisráðherra tekur við völdum í Bretlandi í dag: Gordon Brown, sem hefur heitið því að endurheimta traust almennings, endurskoða stefnuna í Íraksmálum og taka á hryðjuverkaógninni með nærgætnari hætti eftir áratugar valdatíð Tonys Blair.

Arftaka hins fjölmiðlavæna Blairs skortir útgeislun fyrirrennarans og það verður ekki hlaupið að því fyrir hann að hrista af sér þann flekk á orðstírnum að hafa þjónað í ríkisstjórn sem leiddi þjóðina inn í hið gríðarlega óvinsæla stríð í Írak.

En skoðanakannanir benda til að Verkamannaflokkurinn sé að njóta góðs af leiðtogaskiptunum. Í einni könnuninni mælist Verkamannaflokkurinn nú með meira fylgi en Íhaldsflokkurinn í fyrsta sinn síðan í október.

Flestir forsætisráðherrar fá að njóta eins konar pólitískra hveitibrauðsdaga. Fáir bjuggust þó við að hinn frekar ferkantaði fyrrverandi fjármálaráðherra hlyti mikla lýðhylli um leið og hann tæki við embætti. Sumir álitu leiðtogaskiptin jafnvel til þess fallin að gefa hinum unga og metnaðarfulla leiðtoga Íhaldsflokksins, David Cameron, aukin sóknarfæri.

Fram til þessa hefur Brown tekist að snúa þessum væntingum sér í hag með því að birta áform um breytta stefnu innanlands sem utan og setja með því eigið mark á forsætisráðherraembættið.

SÓPAÐ Í DOWNING-STRÆTI Tröppur bústaðar breska forsætisráðherrans sópaðar fyrir leiðtogaskiptin í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Embættismenn í Washington fullyrtu í gær að í dag yrði Blair formlega útnefndur sérlegur erindreki Kvartettsins svokallaða – Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Rússlands – sem vinnur að því að koma á friði fyrir botni Miðjarðarhafs.

audunn@frettabladid.is

IMPREZA SUBARU

150.000,-
SUMARTILBOÐ

JÖNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

SYMMETRICAL AWD

SUMARTILBOÐ: Bakkvörn, heilsársdekk og litaðar filmur í rúður fylgja með öllum Subaru Impreza í sumar.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri. - fös. 09:00 - 18:00, lau. 12: 00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 - 7940	Njarðvík 421 - 8808

Subaru Impreza á góðu verði í sumar

Beinskiptur Subaru Impreza Wagon 2.110.000,-

Sjálfskiptur Subaru Impreza Wagon 2.240.000,-

útsalan

hefst á morgun kl.10.00

BOSS
HUGO BOSS

BOSS | KONUR | MENN
KRINGLUNNI 533 4242

Siðanefnd presta úrskurðar í máli séra Hjartar Magna:

Braut ekki siðareglur

TRÚMÁL Séra Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur braut ekki gegn siðareglum Prestafélags Íslands með ummælum sem hann lét meðal annars falla í þættinum Kompási á Stöð 2.

Siðanefnd félagsins felldi úrskurð sinn síðastliðinn föstudag þar sem komist er að þessari niðurstöðu. Í úrskurðinum segir meðal annars að ummælin sem til tekin séu í kærunni snúi fyrst og fremst að skoðunum Hjartar á þjóðkirkjunni, hvergi beini hann spjótum að einstökum prestum.

Átta þjóðkirkjuprestar kærðu Hjört fyrir ummæli hans um þjóðkirkjuna. Töldu prestarnir þau brjóta gegn skyldum hans við starfssystkin og vandvirkni í störfum samkvæmt siðareglum.

HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON

Siðanefnd tekur undir með kærendum að Hjörtur kunni að hafa gengið of langt með einstökum ummælum, og að í gagnrýni hans á þjóðkirkjuna séu ýmsar rangfærslur, en segir reglur óbrotnar.

Hjörtur hafði ekki séð niðurstöðurnar þegar viðbragða var leitað í gær. **- bj**

HERJÓLFUR Áætlað var að ferjan færi tuttugu aukaferðir í sumar. Ferðirnar hafa ekki hafist sökum þess að samgönguráðuneytið hefur ekki gefið út heimild til Vegagerðarinnar til að semja við Eimskip.

Ná ekki saman um aukaferðir

Vegagerðin og Eimskip ná ekki samningum um verð á aukaferðum Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Ófremdarástand hefur skapast segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

SAMGÖNGUMÁL „Við höfum fengið tilboð frá Eimskip vegna þessara aukaferða en það hafa ekki náðst samningar um verð. Það ber mikið á milli,“ segir Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri um fyrirhugaðar aukaferðir Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Ákvörðun um fjölgun ferða var tekin fyrr í þessum mánuði vegna óska bæjaryfirvalda í Eyjum. Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði þá mikilvægt að ferðum yrði fjölgað án tafar. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu liggur fyrir ríkisstjórnarsamþykkt um 30 milljónir til verkefnisins.

Jón Rögnvaldsson segir það ekki vitað hvenær aukaferðir ferjunnar geti hafist. „Nú verður reynt til þrautar að semja og ef það tekst ekki er komin upp ný staða. Ef þetta tekur mikið lengri tíma þá verður tíminn fljótt liðinn sem þessar ferðir voru hugsaðar fyrir.“ Jón segir jafnframt að samkvæmt mati Eimskips séu aukaferðirnar mun kostnaðarsamari en venjulegar ferðir en hann vill ekki gefa upp rök Eimskips fyrir því.

Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips, segir að í kjölfar óska um viðbótarferðir hafi verið metið hvað þær kosta. Sú áætlun hafi verið send Vegagerðinni og nú sé beðið svars. „Það hefur komið fram að þessar ferðir eru dýrari en reiknað var með hjá ríkisstjórninni. Þeir hafa ekki forsendur til að meta þennan kostnað. Það vita það allir að það kostar mikið að halda úti svona rekstri allan sólarhringinn.“ Guðmundur vill ekki gefa upp áætlaðan kostnað fyrirtækisins á meðan samningar standa yfir við Vegagerðina. „Það liggur fyrir hvað þetta kostar og við verðum að fá það greitt. Málið er ekki flóknara en það.“

„Ástandið er algerlega óásættanlegt”, segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, um ferðir Herjólfs. „Í byrjun júní lásum við Eyjamenn í fjölmiðlum að ríkisstjórnin myndi verða við óskum okkar og fjölga ferðum yfir álagspunkta enda er það afar bagalegt að heimamenn geti ekki komist til og frá Vestmannaeyjum. Skerðing í ferðaþjónustu er einnig tilfinnanleg.“

Ríkisstjórnin tók ákvörðun fyrr í þessum mánuði um að fjölga ferðum með Herjólfi um tuttugu í sumar en hingað til hefur ferjan ekki farið neinar aukaferðir. Í fréttatilkynningu frá samgöngumálaráðuneytinu frá 12. júní kemur fram að kostnaður vegna áætlaðra aukaferða verði um 30 milljónir króna. Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði þá mikilvægt að geta orðið strax við þessari ósk Vestmannaeyinga.

svavar@frettabladid.is

SUMAR TILBOÐ!

BAÐ
INNRÉTTINGAR

NÝTT!

WLU 700

Svart háglans breidd: 155 sm
Einnig hvítt háglans og eik

Verð frá 98.340,- stgr.

NÝTT!

WLU 900

Hvítt háglans breidd: 175 sm
Einnig svart háglans og eik

Verð frá 105.710,- stgr

WLU 06A

Útlit eik eða hvítt breidd: 120 sm

Verð kr. 58,900,- stgr

NÝTT!

WLU 600

Eik og hvítt háglans breidd: 125 sm

Verð frá 87.480,- stgr

CT75

Hvítt háglans
breidd: 75 sm
Verð: kr. 44.900,- stgr.

CT55

Hvítt háglans
breidd: 55 sm
Verð: kr. 38.900,- stgr.

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Loka laugardaga Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

AGNARSMÁ Raia Kfeiri er aðeins 40 sentímetrar á hæð og 2,5 kíló að þyngd þótt hún sé sjö ára gömul. Raia, sem er með sjúkdóm sem hamlar vexti hennar, var aðeins 300 grömm þegar hún fæddist í Sýrlandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Starfsemi Alþjóðahúss eykst að umfangi ár frá ári:

Erindi hússins aldrei brýnna

SAMFÉLAGSMÁL „Við viljum frekar vera meira í fyrirbyggjandi starfsemi og minna í því að leysa úr vandamálum sem upp eru komin," segir Einar Skúlason framkvæmdastjóri um framtíðarsýn Alþjóðahússins.

Einar kynnti í gær ársskýrslu hússins og segir síðasta ár hafa verið metár í rekstri þess að öllu leyti. Erindi hússins sé brýnt og haldist í hendur við stækkandi samfélag innflytjenda á landinu.

Eftirspurn eftir túlkunarþjónustu Alþjóðahússins jókst til dæmis um 46,8 prósent milli áranna 2005 og 2006 og báðu alls 5.166 viðskiptavinir um slíka þjónustu í fyrra.

Einar segir þetta í samhengi við aukinn fjölda innflytjenda en einnig hefur hann orðið var við viðhorfsbreytingar í samfélaginu. „Í leikskólum þykir til dæmis mikilvægt að fá inn túlka svo foreldrar geti fylgst betur með," segir hann.

Starfsmenn hússins eru nú átján talsins og sinna ýmsum störfum. Rekstur hefur styrkst mikið síðustu ár og var húsið rekið með nærri fjögurra milljóna króna hagnaði í fyrra. Einar vill þó ekki meina að Alþjóðahúsið sé á leið á hlutabréfamarkaðinn. „Þetta snýst ekki um hagnað heldur heilbrigðan rekstur," segir hann. - kóþ

EINAR SKÚLASON Árið 2006 var metár fyrir Alþjóðahúsið. Ársskýrsla hússins var kynnt í gær á fundi á Hótel Reykjavík Centrum.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Strandgatan í Hafnarfirði:

Vilja byggja tvo níu hæða turna

HAFNARFJÖRÐUR Til stendur að reisa allt að níu hæða hús við Strandgötu 26-30 í Hafnarfirði, og hefur bæjarstjórn samþykkt að auglýsa breytt deiliskipulag á lóðinni.

Í tillögunni eru áætlanir um að reisa þriggja hæða verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhús með tveimur íbúðaturnum, hvorum um sig sex hæðum til viðbótar. Efri hæðir byggingarinnar verða inndregnar frá götunni til að halda götumyndinni.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri bæjarins til 20. júlí og er frestur til að gera athugasemdir til 3. ágúst. - bj

Fyrrverandi Frakklandsforseti:

Chirac vitni í sakarannsókn

FRAKKLAND, AP Jacques Chirac, fyrrverandi Frakklandsforseti, mun á næstu mánuðum þurfa að bera vitni í rannsókninni á spillingarhneykslismáli frá þeim árum sem hann var borgarstjóri í París og formaður gaullistaflokksins RPR. Lögmaður Chiracs staðfesti þetta í gær.

JACQUES CHIRAC

Rannsóknin snýst um það hverjir báru ábyrgð á því að starfsmenn RPR voru settir á launaskrá hjá borginni. „Gervistarfahneykslið" er sá baggi úr pólitískri fortíð Chiracs sem gæti reynst honum skaðlegastur nú þegar hann nýtur ekki lengur friðhelgi sem forseti. - aa

Telja enga ástæðu til að ganga að tilboði Landsvirkjunar um mótvægisaðgerðir vegna Urriðafossvirkjunar:

Líkur á virkjun hafa stórlega minnkað

VIRKJANIR „Það er ekki ofsagt að líkurnar á að Urriðafossvirkjun verði reist hafi minnkað eftir fundinn. Flestir þeir sem tóku til máls voru andstæðingar virkjunarinnar og ef fundurinn hefur haft áhrif þá er það í þá áttina," segir Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, eftir fjölmennan íbúafund um tvær tillögur að aðalskipulagi Flóahrepps. Tillögurnar voru eins að öllu leyti nema að önnur sýndi stíflumannvirki og lón Urriðafossvirkjunar ásamt svæðum fyrir vinnubúðir og þjónustumannvirki. Landsvirkjun vill ekki gefa upp mat sitt um áhrif fundarins á lokaniðurstöðu um virkjun.

Sveitastjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 13. júní að virkjunin yrði ekki sett á aðalskipulag því ekki væri nægilegur ávinningur af henni. Eftir þá ákvörðun átti Landsvirkjun fund með sveitarstjórninni og varð niðurstaðan að kynna tvær aðalskipulagstillögur, með og án Urriðafossvirkjunar.

Aðalsteinn segir ljóst eftir fundinn að þeim íbúum Flóahrepps sem tjáðu sig á fundinum finnst ekki „nokkur ástæða til þess að samþykkja Urriðafossvirkjun í skiptum fyrir þær mótvægisaðgerðir sem Landsvirkjun hefur boðið." Þar vísar Aðalsteinn til samningaviðræðna sem haldnar voru með fulltrúum sveitarstjórnar og Landsvirkjunar 15. júní síðastliðinn. Þá var rætt um samgöngur, ferðaþjónustu og vatnsvernd sem mótvægisaðgerðir á svæðinu. „Það sem Landsvirkjun hefur boðið okkur er í raun að flýta framkvæmdum sem ríkið á að sjá um í framtíðinni."

URRIÐAFOSS Í ÞJÓRSÁ Ljóst er að mikil andstaða er við virkjun hjá íbúum Flóahrepps. Líkur á virkjun hafa minnkað mikið eftir íbúafund á mánudag þar sem fjöldi fólks talaði gegn áætlunum Landsvirkjunar.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, vill ekki tjá sig um fundinn að öðru leyti en því að nú bíði Landsvirkjun ákvörðunar sveitarstjórnar Flóahrepps. Sveitarstjórnin mun funda í næstu viku og ákveða hvor tillagan að aðalskipulagi Flóahrepps verður lögð fram. Aðalsteinn segir að ekki sé búið að slíta viðræðum við Landsvirkjun. - shá

SANN LEIKUR!
Nissan Pathfinder Adventure er fullbúinn bíll*

* Nissan Pathfinder ADVENTURE SE
• 33" breyting
• Sérsmíðaðar álfelgur
• 7 manna
• Sjálfskipting
• 174 hestafla díselvél
• 3000 kg dráttargeta
• Cruise control
• Dráttarbeisli
• 6 diska CD spilari
• Húddhlíf
• Vindskeið
• Litað gler
• Regnskynjari
• Þokuljós
4.950.000 kr.

Ingvar Helgason

Fullkomnasti búnaður í heimi á Grensásdeild:

Vélmenni þjálfar

HEILBRIGÐISMÁL Sjóvá hf. færði endurhæfingardeildinni í Grensási byltingarkenndan endurhæfingarbúnað á dögunum. Gjöfin er sú stærsta sem borist hefur deildinni frá upphafi og þykir mikill fengur fyrir starfsemi hennar.

Búnaðurinn er tölvustýrt tæki til gönguþjálfunar sjúklinga með lömun í fótum. Notuð er göngumylla með upphengi og ganga sjúklingar með aðstoð vélmennis. Búnaðurinn gefur færi á mun meiri þjálfun og með auðveldari hætti en áður var hægt. Auk þess er hægt að hefja gönguþjálfun fyrr en ella.

- lbb

SJÓVÁ STYRKIR Gerth Larsen, Herdís Þórisdóttir sjúkraþjálfari og Sigrún Knútsdóttir yfirsjúkraþjálfari á Grensásdeild.

Tvítugur karlmaður dæmdur í 14 mánaða fangelsi :

Sparkaði og steig á höfuð fórnarlambs

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður, Sadun Lankathilaka, hefur verið dæmdur í 14 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellda líkamsárás. Hún leiddi meðal annars til þess að fórnarlamb hans hlaut dreift heilamar, sem leiddi næstum til bana.

Árásin átti sér stað í júní 2006 á Rauða ljóninu við Eiðistorg. Sadun var ákærður fyrir að hafa í átökum við annan mann slegið hann hnefahögg í höfuð, svo hann féll í gólfið. Þá sparkaði árásarmaðurinn og steig á höfuð og líkama hins með þeim afleiðingum að hann hlaut dreift heilamar, auk áverka á höfði og vinstri öxl.

Árásarmaðurinn játaði sök samkvæmt ákæru fyrir dómi, en bar við neyðarvörn. Dómurinn féllst ekki á þá staðhæfingu hans.

Sadun á að baki sakaferil vegna fíkniefnamála, hrað- og ölvunarakstus auk þess að hafa verið tekinn réttindalaus undir stýri. Þá hefur maðurinn verið dæmdur vegna þjófnaðarmála. Með afbrotinu nú rauf hann skilorð frá 5. desember á síðasta ári. Var sú skilorðsbundna refsiákvörðun tekin upp og felld inn í refsiákvörðunina nú.

Auk fangelsisvistarinnar var manninum gert að greiða rúm 900 þúsund í sakarkostnað. Upptæk voru gerð fíkniefni sem fundust við rannsókn málsins.

- jss

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

1. verðlaun í Þýskalandi
W2241WPS

vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223
- Verð frá kr. 78.540

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr.106.600

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Svona erum við
> Vísitala byggingarkostnaðar 2007



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: BANDARÍSKA VÍSINDAKIRKJAN

Mælir hreinsun verunnar með E-mæli

Vísindakirkjan hefur komist í hámæli eftir að nafntogaðasti safnaðarmaður hennar, kvikmyndastjarnan Tom Cruise, var úthrópaður í Þýskalandi fyrir að ætla að leika þýskan ofursta sem reyndi að stytta Adolf Hitler aldur.

Einn talsmaður Kristilega demókrataflokksins blandaði þá stofnanda kirkjunnar, Lafayette Ron Hubbard, í málið. Talsmaðurinn sagði Hubbard hafa aðhyllst alræðishyggju og gælt við hugmyndina um ofurmennið. Þá hugmynd kynnti heimspekingurinn Nietzsche og heillaði hún margan nasistann.

Um hvað snýst Vísindakirkjan?
Vísindakirkjan var stofnuð í Los Angeles árið 1952. Í henni munu vera um átta milljónir manna í yfir eitt hundrað löndum. Samkvæmt kenningum hennar er manneskjan hvorki hugur né líkami heldur eilíf andleg vera, með huga og í líkama.

Veran er í grunninn góð, en sársauki og ýmsir atburðir lífsins skilja eftir ör á undirvitundinni. Örin valda frávikum frá eðlilegu jafnvægi verunnar og eru undirrót vandamála hvers og eins.

Til að græða sár undirvitundarinnar fer safnaðarmaður í viðtöl þar sem hann er mældur með E-mælinum. Það tæki mælir rafsegulviðnám líkamans og segja kirkjunnar menn það mæla andlega vanlíðan. Mælirinn tekur eftir því þegar ör hinnar andlegu veru eru grædd.

Hvað er umdeilt við Vísindakirkjuna?
Meðal umdeildra kenninga innan kirkjunnar er sú að geimveran Xenu hafi heimsótt jörðina fyrir 75 milljónum ára. Xenu skildi eftir billjónir andlegra vera. Þær festa sig í mönnum, sem losna undan þeim með viðtölunum. Vísindakirkjumenn hafa margir mótmælt því að þessari kenningu sé haldið á lofti og segja hana afskræmingu á boðskap kirkjunnar.

Heimild: visindavefur.is, wikipedia.org

SPURT & SVARAÐ
KNATTSPYRNA KVENNA

Framar björtustu vonum

Margrét Lára Viðarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, hefur verið í sviðsljósinu undanfarið. Íslenska kvennalandsliðið hefur staðið sig frábærlega í undankeppni Evrópukeppninnar. Margrét fer ásamt vefnum Fótbolti.net fyrir átaki til að efla kvennaknattspyrnu á Íslandi.

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR
knattspyrnukona

Út á hvað gengur þetta verkefni?
„Það felst í því að ég fer um landið og heimsæki íþróttafélög þar sem ég hitti yngri flokka kvenna. Ég held fyrirlestur og æfingar fyrir stelpurnar, í samvinnu við félögin, þar sem farið er í gegnum metnað, sjálfstraust og markmið svo eitthvað sé nefnt."

Hvernig hafa viðbrögðin verið?
„Þetta er búið að ganga framar björtustu vonum. Við höfum fengið rosalega góðar undirtektir hjá íþróttafélögunum og stelpunum. Þetta er bara búið að vera frábært. Við erum með góða styrktaraðila, án þeirra væri þetta ekki hægt."

Jöfn skipti á hassi og kókaíni

Svo virðist sem Íslendingar stýri stórtæku skipulögðu fíkniefnasmygli um Brasilíu. Þrír menn eru þar í haldi eftir að hafa verið staðnir að inn- eða útflutningi fíkniefna til og frá landinu. Nánast sama verð er á hassi og kókaíni í Brasilíu.

Brasilískir dómstólar hafa á undanförnum mánuðum dæmt tvo Íslendinga fyrir fíkniefnasmygl í landinu. Í mánuðinum var þriðji Íslendingurinn handtekinn með meira en sex kíló af kókaíni.

Barnapúðrið varð honum til happs
Hlynur Smári Sigurðarson, 24 ára, var handtekinn fyrstur þremenninganna í byrjun júní í fyrra. Hann var tekinn á rútustöð norðarlega í landinu með tvö kíló af ætluðu kókaíni. Hann hugði þá á brottför úr landinu.

Hlynur var vistaður í fangelsi í bænum Pôrto Seguro og var í mars dæmdur í þriggja ára fangelsi. Það vildi honum til happs að hann var blekktur í viðskiptunum og reyndist meint kókaín vera barnapúður. Hann hlaut því vægustu mögulegu refsingu fyrir smyglið. Hann er þegar kominn á reynslulausn og farinn að kenna börnum ensku í samfélagsþjónustu. Að sögn föður hans er von á honum heim þegar líður á haustið.

Pôrto Seguro
HLYNUR SMÁRI SIGURÐARSON
Hlynur hefur dvalið stærstan hluta tíma síns í Brasilíu í útlendingafangelsinu í Porto Seguro. Hann segir dvölina þar skelfilega.

BELÉM II FANGELSIÐ Í SÃO PAULO
Þriðji fanginn hefur setið í Belém II fangelsinu síðan hann var handtekinn 6. júní.

GUARULHOS-ALÞJÓÐAFLUGVÖLLURINN VIÐ SÃO PAULO

Aðstæður í fangelsum hörmulegar
Hlynur Smári lýsti á sínum tíma hörmulegum aðstæðum í fangelsinu í Pôrto Seguro í viðtali við Fréttablaðið. Hann sagðist ganga þar um með tálgaðan tannbursta til að verjast árásum harðsvíraðra samfanga sinna, og viðurkenndi að hafa stungið einn þeirra í sjálfsvörn. Hann sagði fangana fóðraða á mygluðum matvælum og þeim væru gefin lyf, annars vegar til að sljóvga þá og hins vegar til að koma í veg fyrir nauðganir. Hann var fingurbrotinn vegna matarskuldar og komst ekki undir læknishendur dögum saman.

Skipta hassi á sléttu fyrir kókaín
Þrátt fyrir talsverða kannabisrækt er hass afar sjaldgæf munaðarvara í Brasilíu og víðar í Suður-Ameríku, og mjög dýr. Það er því engin tilviljun að Ingólfur hafi verið tekinn með hass á leið til landsins, en hinir tveir með kókaín, eða ætlað kókaín, á leið út úr landinu. Heimildarmenn Fréttablaðsins sem þekkja til í fíkniefnaheiminum fullyrða að gróðavon þeirra sem að smyglinu standa felist í því að flytja til Brasilíu hass sem keypt er nokkuð ódýrt í Evrópu, þar sem unnt er að skipta því nánast á sléttu fyrir sama magn af kókaíni. Kókaínið sé svo flutt til Evrópu aftur, og í sumum tilvikum til Íslands, þar sem það selst fyrir morðfjár.

Tæp sjö ár fyrir innflutning á hassi
Ingólfur Sigurz, þrítugur, var tekinn við komuna á Guarulhos-alþjóðaflugvöllinn við São Paulo í ágúst í fyrra. Hann var þá að koma frá Amsterdam og var með 12,2 kíló af hassi í fórum sínum. Ingólfur var dæmdur í sex ára og átta mánaða fangelsi 13. apríl síðastliðinn fyrir smyglið.

Hann játaði við yfirheyrslur en sagðist eiga efnin sjálfur og að enginn biði þeirra í landinu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins bíður hann nú niðurstöðu yfirréttar í málinu. Vitað er að faðir Ingólfs, sem er margdæmdur á Íslandi, aðallega fyrir fjársvik, hefur verið búsettur í Brasilíu um nokkurt skeið. Ekki er vitað hvort hann tengist smyglinu.

Á leið úr landi með rúm sex kíló af kókaíni
Þriðji maðurinn var tekinn við hefðbundið eftirlit 6. júní, einnig á Guarulhos-flugvelli. Hann var á leið úr landi til Lissabon með rúm sex kíló af kókaíni í farteskinu. Hann er 28 ára gamall og hefur nú setið í Belém II fangelsinu í São Paulo í nær þrjár vikur.

Hvorki hann né fjölskylda hans hafa óskað formlega eftir aðstoð frá utanríkisráðuneyti Íslands.

Höfuðpaurinn dæmdur Íslendingur
Vitað er að einn höfuðpauranna úr stóra fíkniefnamálinu svokallaða, sem hlaut sjö og hálfs árs dóm fyrir þátt sinn í málinu, hefur haldið til í Brasilíu og sagst stunda þar fasteignaviðskipti. Heimildarmenn eru sammála um að nær öruggt sé að þessar smygltilraunir séu runnar undan rifjum hans. Þá þykir ljóst að ýmis fíkniefnamál sem upp hafa komið hérlendis undanfarin ár tengist honum með beinum hætti.

Davíð Garðarsson, dæmdur nauðgari sem gaf sig fram á Indlandi í lok mars eftir eins og hálfs árs flótta undan réttvísinni, var fyrir handtökuna náinn samstarfsmaður mannsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins dvaldi hann með honum í Brasilíu á köflum og skipulagði fyrir hann smygl til Íslands að minnsta kosti einu sinni.

Leitast ekki við að ná þeim heim
Eftir því sem næst verður komist hefur einungis fjölskylda Hlyns Smára óskað eftir því við utanríkisráðuneytið að leitað verði leiða til að koma honum í afplánun hérlendis, án árangurs. Án slíkrar beiðni verður ekkert gert og hinum mönnunum tveimur gert að afplána refsingu sína í brasilísku fangelsi.

FRÉTTASKÝRING
STÍGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.

Hreinn Fjárfestingafélag ehf

REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Rýmingarsala á sýningartækjum

42” Daewoo LCD sjónvarp

1366x768px (WXGA)
3000:1 skerpa
8 ms viðbragðstími
500 cd/m2 birtustig
HDMI (HDCP) &
PC inngangur

Verð áður ~~199.900~~

Tilboð **159.900**

37” Daewoo LCD sjónvarp

1366x768px (WXGA)
3000:1 skerpa
8 ms viðbragðstími
500 cd/m2 birtustig
HDMI (HDCP) & PC inngangur

Verð áður ~~159.900~~

Verð **134.900**

Dúndurverð á sjónvörpum

27” Elfunk LCD sjónvarp

Upplausn: 1366X768
Viðbragðstími: 8 ms
Birtustig: 500/CD/M2
PC inngangur & HDMI

Verð áður ~~89.995~~

Verð **59.900**

Allt að 50% afsláttur af sýningareintökum

Roadstar 12 volta sjónvarpstæki

Upplausn: 1024x768
Skerpa: 500:1
12 volta snúra fylgir

Verð áður ~~45.900~~

Tilboð **35.900**

Útsala á hljómtækjum frá Cambridge Audio og Tangent.

Allt að **30%** afsláttur

Lava Bíltæki með DVD

5.1 Dolby
Aux inn
Les skrifaða diska

Verð áður ~~39.995~~

Tilboð **27.900**

Útsala á Acoustic Energy og Tangent hátölurum.

Allt að **30%** afsláttur

Í bílinn, húsbílinn, hjól- eða fellihýsið

Scott 2x 7” skjáir með DVD spilara

Hægt að nota í bíl jafnt og í heimahúsi
Les skrifaða diska
Taska fylgir sem og snúrur fyrir rafmagn í bæði 12 og 220 volt

Verð áður ~~39.900~~

Tilboð **29.900**

70% afsláttur af JCB handverkfærum

Ármúla 38 • sími 553 1133 • www.radio.is

RADÍÓBÆR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Milljónaþjóðir Evrópu þjappa sér þéttar saman.

Ný Evrópa án okkar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Leiðtoga ríkja Evrópusambandsins bíður nú það miserfiða verkefni að sannfæra íbúa landa sinna um ágæti nýs stjórnskipunarsáttmála sem þeir lönduðu eftir nokkurn barning í Brussel á föstudaginn.

Þessi nýi sáttmáli er reyndar, að mati bæði stuðningsmanna og andstæðinga nánari samruna innan Evrópusambandsins, lítt dulbúin útgáfa af stjórnarskránni sem Frakkar og Hollendingar höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslum árið 2005 og átti þar með að vera úr sögunni.

Úrslit þeirra kosninga hafa gjarnan skyggt á þá staðreynd að 18 af 27 aðildarríkjum sambandsins samþykktu stjórnarskrána. Á fundi þessara sömu 18 ríkja í Madrid síðastliðinn vetur blessuðu fjögur ríki til viðbótar helstu grundvallaratriði stjórnarskrárinnar. Sá eindregni stuðningur hefur ekki lítið að segja um þetta nýja líf stjórnarskrárinnar eftir létta andlitslyftingu og nafnaskiptin.

Það liggur því nokkuð ljóst fyrir að leið nýja sáttmálans til samþykktar verður greið í langflestum ríkjum Evrópusambandsins. Stóra spurningin, og sú sem skiptir öllu máli, er hver örlög hans verða í þeim löndum þar sem mótstaðan var mest við stjórnarskrána.

Reiknað er með að flest aðildarríkin velji að leita aðeins eftir samþykki þjóðþinga sinna í stað þess að leggja sáttmálann í dóm kjósenda. Þó verður örugglega efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi. Ekki er ólíklegt að sama gildi um Danmörku og Holland en meiri óvissa ríkir um hvernig verður staðið að málum í Bretlandi, þar sem sögulega hefur verið hvað mest andstaða við nánari samruna innan Evrópusambandsins.

Þótt við Íslendingar séum ekki aðilar að Evrópusambandinu verður fróðlegt fyrir okkur að fylgjast með málefnabaráttunni sem er framundan í þeim löndum sem efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um sáttmálann. Sjálf framtíð Evrópusambandsins mun kristallast í þeim átökum.

Stuðningsmenn nánari samvinnu hafa bent á að á tímum sívaxandi alþjóðavæðingar minnki vægi þjóðlanda hratt. Í grein sem skoski sagnfræðingurinn og Harvard-prófessorinn Niall Ferguson skrifaði í The Sunday Telegraph um helgina, orðaði hann þetta á þá leið að „valið sé ekki lengur á milli utanríkisstefnu þjóða og utanríkisstefnu Evrópu, heldur milli áhrifaleysis þjóðar og áhrifamáttar samstöðunnar“.

Í hnotskurn má segja að afdrif hins nýja stjórnskipunarsáttmála Evrópu velti á hvort það sé rétt mat að áhrifatími einstakra ríkja innan álfunnar sé að baki og að Evrópuríki þurfi að standa saman til að ná máli í samfélagi þjóðanna. Ekki er nokkur vafi að í þeim efnum eru menn ekki síst með hugann við Kína og Indland sem glittir í við sjóndeildarhringinn á leið sinni til sívaxandi áhrifa á heimsvísu.

Það hlýtur að vera nokkuð umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga að milljónaþjóðir Evrópu telji ástæðu til að þjappa sér þéttar saman á sama tíma og við kjósum að vera utangarðs.

Um þessar mundir njótum við velvildar sameinaðrar Evrópu. Með tíð og tíma getur sú staða hæglega breyst.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skipulagsdeilur

Mikill styr stendur í kringum Lúðvík Geirsson og félaga í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í kjölfar hugmynda um stækkun álversins í Straumsvík á landfyllingu út í sjó. Hugmyndirnar ganga sem kunnugt er þvert á niðurstöðu íbúakosningar sem bæjarstjórnin boðaði til fyrir skömmu. Líklegt er að lætin um skipulagsmál í Hafnarfirði eigi eftir að aukast á næstunni enda er bæjarstjórn nýbúin að samþykkja tillögu um breytt skipulag miðbæjarins. Samkvæmt tillögunni á að reisa tvo níu hæða turna á Strandgötu 26-30, beint fyrir aftan verslunarmiðstöðina Fjörð. Tvíburaturnarnir falla misvel í kramið hjá gamalgrónum göflurum, sem mörgum finnst að slík ferlíki eyðileggi ásýnd bæjarins og eigi ekki heima á lóðinni sem áður hýsti Hafnarfjarðarbíó.

Vorkunn

Það hefur gengið heldur brösuglega hjá meistaraflokki KR í knattspyrnu það sem af er Íslandsmótinu. Liðið situr sem kunnugt er í neðsta sæti deildarinnar með aðeins eitt stig eftir sjö leiki. Eins og gefur að skilja hafa leikmenn liðsins tekið þetta nærri sér enda hafa stuðningsmenn andstæðinganna gert óspart grín að þeim. Upp á síðkastið hefur tónn andstæðinganna þó breyst. Í stað hláturs er nú komin vorkunn í röddina – sem ku fara enn verr fyrir brjóstið á leikmönnum Vesturbæjarstórveldisins.



Nasisti

Egill Helgason bloggar nú af miklum móð á vefsvæðinu Eyjan.is, nýju fréttabloggi Andrésar Jónssonar og Péturs Gunnarssonar. Á bloggi sínu segir Egill oft sögur af syni sínum Kára. Í nýlegri færslu segir Egill frá því þegar Kári sá mynd af Hitler á bókarkápu og spurði: „Pabbi, hvaða nasisti er þetta?“

kristjan@frettabladid.is

Akstur er dauðans alvara

RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Í DAG | Hraðakstur

Fyrstu mánuðir þessa árs lofa ekki góðu ef skoðuð er þróun alvarlegra umferðarslysa sem hafa tvöfaldast miðað við sama tíma í fyrra. Nú er verið að leggja síðustu hönd á skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa og hef ég fyrir satt að fjölmörg dauðaslys í umferðinni á síðasta ári megi beinlínis rekja til ofsaaksturs eða of mikils hraða miðað við aðstæður.

Ég hef stundum haldið því fram, við misgóðar undirtektir, að til séu hraðafíklar hér á landi. Það hugtak skilgreini ég sem svo að viðkomandi einstaklingar séu háðir þeirri spennu sem felst í því að aka hratt, hvert sem ökutækið kann að vera. Slíkir einstaklingar eru mjög hættulegir öðrum vegfarendum og ættu viðurlög við ofsaakstri í umferðinni að vera mun strangari en nú þekkist. Þegar slíkur akstur leiðir af sér örkuml eða dauða er varla hægt að tala um slys. Slíkur glæpur getur ekki talist annað en tilræði við saklausa borgara og ætti refsing að vera samkvæmt því. Almenn hegningarlög geyma ákvæði sem taka á slíkum ökuníðingum og ætti að beita þeim lagaákvæðum skilyrðislaust í slíkum tilfellum. Afbrot sem eiga sér stað með fulltingi ökutækis eru oft ekki eins hart dæmd og önnur afbrot í samfélaginu. Ofsaakstur er því jafn alvarlegt brot og ofbeldisbrot, ef aksturinn leiðir af sér líkamstjón. Þar gildir einu hvort notað er löglegt samgöngutæki eða annað tæki til verknaðarins.

Gleði og uggur í brjósi.

Það sem af er þessu ári hafa tveir látist af völdum umferðarslysa á Íslandi. Sú tala er mun lægri en á sama tíma undanfarin ár en segir þó engan veginn alla söguna, eins og tölur yfir mikið slasaða sanna. Oft er það tilviljun ein hvoru megin móðu fórnarlömbin lenda og í mörgum tilfellum fylgir ævilöng fötlun í formi heila- og/eða mænuskaða. Ég bæði gleðst og á sama tíma setur að mér ugg þegar ég ek framhjá klesstu bílunum á Hellisheiði og sé töluna 2 yfir þá sem látist hafa í umferðinni það sem af er árinu; gleði vegna þess að ekki hafi fleiri látist en uggurinn vakir í brjósti mér þegar ég hugsa til meðaltalsfjölda látinna undanfarin ár sem er því miður nálægt 24. Það segir mér að líkur eru á fleiri banaslysum í umferðinni á þessu ári. En það er fráleitt nokkuð náttúrulögmál að banaslysin og önnur alvarleg slys í umferðinni þurfi alltaf að vera nálægt meðaltalinu. Því getum við sannarlega breytt með því að líta í eigin barm, aka á skynsamlegum hraða, aldrei undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og alltaf með öryggisbúnað spenntan í bílnum.

Ef við hefðum aðeins þessar þrjár gullnu reglur í huga í umferðinni, myndi alvarlegum slysum fækka um 90%! Það þarf ekki meira til. Almennir vegfarendur verða einnig að vera vel á verði gagnvart lögbrjótum umferðarinnar og tilkynna skilyrðislaust til lögreglunnar ef þeir verða varir við greinilegt tilræði við saklaust fólk í formi ofsa- eða ölvunaraksturs.

Þyrlulöggæsla gegn ökuníðingum.

Nú er árið hálfnað og enn eru stærstu ferðahelgar ársins framundan. Kraftmiklum bílum og vélhjólum hefur fjölgað mikið í umferðinni og því miður er ofsaakstur alltof áberandi. Um það geta allir vitnað sem eiga leið um þjóðvegina. Til þess að sporna við slíkum glæpum, því glæpi vil ég kalla það, þarf að koma til öflug umferðarlöggæsla og það ekki einungis á jörðu niðri, heldur líka úr lofti; þ.e. úr þyrlu. Reynsla af þyrlulöggæslu lögreglu og Landhelgisgæslu árið 1993 var mjög góð og nýttist vel til hraðamælinga úr lofti. Þyrlan gefur möguleika á að fylgja ökuníðingum eftir án þess að þeir verði þess varir og taka háttsemi þeirra upp á myndband að auki. Þannig er dregið úr hættunni sem felst í eftirför lögreglu auk þess sem hægt er að fylgjast með umferðarlagabrotum sem eiga sér stað utan alfaraleiða, t.d. ölvunarakstri í óbyggðum og náttúruspjöllum af völdum ökutækja.

Á þessu eina ári sem tilraunaverkefni lögreglunnar og Landhelgisgæslunnar stóð yfir, tókst m.a. að uppræta ólöglegan akstur léttra bifhjóla um göngu- og reiðstíga í úthverfum á höfuðborgarsvæðinu. Erfitt reyndist að hafa hendur í hári þeirra sem þeystust eftir þessum stígum og eftirför lögreglu á venjulegum ökurækjum, var nánast vonlaus. Úr þyrlunni gátu lögreglumenn fylgst með ferðum hjólanna heim að tilteknum húsum og síðan voru eigendur heimsóttir síðar og þeir, eða forráðamenn þeirra, látnir sæta ábyrgð.

Nú er lag. Göngum áfram í takt við hjúkrunarfræðingana sem áttu frumkvæðið að áhrifaríkri og fjölmennri göngu gegn slysum í gær. Verum minnug þess að akstur er dauðans alvara.

Höfundur er forvarnafulltrúi VÍS.

MECCA SPA

Yoga með Maggý.

Meðgöngujóga og meðgöngusund

Þessir áhrifaríku tímar fyrir verðandi mæður sameina kosti meðgöngujóga og meðgöngusunds. Jóga er líkamsrækt sem hentar konum einstaklega vel á meðgöngu.

Allar upplýsingar á heimasíðu Mecca Spa, www.meccaspa.is og hjá Maggý yogamedmaggy@simnet.is og í síma 821-7482.

anda - finna - sleppa - njóta

Allir geta sigrað

UMRÆÐAN

Hjálparstarf

LYDÍA GEIRSDÓTTIR

Hinn 18. ágúst verður hlaupið til góðs og landsmenn hafa möguleika á að slá tvær flugur í einu höggi, fá betri líðan með hreyfingu og samtímis rétta hjálparhönd til þeirra sem minna mega sín. Hjálparstarf kirkjunnar fagnar þessu göfuga framtaki Glitnis að heita á hlaupara og styrkja þannig starf frjálsra félagssamtaka á Íslandi.

Eitt af stóru verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fólki aðgang að hreinu vatni. Vissir þú að 1,1 miljarður manna í heiminum hefur ekki aðgang að hreinu vatni? Maraþonhlaup og vatn eiga sérlega vel saman, varla er til sá hlaupari sem gæti hugsað sér að fara hringinn án þess að drekka vel af hreinu og tæru vatni. Það er okkar draumur að það verði mögulegt fyrir allt mannkynið.

Að hafa ekki aðgang að hreinu vatni þýðir meðal annars að erfitt er að ala upp börn. Endurtekinn niðurgangur á unga aldri veldur vítamín- og næringarskorti. Heftur líkamsvöxtur helst í hendur við minni andlega getu. Börn eiga verr með að læra og fullorðnir að vinna fyrir sér. Í heiminum öllum deyja fimm sinnum fleiri börn af niðurgangi vegna óhreins vatns en úr alnæmi. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar höfum við haldið því fram að vatnið breyti öllu, því fátt er eins dýrmætt og nauðsynlegt eins og vatn, án þess geta hvorki menn né plöntur lifað.

Hjálparstarf kirkjunnar er lítil mannúðarstofnun og ekki getum við í fljótu bragði ráðið við vatnsskort 1,1 milljarðs manna. En með stuðningi þínum og með því að við Íslendingar látum okkur mál annarra varða þá er hægt að hjálpa mörgum. Við viljum hvetja alla landsmenn til að taka þátt í hlaupinu 18. ágúst og þannig láta gott af sér leiða.Við vonum að þú gefir þinn stuðning til Hjálparstarfs kirkjunnar, því vatnið breytir öllu og saman getum við gefið öðrum möguleika á að kynnast því.

Við hlökkum til að sjá ykkur, við munum vera til staðar, bjóða ykkur upp á hreint vatn og hvetja ykkur áfram!

Höfundur er verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

B&L færði nýlega SÁÁ Renault Kangoo að gjöf. Hann mun koma að góðum notum í tengslum við þær sex starfsstöðvar sem samtökin reka. Starfsemi SÁÁ teygir sig vítt og breitt um landið og er helmingur starfsstöðvanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Vefsíðan http://www.bbc.co.uk/travelnews/ hentar þeim sem hyggja á ferðalag um England. Þar má finna allar nýjustu fregnir af vegavinnu um allt landið og fregnir af ástandi vega. Einnig eru þar upplýsingar um lestakerfið, flugáætlanir og ferjuferðir. Vefsíðan er uppfærð allan sólarhringinn og koma því fregnir af töfum og lokuðum vegum strax. Hægt er að fletta upp eftir landsvæðum sem auðveldar upplýsingaleitina.

Spafinder.com er fyrirtaks vefsíða fyrir þá sem vilja finna spa-heilsulind hvar sem er í heiminum. Færst hefur í aukana að fólk skreppi til útlanda til að sækja heilsulindir og láti þreytuna og stressið líða úr sér. Vefsíðan er auðveld í notkun og er hægt að leita eftir heimshlutum.

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!



allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.

Útsalan er hafin
30 -70%
afsláttur

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið í dag 10-19

Erla er hér önnur til vinstri í efri röð í hópi hressra göngugarpa úr ferðinni í Króatíu.

Fallegt í fjöllunum

Erla Salómonsdóttir skellti sér í gönguferð til Króatíu á dögunum.

„Þetta gekk nú allt út á að svitna og ég er ekki frá því að mannskapurinn hafi misst nokkur kíló í leiðinni," segir Erla Salómonsdóttir og hlær, en hún skellti sér í vikulangt frí til Króatíu á vegum ÍT ferða. Ef frí skyldi kalla, þar sem Erla og félagar gerðu lítið annað en að ganga á fjöll á meðan á dvölinni stóð.

„Við vorum allan tímann í fjallgarði suður í Króatíu, sem kallast Velebit og er í um 1.600 m hæð," heldur Erla áfram og bætir við að hún hafi fyrst þurft að fljúga til Trieste á Ítalíu og tekið rútu þaðan til Króatíu í gegnum Slóveníu. Þegar á leiðarenda var komið tók gangan við.

„Við gengum alla daga og vörðum tímanum í að skoða fjöllin og náttúruna," segir Erla. „Fjöllin eru náttúrulega mjög falleg, þar sem þau eru gerð úr kalsíumkarbonati, og vatnið grefur sérkennilegar rennur í þau í vorleysingunum. Sums staðar minntu þau á sundurskorna skriðjökla."

Á nokkrum stöðum reyndi heldur betur á úthald Erlu og ferðafélaganna, sem hefðu komist skammt hefði stígsins Prenoceva Stasa, sem var lagður á árunum 1930-33, ekki notið við. Erla segir stíginn, sem er 50 kílómetra langur, merkilegan fyrir margar sakir, meðal annars fyrir að hafa verið lagður af föngum frá einni af eyjunum úti í Adríahafinu.

Hópurinn tók sér þó reglulega hvíld og hafði náttstað í skálum víðs vegar á leiðinni. „Þetta var ekki eintómt púl eins og í bænum Starigrad Paklenica, þar sem hópurinn fékk tveggja manna herbergi í þrjár nætur. Það var líka gott að fá að fara í sturtu eftir fimm daga."

Erla var á heildina litið ánægð með ferðina og hvetur sem flesta til að kynna sér Króatíu. Hægt er að lesa nánar um ferð Erlu á næstu opnu, þar sem birt er brot úr dagbók hennar.

roald@frettabladid.is

Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með!
Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

www.bylgjan.is – allar upplýsingar og hlustað í beinni

Sólgleraugu eru nauðsynleg í bílinn á þessum árstíma. Slysahætta eykst gríðarlega þegar sólin er á lofti og skín í augu ökumanna. Gott er að hafa eitt auka par í bílnum sem hægt er að notast við í neyð.



Grænar einkunnir

Orkusetur iðnaðaráðuneytisins hefur sett á netið einkunnakerfi sem sýnir eyðslu- og útblásturs-einkunn bifreiðategunda.

Orkusetur iðnaðaráðuneytisins hefur sett upp einkunnakerfi á heimasíðu sinni, sem ætti að hjálpa neytendum við að finna sparneytnar og umhverfisvænar bifreiðar.

Slegið er inn heiti framleiðanda, bíltegund og undirtegund í þar til gerða leitarglugga á vefsíðunni og þá fæst uppgefin einkunn, sem miðast við eyðslutölur og útblásturs-gildi. Viðmiðunartalan byggist á þeirri vegalengd sem bifreiðin kemst á einum eldneytislítra, miðað við blandaðan akstur.

Einkunnir eru gefnar á bilinu A til G, þar sem A er besta einkunnin með litla eldsneytisnotkun en G er versti flokkurinn þar sem nýtnin er léleg.

Hverri einkunn fylgir sérstakur litur að auki og eru umhverfisvænni bílar með grænan lit, en umhverfissóðarnir með rauðan lit. Vilji maður umhverfisvænan bíl, með því að draga úr eyðslu og útblæstri, er því best að verða sér úti um bifreið sem fær á bilinu A til C í einkunn, samkvæmt kerfinu.

Slái maður til dæmis inn Peugeot í liðinn framleiðandi, 307 í tegund og station dísel 4 beinskiptur 1560 cm3 í undirtegund, fæst einkunnin B og grænn litur. Sem merkir að viðkomandi bifreið eigi að vera góður kostur frá umhverfisivænu sjónarhorni.

Þess má geta að einkunnakerfið byggir á forsendum frá Umferðastofnun Danmerkur og eru meiri kröfur gerðar til dísel- en bensínbifreiða.

Sjá undir liðnum „eyðslueinkunn bifreiða“ á www.orkusetur.is *- rve*

Orkusetur iðnaðarráðuneytisins hefur brugðist við vaxandi umhverfisvitund Íslendinga með nýrri þjónustu á netinu.

De Marchi var einkar ánægður með jómfrúrferð Ferrari F50 viðarbíls/báts síns.

Ferrari úr tré

De Marchi hefur smíðað eftirlíkingar af bílum í raunstærð. Nú hefur hann sjósett nýjasta meistaraverkið, Ferrari F40.

Ítalski handverks- og listamaðurinn Livio De Marchi er snillingur í trésmíði og hefur hann um árin smíðað eftirlíkingar af ýmsum bílum í raunstærð.

Það sem meira er þá eru margir þessara bíla einnig bátar knúnir litlum mótorum. Meðal bíla sem De Marchi hefur smíðað eftirmyndir af eru 300SL Gullwing, Volkswagen bjalla, Fiat Topolino, og Jaguar árgerð 1937. Nýjasta meistarasmíðin er Ferrari F40 sem De Marchi siglir nú á um sýki Feneyja, sjálfum sér og áhorfendum til mikillar gleði.

Myndskeið af jómfrúrferðinni má sjá á ww.youtube.com.

Ferðast með börn Það getur reynt á þolrifin að ferðast með börnin. Til að allt gangi vel fyrir sig skiptir mestu að vera þolinmóður, vel hvíldur fyrir ferðalagið og sjá til þess að börnin hafi nóg að borða og drekka. Varast ber að gefa þeim sælgæti og gos.

Líflegt verður á Burstafelli á laugardaginn þegar amman og börnin bregða á leik.

Þykjast vera uppi fyrir öld

Amman og börnin að leik í bænum nefnist dagskrá sem stendur frá 14 til 16 á laugardaginn 30. júní að Burstafelli í Vopnafirði. Ágústa Þorkelsdóttir er amman.

„Ég er þarna með fjóra til fimm krakka og þau fara í alls konar leiki," segir Ágústa þegar hún er spurð út í dagskrána á laugardag og telur upp leiki eins og hanaslag og hlaupið í skarðið. „Þau fara í útreiðartúra á gömlum leggjum og búleik eins og gert var áður fyrr og við förum með gátur og kveðumst á. Svo spyrjum við gestina jafnvel um gátur og kannski verða krakkarnir eitthvað að vinna líka.
Við þykjumst vera fólk fyrir hundrað árum. Amman er hryggarstykkið, hún leiðbeinir börnunum bæði við leik og störf og segir þeim kannski sögur í vinnulaun," lýsir Ágústa. Hún segir dagskrána verða í fyrsta skipti núna á laugardaginn og svo fleiri laugardaga í sumar. „Tilgangurinn er að gera safnið lifandi," segir hún og bætir við. „Það er enginn sérstakur aðgangseyrir inn á þetta og öllum er velkomið að fylgjast með og taka þátt."

- gun

Verulega reyndi á úthald göngugarpanna í ferðinni. Hér sést Erla fara fyrir hópnum.

Gott að komast í sturtu eftir 5 daga

Erla Salómonsdóttir hélt dagbók á meðan á ferðinni í Króatíu stóð. Brot úr henni má sjá hér að neðan.

„Fimmti júní. Annar göngudagur, tíu klukkustundir, tólf gráður. Mikill vindur. Fyrripartinn í dag gengum við í austanverðum fjallgarðinum og þar fengum við að finna fyrir „Bura", austan- eða norðaustanvindi sem oft ræður ríkjum þarna og er þess valdandi að miklu minni gróður er í austurhlíðunum. [...]
Sjöundi júní. Fjórði göngudagur. Sex klst. Mjög gott gönguveður. Löbbuðum talsvert í dag eftir stígnum góða og svo var farið á fallegan tind, Kiza Kuk, rúml. tólf hundruð metrar, og var það ansi mikið klifur og klungur og margir stoltir yfir að sigrast á lofthræðslu og reyna við eitthvað nýtt.

Að göngu lokinni tók við tveggja og hálfrar klukkustundar löng rútuferð niður að strönd við Adríahafið í lítinn bæ, sem heitir Starigrad Paklenica, þar sem hópurinn fékk tveggja manna herbergi næstu þrjár nætur, hvílíkur lúxus. Það var líka kærkomið að fá að fara í sturtu eftir fimm daga púl með miklum svita og tilheyrandi. [...]
Níundi júní. Sjötti göngudagur, níu klukkustundir, 25 gráður og sól. Ég kenndi mér meins í hné í gær og ákvað því að fara ekki þennan langa túr í dag, en í þess stað fórum við Hjördís [Hilmarsdóttir fararstjóri] inn í þjóðgarðinn Mala Paklenica og löbbuðum þar inn ákaflega fallegt, djúpt gil, þar sem fjöldi manna var við klettaklifur (enda laugardagur) með öllum útbúnaði. [...]
Mjög góð ferð að baki. Það voru margir svitadroparnir, sem hrundu af hópnum og vafalaust þó nokkur kíló líka. Maturinn var ekki upp á marga fiska, en maður fór ekki svangur í ferðir eða að sofa og þá er allt í lagi. Mér fannst mjög fallegt þarna í fjöllunum og að horfa þaðan yfir fjöldann allan af eyjum á Adríahafinu var mjög tilkomumikið.

Erla Salómónsdóttir, Króatía þriðja til tíunda júní 2007."

Sjá Allt forsíða. *- rve*

Huyndai Accent eða sambærilegur
Vika á Florida
frá 17.200
kr. - ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
ÍSLENSKA/SÍA.IS/HER 36919 04/07
Hertz
522 44 00 • www.hertz.is

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

KERRUR
FRÁ AÐEINS 29.990 KR.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!
FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN

FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR
(EINU SINNI Í VIKU).
DEKKJAHÖLLIN
DEKKJAHOLLIN.IS EGILSSTAÐIR - AKUREYRI
DRAUPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGILSSTÖÐUM S. 471 2002

Hvað er að frétta?
Beint í farsímann eða í vefpósti_

www.visir.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

exit.is
// Málaskólar - Tungumálanám fyrir alla
Enska, spænska, franska, ítalska, þýska, arabíska, rússneska, kínverska og japanska.
Til að ná góðum tökum á tungumáli þarf að dveljast í því landi, þar sem tungumálið er talað.
BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

Bílabankinn

HOBBY 560 EXCELSIOR NÝTT 2007 Eldavél, vaskur, ískápur, salerni, leðuráklæði, ofl. Verð 3100 þús. Möguleiki er á 100% láni frá Glitni afb. Ca. 45 þús.

TABBERT 525 DAVINCI NÝTT 2007 Eldavél,vaskur,ískápur,salerni,ofl Verð 2550– Möguleiki er á 100% láni frá Glitni afb. Ca. 36 þús

PALOMINO YEARLING 4103 6/2004 ldavél,vaskur,ískápur,svefntjöld,fortjald,ofl Verð 1250 þús

PALOMINO YEARLING 5/2005 Eldavél, vaskur, ískápur,s vefntjöld, skyggni,ofl Verð 1350 þús

COLEMAN SANTA FE 6/2002 Eldavél, vaskur,ofl, eins og nýr Verð 990 Þús

FUTURA POCONO 7/2006 Eldavél ,vaskur, ískápur, fortjald, geymslukassi,ofl Verð 1290 þús

FUTURA POCONO 2/2007 Eldavél, vaskur, ískápur,ofl Verð 1290 þús

FIAT HYMER CS 494 ÁRG 2005 Ek.5 þkm, eldavél, vaskur, ísskápur,ofl. Verð 4390 þús

FORD TRANSIT HÚSBÍLL ÁRG 2006 Ek.5 þkm, eldavél, vaskur, ísskápur, Gerfihnattadiskur,ofl. Verð 5800 þús

SSANGYONG MUSSO WAGON 35" 6/1999 Ek.172 þkm,útvarp,ofl. Verð 1390 þús - Tilboð 590 þús stgr.

NISSAN PATROL 1/1993 Ek.252 þkm, geislaspilari, lítur mjög vel út Verð 990 Þús - Tilboð 590 þús stgr.

Bílabankinn

HARLEY DAVIDSON DYNA GLIDE FXDWG WIDE 5/2004 Ek.15 þkm, leður, krómpakki, hrikalegt hjól! Verð 2990 - Tilboð 2590 þús stgr.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Bílabúð Benna

BÍLASALA ÍSLANDS

9-5 Túrbó Sport Combi Aero 260 HÖ. Frábær bíll hlaðin öllum hugsanlegum aukabúnað sem völ er á í dag. Harmon kardon hljóðkerfi og skipting í stýri. Mjög gott Verð 4.990.000.- Listaverð er ca. 6.000.000.-

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
www.bilasalaislands.is

Lykil bílar ehf. bílasala

Subaru Legacy Sedan 4WD 12/04 ek. 48 þ.km ssk. Gott ákvílandi lán. Verð kr 1.840.000 Vantar bíla á skrá og á staðinn.

Lykilbílar ehf
Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Mazda Speed 6 AWD 274 hestöfl, ek. 5 þ., 6 gíra, 2,3L turbo vél. Bose hljómkerfi. Tilboð 3390 þ. ásett verð 3790 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn. S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

X4 ehf.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

Mynd tribute 0333.jpg

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Mynd CX-7 008.jpg

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Mercedes Benz 200 E árgerð 1991 Sjálfskiptur, topplúga, álfelgur. Toppeintak Einn eigandi frá 1997 Verð kr. 490.000,- Nánari uppl. í síma 822 1216.

Auto Reykjavík
Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300
http://www.auto-reykjavik.is

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is

FORD EXPLORER XLT Sjálfskiptur, ljóstleður, topplúga árg 2004 ek. 80 þ.km. Ásett 2.890 þús. Tilboð 2.590 þús.

SUZUKI JIMNY JLX 32" Svartur gullfallegur, árg 7/1999 ek. 78 þ.km. Ásett 850 þús. Möguleiki á allt að 100% láni.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Sjá fleirri myndir á www.heimsbilar.is Til sýnis og sölu áHeimsbílum kletthálsi 2 S: 567-4000
www.heimsbilar.is

Breiðan ehf
821-6292

Renault Master pallbíll árgerð 10/2004, 3 manna, diesel, ekinn 90 þús.km., þjónustubók, sk.'08, 100% lánað, verð 1.980.000,- m.vsk. 821 6292.

Renault Master rúta árgerð 2005, 18 manna, stærri vélin 150 hö, ekinn aðeins 60 þús.km., mjög vel útbúinn sk.'08, 100% lánað, verð kr. 3.890.000. S. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Skoda Octavia Túrbó árg. 2003 ek. 73 þ.km, ssk. álfelgur, CD, áhv. 800 þ. Verð 1150 þús! Uppl. hjá bill.is s. 577 3777.

Best búni E500 landsins?
2003 módel, V8 Avantgarde, ek. 92þ. km. 5L, glertoppur+lúga, leður, keylessgo, navi+DVD, cd magasín, hiti/kæling/minni/rafmagn í sætum að framan+aftan, parktronic, 18"AMG felgur+17"avantg.felgur, tjónlaus, þjónustubók omfl. Verð 4.990þ. Uppl. S. 669 4477.

Mitsubishi Galant 2500 V6 24v með öllu. 04.2000, ek. aðeins 48.172 km. Leður, topplúga, cruise control, Aronal álfelgur + vetrard, rafmagn í öllu ofl. Reyklaus og mjög vel með farinn og nýsk. Steingrár. Verð 1.290.000. Engin skipti. S. 696 4280.

Til sölu Honda CRV Advanse árg.'00 Ek. 103 þús. Toppbíll, hlaðinn aukabúnaði. Tilbúin í útileguna, verð 1.290 þús. Uppl. í s. 661 8201.

Toyota Corolla árg.'02 ek. 115000 þús. beinskiptur. Verð 990.000. Áhvílandi 630.000. Greiðsla 18.000. á mán. Sími 698 1578.

Korando, árg. 98, ekinn 120þ.km, 5g. beinskiptur, dísel. 33" breyttur. Verð 690.000kr. Uppl. í s. 868 5922.

Til sölu Opel Astra '95 Sjálfskiptur. Þarnast lagfæringar. Fæst fyrir 60 þús. Uppl í síma 664 7040.

Bmw 320d 2003 ek. 57þ. 18" nýjar M felgur og dekk. Auka dekk og felgur fylgja. Glæsilegur bíll. V. 2890. S. 896 0717.

islandus.com
HYBRID
10%
Minni Eyðsla!
TOYOTA
Leigubílar frá 2600þús!

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Camaro Z-28, árg. '99. Góður bíll. Ásett verð 2.300 þús. Hagstætt bílalán. Uppl. í síma 899 5424 og 847 5033.

Ný hjólhýsi - frábær tilboðsverð!
Erum að selja nokkur ný sýningarhjólhýsi á frábæru tilboðsverði. Mótormax, Kletthálsi 13, sími 563 4400.

www.bilapartar.is
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Volvo S40 '97, ek. 88 þús. Ssk., sumar- og vetrardekk fylgja. Verð 530 þ. S. 893 1702.

Hyundai Getz 10-2006, ekinn 5500, bsk. Verðtilboð 1290 þús. stgr. S. 861 6260.

Nissan Micra hvítur árg. '99 ek. 80 þ. Verð 260 þ. Uppl. í s. 897 3188

BMW 3-18 IA árg. 00 ek. 80 þ. Verð tilboð, engin skipti. Uppl. í s. 896 5388.

Nissan Terrano 2 dísel. Árg.06.'02. Ek. 97 þús. Ssk. 7 manna Dekurbíll, svartur. Uppl. í s. 899 1175.

Skoda Fabia árg. '00 5d., nýsk. 08, ek. 151 þ. Vel með fairnn. S. 895 6156.

Til sölu Lancer EXE árg. '92. Ssk., toppbíll mikið endurnýjaður en þarfnast smá viðgerðar og blettun á body. Uppl. í s. 897 1092.

VW. Polo árg. '02 ek. 112 þ. Ný tímar. og gormar, sumar og vetrad. á felgum. Verð 480 þ. Uppl. í s. 824 4862.

0-250 þús.

Palomino Colt. Til sölu vel með farið fellihýsi. Nýlegt fortjald og svefntjöld. Verð 400 þús. Upplísyngar í síma 895 6018.

Suzuki Swift '98 ek. 79 þ. Skoðaður 2008. Verð 120 þ. Uppl. í s. 660 1044.

Lancer station árg. '96 sk. 08. Verð 95 þ. Uppl. í s. 699 2707.

Galant GLXi, 93 árg., ek. 202 þús. Verð 160 þús. Uppl. í s. 868 5922.

Nissan Almera árg. '99. 3d. svartur, álf., filmur. Þarfnast smá lagfæringar. Tilboð 150 þ. S. 691 9374

250-499 þús.

Rauður VW Passat 1998 með dráttarkrók í góðu ásigkomulagi. Ekinn 174 þús. Ásett verð 390 þ. Tilboð 290.000 kr. Upplýsingar í síma 866 8304.

500-999 þús.

Honda Civic vti 200 ekinn 115 þ., fullt af aukahlutum, vil fá 890STGR. Uppl. í s. 846 5947. Er einnig með jetski á góðu verði.

1-2 milljónir

Auðveld Kaup á Toyota Rav árg. 07/04, ek.58 þ., 5gíra, sk. 08. Ásett 2190 þ. Lán 2130 þ. S. 820 0151.

Ekkert út Peugeot 307 Sw, árg.'03, ek.97þ. , 1600, sk. 08, 100% lán 1090 þ. s. 897 2425.

2 milljónir +

BMW 320 Dísel 2004. Til sölu Ekinn 96 þús. Sóllúga, aðgerðastýri, sjálfskiptur ofl. Lán 2.3 millj. Verð 3.1 millj. Sími 846 1112.

islandus.com
ÚTSALA
Ford Dodge Jeep
DODGE CARAVAN
Nýr 07 frá kr. 2.490.000!

Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Skoða öll skipti. Mazda 6,3000vél, árg 2006, ek. 1þ., ssk. Verð 3990 þ. Gott lán. S. 661 8185.

Jeppar

Toyota Land Crusier 105 árg. '05, 4,2 disel, 5 gíra, ek. 43 þús. km. 6 manna, læstur að framan og aftan. Verð 4.290 þús. Uppl. í s. 822 8083.

islandus.com
ÚTSALA
Ford Dodge Jeep
Aldrei Lægra Verð
Frá Kr. 2.490.000!

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Pallbílar

Pallhús
Á allar gerðir pallbíla
Mitsubishi Nissan Toyota Isuzu
Ford Chevy
Dodge
IMP
www.imp.is
Sími 483-3227

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Mótorhjól

Harley Davidson Softail Deluxe '05. Ek. 7900 þús. Áhvílandi 1600 þús. Verð 2,3 millj. Uppl. í s. 862 2514.

Frábært leiktæki fyrir börn og fullorðna. Hámarkshr 65. Verð 65 þús. S. 899 9968.

Honda Zadow 1100cc árg.'86. Verð 450 þús. Uppl. í s. 867 3836.

Útsala-útsala-útsala

90 cc krakkahjólin nú á 79.900,-áður 99.900,- Gildir til 10.júlí. Flottustu vespur í bænum á 129.900,- og Endurohjólin á frábæru verði aðeins 159.900,-. Uppl. í s. 895 7272 og á endurohjol.com

Yamaha R1, árg. 2001. Mjög lítið ekið, sem nýtt, verð 950 þ. Uppl. í s. 894 9002.

Ekið aðeins 3100 mílur

Til sölu Honda Goldwing '03, ek. aðeins 3100 mílur. Litur, svart. Eins og nýtt. Uppl. í s. 896 0015.

Honda 1100 árg. '02, ek. 7600 mílur. Glæsilegt hjól. Uppl. í s. 896 0015.

Til sölu Honda CRF 450 x árg. 05. Lítið notað. Hjól í toppstandi. Sjón er sögu ríkari. Verð 650 þús. Uppl. í síma 864 1052.

Til sölu Suzuki Hayabusa árg. 05 ekið 5000 km. Innflutt af umboði. Hjól í toppstandi. Áhvílandi lán getur fylgt. Verð 1350 þús. Uppl. í síma 864 1052.

lítið og nett 43cc bensín hlaupahjól til sölu klárt fyrir sumarið Tilboð óskast ! S 421 5978 & 661 6400.

Til sölu Suzuki DRZ 400 Árg.'05 Ek. 400 km. Hjól í topp standi, verð 550 þús. S. 820 7065.

Dainese svartur kvenleðurgalli til sölu. Gallinn er renndur saman í mittið. Verð 40.000. Upplýsingar í síma 699 4997.

Fjórhjól

Til sölu Kawasaki 400 KFX, árg. '06, lítið sem ekkert notað. Verð 680 þús. stgr. S. 820 7065.

Kerrur

Sumarútsala á kerrum

Brenderup 3205 S - Innanm. 204x142x35 cm. Burðarg. 600 kg. Dekk 10" Listaverð: 145.000 TILBOÐSVERÐ: 135.000 Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ

Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og fortjöldum. S. 659 2452 Samsel. Afsláttur gegnum stéttarfélög! btnet.is/hjolhysaleigan

Til sölu ónotað Tabbert 540 DM árg. 2006 kojuhús eins og nýtt kostar nýtt 3,159,000, Tilboð 2.580 þús. Til sýnis á Bílasölu Rvk. Uppl í s. 860 1998. 100% lán getur fylgt.

Hjólhýsi

Verðsprenging Delta 2007

Öll ný Delta hjólhýsi með 100.000 kr lækkun. Aðeins 10 stk í boði á þessum frábæra sumarsmelli. Innifalið í verði: rafgeymir, hleðslutæki, gaskútur og varadekk. Fortjald á hálfvirði. Allt að 100% lán s. 587-2200, 898-4500 www.vagnasmidja.is

Breyttur Opnunartími

Núna er opið alla virka daga frá klukkan 10 til 20 á kvöldin. Um helgar verður opið frá 10 til 16. Verið velkomin. s: 587-2200, 898-4500 www.vagnasmidjan.is

Hjólhýsi til sölu 2007

Hefurðu séð ódýra og fallega Delta Euroliner 4400 FB hjólhýsið hjá okkur? U sófi og hjónarúm. Verð aðeins 1.797.240 kr. Ótrúlegir möguleikar. Allt að 100% lán. Fortjald á hálfvirði s. 587 2200 & 898 4500 www.vagnasmidjan.is

80w sólarsella, verð aðeins 85.900 125w sólarsella, verð aðeins 99.900 Skoðaðu úrvalið af aukahlutum fyrir húsbíla og hjólhýsi hjá okkur. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S. 517 7040 www.hobbyhusid.is

Adria '89. Ný innflutt. Fortjald + aukatjald. Einnig fortjald fyrir hjólhýsi 5,5 m. Uppl. í s. 699 4329.

BÍLAR TIL SÖLU

Bílahús Benna

100% VAXTALAUS LÁN TIL ALLT AÐ 48 MÁN
af völdum bílum og LÆKKAÐ VERÐ af fjölda bifreiða.

Chverolet Lacetti CDX Wagon,
7/2005, ek. 23þ.km, Beinskiptur, ABS, ASR spólvörn, Magasín, Kastarar, Rafm. í rúðum og speglum, Reyklaus, Smurbók, Þakborgar o.fl. Ásett verð: 1.550þús. **Tilboð: 1.390þús –stgr-**

Subaru Legacy GL,
7/2004, ek. 24þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, CD, Fjarstýrðar samlæsingar, Rafm. í rúðum og speglum o.fl
Ásett verð: 1.650þús

Daewoo Matiz SE, 5/2000,
ek. 91þús km, Beinskiptur, Álfelgur, Líknarbelgir, Rafm. í rúðum, vökvastýri, Spoiler o.fl.
Ásett verð: 330þús

Jeep Grand Cherokee Limited 5.7L,
1/2006, ek. 31þús km, ABS, Armpúði, Dráttarbeisli, Hiti í sætum, Leður, rafm. Í öllu, Krómfelgur, Cruise Control, Glertopplúga, Minni í sætum, o.m.fl.
Verð aðeins: 3.990þús.

SsangYong Chairman CM600S,
1998 módel, Sjálfskiptur, ek. 63þús, ABS, Aksturstölva, Fjarlægðarskynjarar, Hiti í sætum, Rafm. í öllu. Cruise Control, Stöðuleikakerfi og Spólvörn, Sjónvarp, Leiðsögukerfi, Aðgerðarskjár með öllum hugsanlegum stillingum. Bíll í algerum sérflokki.
Ásett verð: 2.490þús **Tilboð 1.990þús –stgr-**

Toyota RAV4,
5/2003, ek. 94þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Hiti í sætum, Rafm. Í rúðum og speglum, CD, Varadekkshlíf o.fl
Ásett verð: 1.690þús.

Toyota Yaris Terra,
1/2005, ek. 53þús km, Beinskiptur, ABS, Fjarstýrðar samlæsingar, CD, Líknarbelgir, Vökvastýri o.fl.
Ásett verð: 1.190þús
Tilboð: 1.050þús –stgr-

Daewoo Musso Grand Luxe,
E-32 33", 1/1999, ek. 161þús. km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Dráttarbeisli, Filmur, CD, Glertopplúga, Kastar, Leður, Rafm. í rúðum og speglum o.fl. Ásett verð: 960þús
Tilboð: 790þús –stgr-

Daewoo Musso Grand Luxe,
E-23, 2/2002, ek. 83þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, CD, Rafm. í rúðum og speglum o.fl.
Ásett verð: 1.590þús **Tilboð: 1.380þús –stgr-**

Hyundai Accent 1300,
LSI, 2/2002, ek. 99þús km, Beinskiptur, CD, Líknarbelgir, Velti og Vökvastýri o.fl.
Ásett verð: 490þús **Tilboð: 290þús –stgr-**

Hyundai Getz GLS
1300, 9/2004, ek. 24þús km, Beinskiptur, ABS, CD, Líknarbelgir, Rafm. í rúðum og speglum, Fjarstýrðar samlæsingar o.fl.
Ásett verð: 1.150þús

Skoda Octavia Ambiente Combi,
4/2005, ek. 42.þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Filmur, CD, Handfrjáls búnaður, Rafm. í rúðum og speglum, Reyklaus, Þakbogar o.fl.
Ásett verð: 1.490þús **Tilboð: 1.350þús –stgr-**

Bíldshöfða 10 - S: 577 2800 / 587 1000

Rúmgott Hobby 650 KFU til sölu, verð 2.4 milljón. Sjónvarp o.fl. er á 2 hásingum. Árgerð 2005, aðeins notað sumar 2006. Sími 863 2820.

Til sölu Hobby Excelsior árg.'06. Uppl. í s. 892 5363.

Fellihýsi

Bílabankinn

Óskum eftir fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum á skrá og á staðinn. Bílabankinn erum í bílakjarnanum Eirhöfða 11 og má sjá söluskrá www.bilabankinn.is s. 588 0700.

Dutchmeinn 801 Duck fellihýsi árg.'96. Verð 350 þ. Uppl. i s. 867 3022.

Til sölu trailmanor 2619 fellihjólhýsi, árg '01. Upphækkað með fortjaldi, sólarsellu, heitt og kalt vatn, sturta, klósett, ísskápur og fleira. Svefnpláss fyrir 6, sjón er sögu ríkari, sjá nánar á www.trailmanor.com Nánari uppl. í síma 864 1052.

Til Sölu '06 Fleetvood Bayside 12 fet með heitu & köldu vatni, útisturtu, WC, 220W, farangusbox, grjótgrind, og Sólskyggni. Fellihúsið er á loftpúðum og með sólarsellu Glæsilegt fellihús og ónotað eins og nýtt. Verð 1950 þús. Uppl. í s. 893 5414, Ágúst.

Til sölu Coleman Taos fellihýsi árg.'04, fortjald fylgir. Uppl. í s. 896 7474.

Til sölu Coleman Taos 8,5 fet. Sólarsela, fortjald, miðstöð. Verð 500 þús. Uppl. í s. 663 8155.

Fellihýsi til sölu.

Viking árg. '98. Fylgir sólarrafhlaða, fortjald, svefntjald og ýmsir smáhlutir. Verð 500.000. Til sýnis í Hjálmholti 5. Nánari uppl. í s. 553 0221 & 896 0221.

Palamino Colt árg. '06. Lítið notað fortjald og svefntjald fylgir. Fleiri aukahlutir. Verð 1.120 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 699 3686.

Colman Columbia Árg.'88 Með brotna grind og bilaðan upphífubúnað, með miðstöð til sölu. Tilboð óskast í s. 897 4219.

Til sölu Palomino Colt árg.'99 með fortjald, skyggni, sólarsellu, ísskápur, loftpúðar, útvarp og fl. S. 892 7800.

Tjaldvagnar

Til sölu tjaldvagn, árgerð 2000. Verð aðeins150.000. Hobbyhúsið Dugguvogi 12. S. 517 7040 www.hobbyhusid.is

Til Sölu Montana Easy Camp árgerð 2004, vel með farinn vagn. Upplýsingar í síma 895 8413.

Til sölu er nýlegur Combi Camp tjaldvagn m. eldhúseiningu, fortjaldi, álkassa á beisli og einangrun. Uppl. í s. 554 2558 & 893 2258.

6 m. eldri Compi Camp & fortj. Fínn í sumar. Dýnur, gaseldunaraðst. og ýmisl. fl. V. 65 þ. S. 845 4096.

Bátar

30 Hp Mercury utanbmótor 3 ára , verð 220 þús., ath. skipti á minni mótor. S. 896 6366.

Vinnuvélar

Erum með til leigu Beltahjólbörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikkanlegum beltagangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur EHF. S. 544 8444.

CASE Grafa, 7Tonn, Árg '99, Gúmmíbelti, 3 Skóflur, Tönn, 2,8milj. +Vsk, 867 2647

Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

Lyftarar - tilboð

1,8t rafm.lyftari, 1.190þ án vsk. 2,5t dísellyftari, 1.490þ án vsk. Nýjir lyftarar á sértilboði. ALORKA, s. 577-3080. www.alorka.is

Varahlutir

Vélar ehf.

Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. Vélar ehf. Vatnagörðum 16, sími 568 6625. www.velarehf.is

Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partaland s. 567 4100

Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Lancer '98 station, Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

KEYPT & SELT

Til sölu

Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Garðhúsgögn! Rýmingarútsala!!

Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.

Fyrirtæki og stofnanir
Stubbastrumpar. Viltu losna við sígarettustubba og tyggjókessur? Einnig til á vegg. Framleiðandi One Stone ehf
Pöntunarsímar 661 3799 & 892 3750.

Lagersala á nýjum húsgögnum, frá Ítalíu frá kl. 9 -16, alla daga. Allt að helmings afsl. Visa/Euor. Melabraut 17 hfj. að ofanverðu S. 820 4055

Gas ísskápur b. 51 cm x H 77 cm x D 58 cm. 40 þ. kr. Gas + rafm. Eldavél B 58 x D 50 x H 4. 10 þ. kr. Áhugasamir komið á Flúðasel 67. Bjalla Katla. Alla virka daga milli kl. 18-20.

Antík skrifborð til sölu. Uppl. á cgtms@hotmail. com.

Til sölu handprjónaðar peysur, húfur og kjólar. Módel flíkur frá aldrinum 0-6 ára f. stelpur og stráka. Uppl. í s. 561 8028.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljóðfæri

Yamaha Stage Custom til sölu. 10,12,14", 14" snerill, 14" Pearl Piccolo snerill, K custom ride, Zildjian Avedis Hihat, Zildjian Edge Crash og ride, stóll, töskur, statíf og fl. Frábært sett. V. 150 þ. S. 895 1508.

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.15.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

TIL SÖLU

TIL SÖLU

TIL SÖLU

Vélar og verkfæri

Handfræsarar og fræsitennur Ásborg - Smiðjuvegi 11 Sími 564 1212.

Til bygginga

Til sölu hringstigi úr iðnaðarhúsnæði. S. 662 0262.

Verslun

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tek að mér öll almenn þrif í heimahúsum og fyrirtækjum. Vönduð og góð vinnubrögð. Hef meðmæli. S. 823 2464.

Garðyrkja

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

Sláttuvélamarkaðurinn
Traktor 20hpBriggs & Stratton, vökvaskiptur, sláttubreidd 107 cm. Vortilboð: 269.900kr. Sláttuvélamarkaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.

Garðaúðun s. 553 2999
Garðaúðun, garðaúðun. Örugg þjónusta í yfir 30 ár. ÚÐI, Brandur Gíslason skrúðgarðam.

Gerum allt fyrir garðinn þinn. Varist ódýrar eftirlíkingar. Sláttumenn, Magnús 862 8618 & Þórhallur 846 0864.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Garðyrkja
Úðun, klipping, mold, sláttur, felli tré og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416, Eiríkur.

Er með smágröfu til jarðvegsskipta og almennrar lóðavinnu. Uppl. í s. 898 5500.

Bókhald

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

Meindýraeyðing

Garðúðun meindýraeyðir ehf.
Úða garða, öll almenn meindýraeyðing og illgresiseyðing. Eyði könguló af húsum, geitungabúum og starrafló. Með leyfi frá Umhverfisstofu. Sigurður Ingi Sveinbjörnsson, s. 567 6090 & 897 5206.

Meindýravarnir

- Guðmundur Óli Scheving -
- Tek að mér meindýravarnir -
Gegn nagdýrum - skordýrum - áttfættlum og fuglum. Eyði geitungabúum og úða fyrir köngulóm. Útvega allan búnað - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi.
Upplýsingar og pantanir í síma 892 9121 Geymdu auglýsinguna.

Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum, úti og inni, sandspörtslun. Föst verð og tímavinna. S. 693 2625, Sigurður & 897 2945, Kristmundur. List-verk.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðarflutningar
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir
Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Bella.is s. 567 07 57.
Símaspá, tarot, draumaráðningar, andleg leiðsögn. Fyrirbænir. Kl. 17 - 23 virka daga. Euro/Visa. Sjá Bella.is

Rafvirkjun

Tek að mér lagnir, viðgerðir, loftnet, kapla, bilanaleit og fleira. Björgvin Leonardsson rafvirki, Völvufelli 26, 111 Rvk. S. 562 2580 & 893 0297.

Önnur þjónusta

Fatabreytingar
Allar fatabreytingar, styttum buxur samdægus, skiptum um rennilása á buxum og jökkum, einnig leðurjökkum.
Opin mánudag- föstudag frá kl 10- 17.30. laugardaga 10-14. Sími 552 5540. Skraddarinn á Horninu Lindargötu 38.

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s.8625920

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Nudd

Nudd nudd nudd. S. 659 9420.

Námskeið

INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
4 vik má-fös 18-19:30 að byrja 2/7 og 24/9, Ármúla 5. S. 588 1160/ff@icetrans.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

Húsgögn

Til sölu leðursófasett (sófi+2stólar) og sófaborð, allt kr. 50.000þús. S. 824 0850.

Fatnaður

Vill einhver passa æðislegan íslenskan hund í 2 vikur. S 690 6146.

Dýrahald

Blandaður 9 mán. Persi fæst gefins með klósetti, rúmi og klórusúlu. S. 695 3346

Kettlingar, 2 bröndóttir og 1 grár fást gefins gegn því að vera sóttir. Uppl. í s. 848 0026, Svavar.

Papillon rakki til sölu. 4 mán hreinræktaður Papillon rakki til sölu. Ormenrktur, bólusettur og ormahreinsaður Ættbók frá HRFÍ. Sími 660 8650.

Hreinræktaðir snögghærðir Chihuahua hvolpar til sölu faðir Danskur meistari ný innfluttur hreilsufarss. og ættbókarf. Uppl. í síma 863 0474.

5 mán. Basenji hvolpur til sölu. Nánari uppl. gefur Seina í síma 863 7478.

Til sölu 2 snöggar Chihuahua tíkur, örmerktar og bólusettar. Tilbúnar til afhendingar. Uppl. í s. 845 4096.

Ýmislegt

- Beachcomber -
Kanadískir heitir pottar
Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.
11 ára reynsla á Íslandi.
Opið alla daga frá 9 til 21.00.
Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Allt að 50% útsala, persnesk teppi, húsgögn, gjafavörur. www.zedrus.is, Hlíðasmára 11, Kópavogi. S. 534 2288.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playja de Aro og Valladolid. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Orlofsíbúð á Akureyri
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

Tapað - Fundið

Ég heiti Arnar Freyr og hjólið mitt var tekið fyrir ca.4 vikum.

Mamma mín er búin að auglýsa mikið eftir hjólinu mínu en án árangurs. Okkur mömmu minni langar að koma þakklæti til allra þeirra sem hafa haft samband en því miður þá hefur hjólið mitt enn ekki fundist.

Ef einhver gæti veitt okkur upplýsingar um hjólið mitt þá er síminn hjá mömmu 897 1551. Takk fyrir aðstoðina allir sem hafa hringt og bent okkur á hjól. Kv. Arnar Freyr.

Auglýsi eftir brúnni rottu u.þ.b. 30cm löng. Sást síðast v Háal.braut síðastliðin laugard. Uppl. í síma 868 3757 Kjartan.

Ýmislegt

Einkamál

18plús.is.
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Eldri borgari óskar eftir að komast í kynni við einhleypa, fullorðna konu. Þarf að eiga bíl og hafa áhuga á gönguferðum. Svör berist Fréttablaðinu fyrir 4.júlí nk. merkt „Einn greiði er annars verður"

Celebrity.is
.Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

12,5 fm herbergi til leigu með örbylgjuofni og íssskáp og sameiginlegu WC. Leiga 28þús + 1mán trygging. Leigist eingöngu snyrtilegum og helst reyklausum einstakling. S. 694 1202.

Til leigu 12 fm herb. í Kóp. með fataskáp, vaski og aðgang að WC. Uppl. í s. 554 6674.

3ja herb. íbúð í Hafnarfirði rétt hjá Flensborg til leigu. Bankatrygging. Leigutími 3 mán til 1 ár og möguleiki á framlengingu. Meðmæla er óskað. Leigufjárhæð kr. 130 þús/mán. Sjá http://supersonic.eloadsheet.net/ibudir Uppl. í s. 893 1787.

Ég er 23 ára stúlka með 2 ára barn og bý í 86 fm. íbúð í Grafarvogi, óska eftir meðleigjanda. Áhugasamir hafið samb. í s. 696 0940.

Húsnæði óskast

Óskum eftir amk 3ja herbergja íbúð í Salahverfi í Kópavogi sem fyrst. Erum reyklaus og reglusöm. Fyrirframgreiðsla í boði. Uppl. í síma 864 8835.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð helst í Kópavog eða Hafnarfirði, eingöngu langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5157.

Óska eftir snytilegri 2 herb. eða stúdíó íbúð frá 01. júl. Verðhugmynd 60-70 þús., öruggum greiðslum og reglusemi heitið. Góð meðmæli. S. 863 1746.

Húsnæði til sölu

Íbúð til sölu

Til sölu er stúdíóíbúð að Furugrund 75, Kópavogi. Um er að ræða íbúð á 2. hæð ásamt geymslu. Íbúðin er skráð 36 fm. hjá FMR. Til viðbótar er geymsla í kjallara c.a. 6 fm. og svalir c.a. 10 fm.
Íbúðin skiptist í baðherbergi, svefnherbergi, stofu og eldhús. Eldhús og stofa er eitt rými en stúkað af með hluta eldhúss innréttingar. Íbúðin er laus nú þegar. Tilboð óskast.
Nánari upplýsingar veitir Jónas A. Þ. Jónsson hdl., í s. 896 1377 eða í tölvupósti jonas@fjarfestir.is

Sumarbústaðir

Til sölu er 13,4m2 gesthús, gesthúsinu fylgir rafmagnstafla, vatnshitakútur, wc-aðstaða, eldhúsinnrétting með vaski, ísskápi og helluborði, svefnlofti og setustofu með hornsófa (svefnsófi). Gesthúsið stendur í borgarfirðinum 10km frá Borgarnesi. Verð 1.500.000kr Uppl. í s. 846 4085 & 483 1118 eða netfang ssveinsdottir@actavis.is

Húsafell
Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli LAUS vikuna 6-13 júl. & 20-03águ. Uppl. í s. 895 6156. Geymið auglýsinguna.

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Gisting

Sumargisting í Rvk.
3. Herb. ný íbúð, fullbúin húsgögnum, 4-5. rúm, ADSL, 2 nætur eða fl. Pantið tímalega. Heimas. eyjasolibudir.is símar 898 6033 & 698 9874.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus -
Call Joao, tlf. 864-9873

AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi
Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfumenn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

Afgreiðslustarf
Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir.
Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@internet.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

N1 óskar eftir að ráða bifvélavirkja til mótorhjólaviðgerða á þjónustuverkstæði félagsins að Funahöfða, Reykjavík. Um er að ræða allar almennar mótorhjólaviðgerðir sem og önnur tilfallandi störf á verkstæðinu. Æskilegt er að viðkomandi hafi próf í bifvélavirkjun, sé stundvís og búi yfir þjónustulipurð og samskiptafærni. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Finnbogason í síma 440 1240. Einnig er hægt að sækja um starfið á www.n1.is

Veitingahús
Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.
Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.

Bílstjórar óskast.
Pósthúsið óskar eftir duglegum bílstjórum í vinnu. Vinnutíminn er frá 8-16.
Allar nánari upplýsingar má finna á www.posthusid.is og í síma 585 8300.

Hársnyrtifólk ath.
Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki í leigustóla á nýja og stórglæsilega hárgreiðslustofi í Smáralind. Sanngjörn leiga fyrir rétta aðila. Gríðarlega spennandi verkefni framundan.
Uppl. í s. 692 1213.

Devitos Pizza!
Óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu bæði kvölds og morgna í afgreiðslustarf og pizzabakstur.
Uppl. í s. 697 8434.

Bakarí í Garðabæ
Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Garðabæ. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 & aðrahvora helgi.
Uppl. í s. 899 8212.

Ísbúð & Grill í Garðabæ
Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast. Vaktavinna.
Einnig vantar fólk á kvöldin og um helgar.
Uppl. í s. 899 8212.

Cafe Oliver
Cafe Oliver óskar eftir matreiðslumönnum í framtíðarstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Atla í síma 694 7116.
Chefs needed!

Hressingarskálinn Austurstræti
Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar aðstoðarmann í eldhús, þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is

Sumarafleysingar
Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Kópavogi. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 og aðrahvora helgi.
Uppl. í s. 899 8212.

Vélamenn - bílstjórar
Óskum eftir að ráða vanan gröfumann á 18 tonna hjólavél og bílstjóra á 4ra öxlna bíl.
Uppl. í s. 660 1150, Trausti & 660 1155, Guðmann.
Fjölverk Verktakar ehf

Ásberg ehf
Bílstjóri óskast á 4 öxla bíl.
Vélamenn óskast á beltagröfur.
Vélamenn óskast á ýmsar smávélar. Mikil vinna í boði.
Uppl í síma: 894-2089 Halli eða 892-0419 Markús.

ATVINNA - Skrifstofa 50% starf
Bílabúð Benna óskar eftir að ráða starfsmann í 50% starf á skrifstofu. Starfið felst í umsjón með söluuppgjöri, skráningu önnur skrifstofustörf. Við leitum að talnaglöggum og samviskusömum einstaklingi með reynslu af skrifstofustörfum. Vinnutími samkvæmt samkomulagi. Umsækjendur þurfa að geta hafið stöf sem fyrst.
Umsóknir berist til Inga Más ingi@benni.is fyrir 2. júlí 2007.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neigbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

Meiraprófsbílstjóri eða bílstjóri óskast. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbílstjóra eða bílstjóra. Akstur á Rvk-svæðinu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785, Hrannar.

Veitingastaður í miðbæ Rvk. óskar eftir þjónum, barþjónum og dyravörðum. Ekki yngri en 18 ára. Áhugasamir hafi samband í s. 698 1167.

Landbrot hf.
Vantar vanan gröfumann og meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 7320.

Óska eftir vönum vélamanni sem allra first á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 898 1649.

Vantar strax!!
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Sumarafleysingarmaður með meirapróf óskast, góð laun og mikil vinna í boð. S. 894 5476.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar um helgar. Leitað er að samviskusömum og stundvísum einstaklingum. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið leo@egils.is fyrir 1. júlí n.k.

Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?
Tímaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í sölustarf á kvöldin. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Ungt starfsfólk óskast í gróðursetningu í Grímsnesi í nokkra daga í júní. Uppl. um aldur, starfsreynslu og launakröfur sendist á grimsnes@visir.is

Óska eftir meiraprófsbílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 821 3770.

Rafvirkjar og aðstoðamenn rafvirkja Rafverktaka fyrirtækji á höfuðborgarsvæðinu vantar rafvirkja og aðstoðamenn rafvirkja til vinnu. Nóg af skemmtilegri vinnu framundan S. 660 1655.

Starfsmenn í sælgætisgerð. Vegna aukinna umsvifa vantar röska og hressa starfsmenn í framleiðslu sælgætis hjá sælgætisgerðinni Freyju. Laun skv. samkomul. Vinnutími kl. 8-18 mán-fim. Frí föstud. Nánari uppl. kl. 8-16 í síma 540 4500.

Fagráðning ehf.
Óskum eftir að ráða manneskju á skrifstofu, vinnutími 9-17 alla virka daga. Góð laun í boði. Þarf að vera pólsku, ensku og íslensku mælandi. Uppl. í s. 820 8888, Júlíus.

Maður óskast með gamla prófið eða meirapróf á Nýju sendibílastöðina. Bæði í fullt starf og til afleysinga. Má byrja strax. Uppl. í s. 615 0015.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Halló ég er 17 ára stelpa utan að landi og er að leita mér að vinnu á miðsvæði Rvk. Ég er hörkudugleg og vön að vinna. Allt kemur til greina. Get byrjað strax. Síminn minn er 868 1509. Halldóra.

Matreiðslumeistari um fimmtugt með víðtæka reynslu óskar eftir framtíðarstarfi á stór Rvk-svæðinu. Annað en matreiðsla kemur vel til greina. Ef þú hefur áhuga þá vinsamlegast sendið email á matur@isl.is

25 ára karlmaður með meirapróf óskar eftir vinnu við útkeyrslu, sölustörf koma einnig til greina. Er ábyrgur og áreiðanlegur með mikla reynslu. Uppl. í s. 693 8151.

Viðskiptatækifæri

Heildverslun óskar eftir Sölufólki
Óska eftir reynslumiklum sölufólki í heildverslun til að sjá um sölu á vönduðum undirfatnaði, sokkabuxum, sundfatnaði o.fl.
Umsókn send á mail.
ice-fashion@simnet.is Sími 845 7869

TIL SÖLU

Heildsala – Smásala
Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: galle@isl.is.

ATVINNA

Reykjanesbær
Kranamaður: Vantar vanan kranamann frá 15. ágúst. Upplýsingar Vigfús 840-6104.
Pípulagnir: Vantar mann vanan pípulögnum sem fyrst. Upplýsingar Gulli 840-6115.
Nesbyggð ehf.

TILKYNNINGAR

Óskum eftir að kaupa fasteignafélög eða eignasöfn.
Vinsamlegast hafið samband í s. 897 4693 eða á arni@icemail.is

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Opinn kynningarfundur um tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps verður haldinn í félagsheimilinu Miklagarði miðvikudaginn 27. júní nk. kl. 20.00. Um er að ræða aðalskipulag sem gilda á fyrir árin 2006-2026.

Á fundinum mun Halldór Jóhannsson, frá Teikn á lofti, gera grein fyrir aðalskipulaginu en fyrirtækið hefur unnið að skipulagsvinnunni.

Íbúar sveitarfélagsins og aðrir sem áhuga hafa á málinu eru hvattir til þess að mæta á fundinn og kynna sér skipulagstillöguna. Tillagan verður jafnframt aðgengileg á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps, www.vopnfjardarhreppur.is

Sveitarstjóri

OPERATORA KOPARKI zatrudni firma Klæðning ehf.
Wysoka pensja, pelne wyzywienie, dobre warunki pracy.
Informacja w jezyku polskim 6647038, dariusz@klaedning.is

Klæðning ehf.
www.klaedning.is

ÁSBERG ehf. verktakar

Bílstjóri óskast á 4 öxla bíl.

Vélamenn óskast á beltagröfur.
Vélamenn óskast á ýmsar smávélar.
Mikil vinna í boði.

Uppl í síma:
894-2089 Halli eða 892-0419 Markús.

MÁLMTÆKNI
ALL • STÁL • PLAST

Atvinna í boði

Vegna aukinna verkefna óskar Málmtækni HF eftir duglegum og traustum aðila í fullt starf

Í starfinu felst vinna við afgreiðslu og lagerstörf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Sigurbjörnsson í síma 580-4500 eða Magnús í síma 580-4518.

Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti á mt@mt.is
Upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.mt.is

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

Hólmsheiði, jarðvegsfylling

Tillaga að deiliskipulagi á hluta af Hólmsheiði vegna stækkunar á losunarsvæði og framlengingu á Reynisvatnsvegi.
Tillagan felur í sér stækkun á jarðvegstipp við hitaveitutanka á Hólmsheiði til suðurs úr einni og hálfri milljón m3 á tuttugu ha.af landi í fjórar milljón m3 á þrjátíu og tveimur ha. af landi. Aðkoma er um tengibraut frá Reynisvatnsvegi að Langavatni og bráðabirgðavegi frá Langavatni að jarðvegstipp. Núverandi aðkoma frá Hafravatnsvegi er óbreytt. Gert er ráð fyrir að reiðstígur í vegstæði bráðabirgða vegar verði færður um einn komma tvo, (1.2) km til vesturs.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Holtavegur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal austur vegna nýrrar lóðar við Holtaveg á svæði sem afmarkast af Holtavegi, skólagörðum og göngustíg og húsum við Álfheima.
Tillagan gerir ráð fyrir að á lóð númer 29b við Holtaveg verði byggt hús (sambýli) á tveimur hæðum með sex einstaklingsíbúðum. Hús skal að öllu leyti vera innan byggingareits og bílastæði á lóð verða fjögur.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Sóltún 2-4

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ármannsreit við Sóltún vegna húsanna á lóðum við Sóltún 2 - 4.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að á lóðinni að Sóltúni 4 megi byggja sex hæða hús, í stað fjögurra hæða, fyrir hjúkrunartengda þjónustu auk einnar hæðar tengibyggingar við núverandi hjúkrunarheimili. Lóðirnar Sóltún 4 og Sóltún 6 verða ein lóð og verður sameiginleg bílastæðaþörf alls 174 bílastæði. Gert verður ráð fyrir bílakjallara undir núverandi stæðum við Sóltún 2 sem myndi rúma 78 stæði. Sameiginleg lóð stækkar um 310 m² vegna stækkunar byggingareits
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 27. júní 2007 til og með 8. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 8. ágúst 2007.**
Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 27. júní 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIÐ HÚS Í DAG

Vatnsholt 2

Parhús með 2ja herb. aukaíbúð
Opið hús í dag frá kl. 17-18

Frum

Vandað 240 fm parhús, tvær hæðir og kjallari auk 25 fm sérstæðs bílskúrs á þessum eftirsótta stað. 2ja herb. aukaíbúð með sérinngangi er í kjallara. Eignin skiptist m.a. í þrjár stórar samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir, rúmgott eldhús með góðri borðaðstöðu, fjögur rúmgóð herbergi auk fataherbergis. Í kjallara eru auk sér íbúðar þvottaherbergi og tvær geymslur. Aukin lofthæð er á aðalhæð hússins. Útgangur á suðursvalir úr stofu og til vesturs út af einu herbergi á efri hæð. **Verð 64,9 millj.**
Eignin verður til sýnis í dag, miðvikudag, frá kl. 17-18
Verið velkomin.

Frum

OPIÐ HÚS Í DAG KL.17.00 – 18.00
17. JÚNÍ TORG Nr. 3 / SJÁLANDI

Garðabær – Sjáland
50 ára og eldri
Opið hús í dag
17. júní torg nr. 3
Glæsileg sýningaríbúð á 4. hæð.

Þórarinn, sími 849 1798
og Ásdís, sími 898 3474

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

LAUGAVEGUR 86-94 – GLÆSILEG NÝBYGGING
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18

Frum

Mjög vandaðar, 2ja og 3ja herbergja íbúðir á 2. og 3. hæð í glæsilegu lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar.

Íbúðirnar eru fullbúnar, með vönduðum eikarinnréttingum og fataskápum. Eikarparket á gólfum. Baðherbergisgólf og veggir eru lögð marmarasteini og með vönduðum tækjum frá Phillipe Starck og Duravit. Innfelldir speglaskápar eru í baðherbergjum. Í eldhúsum íbúðanna eru gæða tæki frá AEG úr burstuðu stáli, þ.e. ísskápur með frysti, uppþvottavél og bökunarofn með keramikhelluborði. Hiti er í gólfum og gólfsíðir gluggar eru í stofum. Svalir eru á öllum íbúðum og möguleiki að kaupa sérbílastæði með hverri íbúð. Aukin hljóðeinangrun er í gólfum og veggjum. Dyrasími með myndavélakerfi í hverri íbúð. Sameign hússins er afar glæsileg, lögð svörtu graníti.

ÍBÚÐIRNAR AFHENDAST VIÐ KAUPSAMNING – BILASTÆÐI KR. 1.500.000

ÍBÚÐIRNAR VERÐA TIL SÝNIS Í DAG, MÁNUDAG, FRÁ KL. 17-18
SÖLUMENN VERÐA Á STAÐNUM. - VERIÐ VELKOMIN!

2. HÆÐ	3. HÆÐ	4. HÆÐ
Íbúðirnar eru frá 70,4 fm upp í 94,5 fm. Verð er frá 26.308.000 kr.	Íbúðirnar eru frá 70,4 fm upp í 124,6 fm Verð er frá 28.420.000 kr.	ÖLL SELD

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4 - SÍMI 570 4500 - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

JACK LEMMON (1925-2001) LÉST ÞENNAN DAG

„Mistök stoppa þig sjaldan. Það sem stoppar þig er óttinn við að gera mistök.“

Jack Lemmon var ástsæll bandarískur gamanleikari. Hann var þekktur fyrir myndir eins og Some Like It Hot og Grumpy Old Men.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. JÚNÍ 1979

Ali hættir í hnefaleikum

Á þessum degi árið 1979 tilkynnti hnefaleikarinn Múhammeð Alí að hann ætlaði að draga sig í hlé frá íþróttinni. Hann hafði þá verið heimsmeistari í hnefaleikum og varið titil sinn alls nítján sinnum.

Á yngri árum sínum hét Múhammeð Alí Cassius Marcellus Clay yngri en hann tók sér nafnið Múhammeð þegar hann gerðist múslimi. Hann komst í fréttirnar þegar hann neitaði að ganga í herinn þegar Víetnamstríðið stóð sem hæst. Vegna þess var hann dreginn fyrir rétt, heimsmeistaratitillinn tekinn af honum og hann settur í leikbann í þrjú og hálft ár. Múhammeð Alí vann þó titilinn aftur tvívegis eftir að hann mátti keppa á ný.

Árið 1979 tilkynnti Múhammeð Alí svo að hann myndi draga sig í hlé eftir tvo erfiða bardaga við Leon Spinks. Hann sneri þó aftur um stutta stund á árunum 1980 til 1981 með slæmum árangri.

MÚHAMMEÐ ALÍ Alí komst í fréttirnar þegar hann neitaði að ganga í herinn er Víetnamstríðið stóð sem hæst.

MERKISATBURÐIR

1855 Gufuskip kemur til Íslands í fyrsta sinn. Þetta var danska skrúfuskipið Thor.

1921 Rafstöðin við Elliðaár er vígð að dönsku konungshjónunum viðstöddum.

1925 Lög um mannanöfn voru staðfest. Samkvæmt þeim mátti enginn taka sér ættarnafn.

1940 Þjóðverjar byrja að nota Enigma-dulkóðunarvélina.

1950 Truman Bandaríkjaforseti gefur fyrirskipun um að senda eigi hermenn til Kóreu.

1957 Sýnt er fram á bein orsakatengsl milli reykinga og lungnakrabbameins.

1990 Bob Dylan, hinn þekkti bandarískur söngvari og lagahöfundur, hélt tónleika í Laugardalshöll.

AFMÆLI

Pétur Pétursson, ljósmyndari og fyrrum knattspyrnumaður er 48 ára.

Fjölnir Þorgeirsson athafnamaður er 36 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

Tobey Maguire leikari er fæddur á þessum degi árið 1975.

Vera Wang fatahönnuður er fædd á þessum degi árið 1949.

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Indriðadóttir

frá Skjaldfönn,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 23. júní. Hún verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 28. júní kl. 13.00. Jarðsett verður í Ísafjarðarkirkjugarði föstudaginn 29. júní kl. 17.00.

Indriði Aðalsteinsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Jóhann Aðalsteinsson
Kristbjörg Lóa Árnadóttir
Ólafur M. Håkansson
Helga Þorvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku pabbi minn og bróðir okkar

Þorkell Þ. Snædal

frá Skjöldólfsstöðum

er látinn. Jarðsett verður í kyrrþey.

Elín Þóra Þ. Snædal og systkini Þorkels.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorgils Georgsson

Klébergi 12, Þorlákshöfn,

andaðist sunnudaginn 24. júní á Kumbaravogi. Útför hans verður gerð frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn föstudaginn 29. júní kl. 10.30.

Sigurveig Sigþórsdóttir
Dóra Þorgilsdóttir
Gunnar Þorgilsson
Magnea Guðfinnsdóttir
Sigrún Guðfinna Þorgilsdóttir
Hallgrímur Erlendsson
Hafdís Þorgilsdóttir
Kári Hafsteinsson
Elsa Þorgilsdóttir
Sturla Geir Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn.

JÓN ELÍAS GUNNLAUGSSON: ÍSPLÖNTUR TÍU ÁRA

Byggir á gömlum hefðum

Fyrirtækið Ísplöntur í Ölvisholti í Flóahreppi framleiðir tevörur og fæðubótarefni úr íslenskum lækningajurtum. Jón Elías Gunnlaugsson, stofnandi og eigandi fyrirtækisins, segir notkun jurtanna byggja á aldagömlum hefðum enda séu þær grunnurinn að nútíma lyflækningum.

Ísplöntur fagna tíu ára afmæli í þessum mánuði en fyrirtækið var upphaflega hugsað sem tilraun árið 1997. „Við byrjuðum á að safna og selja rúmlega þrjátíu tegundir af íslenskum lækningajurtum,“ segir Jón sem er menntaður skipstjórnarmaður og gaf upp stýrimannsferilinn fyrir jurtirnar. Hann segist í raun hafa byrjað á öfugum enda í sölunni á jurtunum. „Við byrjuðum á að flytja jurtirnar út í gegnum vefsíðu á netinu, sem var að komast á laggirnar á þessum tíma. Þannig gekk það í eitt ár þangað til ég áttaði mig á því að ég gæti aldrei annað þessari gríðarlegu eftirspurn. Það var því eiginlega sjálfhætt í útflutningi því ég gat aldrei skaffað nægilega mikið hráefni.“

Jón segir næsta verkefni því hafa verið að þróa ræktun jurtanna á akri. „Grundvöllur þess að ná einhverjum árangri í greininni er náttúrulega að hafa nægjanlegt hráefni og að þurfa sem minnst að hafa fyrir því að ná í það,“ segir Jón sem selur í dag tuttugu vörutegundir. „Við erum með tólf tegundir af jurtatei og átta af hylkjum, sem kallast fæðubótarefni í dag. Þetta markaðssetjum við og seljum hér innanlands í heilsuverslanir og stórmarkaði.“

Þrátt fyrir að reksturinn gangi ágætlega segist Jón finna fyrir gífurlegri samkeppni frá innflutningsaðilum sem jafnvel séu ríkisstyrktir. „Útlendingar eru jafnan mjög spenntir fyrir okkar vörum en að sama skapi eru íslenskir neytendur gífurlega áhugasamir um innfluttar vörur.“

FERSKIR FEÐGAR Jón E. Gunnlaugsson, eigandi Ísplantna, nýtur sín mitt í gróðrinum í Ölvisholti ásamt syni sínum Huga Snæ sem er fimm ára.

Spurður um verkun tesins og hylkjanna nefnir Jón sem dæmi að mjaðjurtin sé jafnan kölluð magnýl magans því hún slái á alla vanlíðan í maga eins og of háar magasýrur eða önnur óþægindi. „Eins er maríustakkurinn sérlega góður til að slá á tíðaverki kvenna,“ segir Jón og bætir því við að framtíðarmarkmið Ísplantna sé að þróa ræktunina enn frekar til að eiga nóg af hráefni til útflutnings á fullunninni vöru. **sigridurh@frettabladid.is**

†

Hjartkær bróðir okkar, mágur og frændi,

Sveinn Ágúst Haraldsson

Álfholtsvegi 121, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 21. júní sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Ingibjörg Haraldsdóttir
Hulda Haraldsdóttir
Hrönn Haraldsdóttir
Þorgeir Ólafsson
Trausti L. Jónsson
systrabörn og fjölskyldur.

†

Faðir okkar,

Freysteinn Jónsson

Vagnbrekku, Mývatnssveit,

lést á hjúkrunarheimilinu Seli á Akureyri sunnudaginn 24. júní.

Áslaug Freysteinsdóttir
Hjálmar Freysteinsson
Guðrún Freysteinsdóttir
Egill Freysteinsson

ÚTSALA
ZARA
ÚTSALAN HEFST Á MORGUN

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Fim 28/6 kl. 20 UPPS. Síðasta sýning
LJÓTU HÁLFVITARNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAU 30/6 KL. 21 MIÐAVERÐ KR. 1.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA Svikult sumar

BORGHILDI GUNNARSDÓTTUR FINNST EKKERT HEITT ÚTI

Ég botna ekkert í þessu léttklædda og léttklikkaða fólki hér í Reykjavík. Sprangandi um í stuttbuxum og sandölum eins og við séum á Spáni. Horfir svo forviða á mig þar sem ég kem töltandi í kápu og með trefil. Ég get lítið gert að því en ég er kuldaskræfa af guðs náð. Ég get varla farið í sund því ég er svo hrædd við köldu laugina. Hugsa með hryllingi til skólasundsins í æsku þegar mjónan ég hristist og skalf með fjólubláar varir á meðan ég beið eftir að röðin kæmi að mér að fá að synda smá hlýju í kroppinn. Ég held að það sé kalt í helvíti.

Annars er íslenska sumarið að mínu mati svikulasta sumar í heimi. Alltaf að djóka í manni. „Jæja nú er heitt, farðu út,“ segir það manni með birtu og grænum gróðri. Svo þegar út er komið kemur kaldi íslenski vindurinn og blæs gæsahúð á beru leggina. Þó svo að maður geti með herkjum fundið hlýju með því að sitja í algjöru skjóli þá skal vindurinn alltaf vera kaldur. Eða að minnsta kosti kaldur á minn mælikvarða.

Ég fylgist með fólki fækka fötum eins og mestu strippararar, bara af því að svokallaðir „sumar“-mánuðir hafa litið dagsins ljós. Á meðan læt ég mér kannski nægja að sleppa gammósíunum. Það er rosalegt skref hjá mér. Engar gammó! Þá er sko komið sumar! Ég þykist svo vera eins lítið klædd og hinir heitfengu með því að fara í létta kápu og opna skó. En í rauninni er ég í fullt af peysum undir kápunni og alveg bókað með trebba í töskunni. Og með heitt te í kók-pappaglasinu mínu. Og í ullarbol undir strandkjólnum.

Og með flísteppi á sólbekknum mínum. Og með hitapoka í nærbuxunum. Og svo á ég líka rafmagnshitaðan sundbol. Alveg satt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

NÝR HLJÓÐHEIMUR Ngo Hong Quang leikur á víetnömsk hljóðfæri og kynnir þarlenda tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Nhi og bau

Víetnamski tónlistarmaðurinn Ngo Hong Quang kynnir hlustendum nýjan hljóðheim á tónleikum í Iðnó í kvöld. Quang útskrifaðist frá Tónlistarháskólanum í Hanoi vorið 2006 eftir tólf ára nám á hefðbundin víetnömsk hljóðfæri.

Aðalhljóðfæri hans er tveggja strengja fiðla, nhi, en auk þess spilar hann á eins strengs hljóðfæri, bau, og trommur. Í raun getur hann spilað á hvaða hefðbundið víetnamskt hljóðfæri sem er auk þess sem hann syngur vel. Meðan Quang stundaði nám við Tónlistarháskólann í Hanoi hlaut hann árlega viðurkenningu sem besti nemandinn á hefðbundin hljóðfæri og þegar hann útskrifaðist í fyrravor fékk hann viðurkenningu sem besti nemandi skólans. Quang starfar nú sem kennari við Tónlistarháskólann í Hanoi.

Quang hefur komið fram við fjölmörg tækifæri í Víetnam auk þess sem hann hefur haldið tónleika í Suður-Kóreu og Taílandi. Á ferð sinni til Evrópu nú í sumar mun hann halda nokkra tónleika í Hollandi.

Á tónleikunum í Iðnó mun Quang flytja tónlist fyrir hefðbundin víetnömsk hljóðfæri og einnig kynna hljóðfæri sín fyrir áheyrendum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 en húsið opnar hálftíma fyrr. **-khh**

Kynjamyndir á Korpúlfsstöðum

Hópur þrettán myndlistarmanna og hönnuða sem hafa vinnustofur sínar á Korpúlfsstöðum opna gáttir sínar þessa vikuna og bjóða listunnendum og öðrum forvitnum gestum að kíkja á verk sín. Hópurinn kennir sig við „KorpArt“.

Málarinn Erlingur Valgarðsson útskýrir að viðbrögð gesta á opnum degi hússins hinn 1. maí hafi verið afbragðsgóð og fullt út úr dyrum. Sjálfur hefur hann starfað á Korpúlfsstöðum síðan í september en flestir hinna þátttakendanna fluttu vinnustofur sínar þangað fyrir um þremur mánuðum eða um svipað leyti og Sjónlistamiðstöð var komið á laggirnar í þessu fyrrverandi stórbýli höfuðborgarinnar. Á opnum dögum sem þessum skapast iðulega líflegar umræður milli leik- og listamanna og einnig er hægt að gera góð kaup þegar verslað er beint við listafólkið. Erlingur segir margt að sjá á Korpúlfsstöðum. „Við notum einnig ganga hússins en þar er fólk byrjað að hengja upp; við nýtum húsið eins og kostur er.“ Hópurinn stefnir að því að hafa opinn dag á Korpúlfsstöðum fyrsta laugardag hvers mánaðar í framtíðinni.

Auk Erlings eru eftirtaldir listamenn í hópnum: Olga Dagmar, Hekla, Margrét Zophoniusardóttir, Edda Þórey, Jónína Margrét, Ninný, Æja, Örn Smári, Ólöf, Sólveig Dagmar, Laufey og Dura/xirena.

Vinnustofurnar verða opnar milli 12 og 16 til og með 29. júní. **-khh**

AÐ KÍKJA VIÐ Myndlistin ræður ríkjum á Korpúlfsstöðum og eru áhugasamir hvattir til að nýta tækifærið sem gefst nú í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

24 25 26 **27** 28 29 30

Miðvikudagur

SÝNINGAR

☐ 10.00 Myndlistarmennirnir **Þuríður Sigurðardóttir** og **Helgi Þorgils Friðjónsson** halda sýningar í listamannahúsi **Start Art** á Laugavegi 12b. Sýningarrýmin eru opin virka daga frá 10-17 og á laugardögum milli 13-17. Sýningunum lýkur á morgun.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu. Einnig má skrá viðburði á fréttavef Vísis.

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON
höf. og leikari Benedikt Erlingsson
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20

MÝRAMAÐURINN
höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Led Zeppelin íhugar endurkomu

Þrír eftirlifandi meðlimir hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar Led Zeppelin eru sagðir íhuga að koma saman á ný. Hugmyndin er að koma fram saman á einum tónleikum síðar í sumar. Tónleikarnir verða haldnir til heiðurs Ahmet Ertgun, stofnanda Atlantic Records, en hann lést á síðasta ári. Ertgun þessi vann mikið með Zeppelin á sínum tíma og vilja hljómsveitarmeðlimirnir votta honum virðingu sína með því að stíga aftur á svið í þetta eina skipti.

LENGI LIFIR Í GÖMLUM GLÆÐUM Sviðsframkoma Led Zeppelin var engri lík á sínum tíma. Spurningin er hvort liðsmenn sveitarinnar lumi enn á sömu töktum.

Söngvarinn Robert Plant, gítarleikarinn Jimmy Page og bassaleikarinn John Paul Jones hafa allir tekið vel í hugmyndina, að sögn heimildarmanna breskra fjölmiðla, en með þeim í sveitinni yrði trommuleikarinn Jason Bonham, sonur upprunalegs trommuleikara Zeppelin, Johns Bonham.

Ef af endurkomunni verður mun þetta verða í fyrsta sinn í meira en tuttugu ár sem allir eftirlifandi meðlimir sveitarinnar spila saman undir nafni Led Zeppelin, en síðustu opinberu tónleikar sveitarinnar voru á Live Aid-tónleikunum árið 1985. Síðan þá hafa Page og Plant unnið að ýmsum verkefnum saman, auk þess sem sá síðarnefndi hefur komið fram undir eigin nafni og spilað lög Led Zeppelin.

Ef minningartónleikar Ertgun ganga vel er ekki útilokað að hljómsveitin fari í tónleikaferðalag um heiminn. „Ef þeim verður vel tekið er nánast öruggt að farið verður í tónleikaferðalag," sagði einn heimildarmanna.

LED ZEPPELIN Rokkararnir útiloka ekki tónleikaferðalag.

CRUISE Vísindakirkjan er úthrópuð í Þýskalandi sem ósvífið gróðafyrirtæki og hefur leikaranum verið meinað að taka upp kvikmynd í Þýskalandi vegna trúarskoðana hans.

Cruise í vanda

Þýsk yfirvöld hafa meinað Tom Cruise að taka upp senur í nýjustu kvikmynd hans á grundvelli trúarskoðana Cruise. Samstarfskona Cruise segir trúarbrögð leikarans ekkert hafa með myndina að gera.

Þýski varnarmálaráðherrann tilkynnti þetta nýverið og sagði að bannið væri eingöngu komið til vegna þess að Tom Cruise væri meðlimur í Vísindakirkjunni. Trúarbrögðin eru ekki viðurkennd í Þýskalandi og eru álitin óprúttið gróðafyrirtæki. Paula Wagner, nánasta samstarfskona Cruise, sagði að þetta væri algjört rugl hjá þýskum yfirvöldum enda myndu trúarviðhorf Cruise ekki endurspeglast á neinn hátt í myndinni. Málið er hins vegar nokkuð flókið þar sem efni kvikmyndarinnar er nokkuð eldfimt; Cruise leikur hershöfðingjann Claus von Stauffenberg en hann var einn þeirra sem skipulögðu tilræðið við Adolf Hitler árið 1944.

Þýska varnarmálaráðuneytið sendi frá sér yfirlýsingu nýverið þar sem fram kom að vissulega hefði herinn áhuga á sögulegum og sönnum sögum úr seinna stríði, bannið á Cruise væri alls ekki komið til vegna þessa. „Við teljum að þessi mynd fari langt með að minna umheiminn á að jafnvel meðal nasista ríkti uppreisnarandi gegn ráðandi öflum," sagði Wagner og bætti því að myndin yrði hálfgerður hetjuóður til þeirra sem reyndu að ráða Hitler af dögum. Vísindakirkjan hefur verið úthrópuð í Þýskalandi og eru kenningar hennar sagðar ógna lýðræðislegu frelsi. Forsvarsmenn Vísindakirkjunnar hafa mótmælt þeirri afstöðu þýskra stjórnvalda að kirkjan sé fjárplógsfyrirtæki eingöngu. Fjölskylda hershöfðingjans sagði í samtali við þýska fjölmiðla að hún vonaðist til að Cruise léti Claus von Stauffenberg í friði og tilgreindi þar Vísindakirkjuna sem ástæðuna.

Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

Ljósmyndasamkeppni

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.

Paris brosir breitt

Hótelerfinginn Paris Hilton brosti sínu blíðasta er hún yfirgaf fangelsið sem hún hafði mátt dúsa í frá því í upphafi mánaðarins þar til henni var sleppt úr haldi rétt fyrir miðnætti í fyrradag. Hilton hafði þá afplánað 23 daga af 45 daga dómi en vegna góðrar hegðunar og plássleysis í fangelsinu var hún látin laus fyrr en áætlað var.

Sannkallað fjölmiðlafár ríkti fyrir utan fangelsið í þann mund sem Paris gekk út og kepptust hundruð óðra fréttamanna við að ná tali af stúlkunni. Hún lét þó ekki hafa neitt eftir sér og mun ekki gera fyrr en hún mætir í viðtalsþátt Larrys King á CNN í dag. Paris gekk rakleiðis í átt að foreldrum sínum, Rick og Kathy, og faðmaði þau innilega áður en þau óku á brott í svörtum jeppa.

„Hún hefur greitt skuld sína til samfélagsins og málinu er nú lokið af okkar hálfu," sagði talsmaður fógetaembættisins í LA þegar Paris var sleppt úr haldi.

ÁNÆGÐ Paris Hilton var greinilega létt að losna úr prísundinni. Hótelerfinginn segist breytt manneskja eftir fangavistina.

FAÐMAR MÖMMU Foreldar Parisar, Kathy og Rick, sóttu dóttur sína í fangelsið.

FJÖLMIÐLASIRKUS Hundruð fjölmiðlamanna voru samankomin fyrir utan fangelsið þegar Paris var látin laus.

ERFITT LÍF Svona voru viðbrögð Parisar þegar hún var flutt í fangelsið.

Baader-maður óskast

Á frystitogarann Hrafn Sveinbjarnarson GK-255.
Upplýsingar í síma 852 3727 eða 892 2502.

ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

+ Nánari upplýsingar og bókaðu á www.icelandair.is
Sölutímabil Special Offer tilboða: 22. júní–13. júlí.
Ferðatímabil: 17. júlí–10. desember.
Takmarkað sætaframboð.
Frá 9.900 kr. aðra leiðina
Stokkhólmur
WWW.ICELANDAIR.IS
ÍSLENSKA SIA.IS ICE 36661 06/07

Landið er fallegra á löglegum hraða

UMFERÐARSTOFA
Ferðamálastofa
www.ferdalag.is

Damon frumsýnir óperu

Nýtt verk Damons Albarn verður frumsýnt í Manchester á morgun. Verkið er sungið á mandarín-tungu og spilað er undir á glerharmonikku.

ÞARF ÁVALLT AÐ UPPGÖTVA Á EIGIN SPÝTUR Damon Albarn er völundur á tónlistarsviðinu eins og sannast með nýju verki hans sem er ópera. NORDICPHOTOS/AFP

Ópera eftir popparann Damon Albarn verður frumsýnd í Manchester á Englandi á morgun. Verkið ber heitið „Monkey: Journey to the West“ en í viðtali við dagblaðið The Telegraph heldur tónskáldið því fram fullum fetum að þar sé ópera á ferð. Verkið er sungið, reyndar á mandarín-tungu, en greinarhöfundurinn getur þess að betra væri að líta á verkið sem kínverskan „byltingar-ballett“ með rúmlega þrjátíu fimleikamönnum og dönsurum auk myndskreytinga Jamies Hewlett sem skrýtt hefur margmiðluð verkefni hljómsveitarinnar Gorillaz.

Hljóðfæraskipan er einnig heldur óvenjuleg en þar er leikið á glerharmonikku, kínverskar lútur og flautur auk hins tignarlega spils ondes Martenot sem tónskáldið franska Olivier Messiaen hampaði mjög og Albarn getur að hann sé nokkuð heillaður af.

Hljóðfæraleikarnir grípa einnig í túbur og fiðlur en eini þátttakandinn í flutningnum sem er algjörlega af „klassíska skólanum“ er stjórnandi ævintýrisins, André de Ridder, en hann stýrði nýlega tónleikauppfærslu á óperu Hafliða Hallgrímssonar, Viröld fláa, sem sýnd var hér á vordögum í tilefni af Listahátíð.

Sjálfur segist Albarn aðeins hafa séð eina óperu, Orfeus eftir Monteverdi sem leikstjórinn Shi-Zheng setti upp en sá leikstýrir einnig þessu nýjasta útspili Albarns. Sagan sjálf er einnig komin frá Zheng en hún byggir á fornri kínverskri goðsögu.

Albarn er sagður lítt gefinn fyrir að endurtaka sig svo forvitnir lesendur gætu þurft að hafa hraðann á ætli þeir ekki að missa af þessum viðburði en sýningum á verkinu lýkur 15. júlí.

kristrun@frettabladid.is

Tvö fyrirtæki slást um Star Trek

„Ég get ekkert tjáð mig um þetta mál,“ segir Jón Bjarni Guðmundsson hjá Saga Film. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir nú kapphlaup milli Saga Film og Pegasusar um tökur á nýjustu Star Trek-myndinni.

DV greindi frá því í gær að fulltrúar frá kvikmyndaverinu Paramount væru staddir hér á landi til að skoða tökustaði fyrir myndina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa bæði Saga Film og Pegasus sýnt þeim hentuga tökustaði. Hollywood-mennirnir eru hins vegar mjög varir um sig og hafa krafist algjörrar þagmælsku af hendi fulltrúa fyrirtækjanna og því eru ferðirnar algjört hernaðarleyndarmál. Snorri Þórisson, eigandi Pegasusar, vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum, hann sagðist hvorki geta sagt af eða á.

SNORRI ÞÓRISSON Vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Ef af verður er hins vegar ljóst að verkefnið verður ógnarstórt, jafnvel stærra en Flags of our Fathers sem skilaði ófáum milljónum í kassann hjá True North-framleiðslufyrirtækinu. **-fgg**

Tvennir tónleikar

Þingeyska gleðisveitin Ljótu hálfvitarnir, sem nýlega gaf út sína fyrstu plötu, heldur tvenna útgáfutónleika á næstunni. Fyrri tónleikarnir verða í Borgarleikhúsinu á laugardag en hinir síðari í Ýdölum í Aðaldal viku síðar.

Ljótu hálfvitarnir hafa vakið athygli fyrir grípandi lagasmíðar, hnyttna texta og afar líflega framkomu á tónleikum. Hefur lagið Sonur hafsins hljómað talsvert í útvarpinu að undanförnu. Alls eru þrettán lög á plötunni og sömdu meðlimir sveitarinnar þau í sameiningu. Um upptökur sáu þeir Guðmundur Kristinn Jónsson og Sigurður Guðmundsson, oft kenndir við Baggalút og Hjálma.

LJÓTU HÁLFVITARNIR Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir halda tvenna útgáfutónleika á næstunni.

Miðaverð á tónleikana í Borgarleikhúsinu er 1.800 krónur en 1.500 á tónleikana í Ýdölum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Breska hljómsveitin The Verve ætlar að koma saman á ný í fyrsta sinn í tæpan áratug. „Við ákváðum að koma aftur saman vegna ástar okkar á tónlistinni," sagði í yfirlýsingu sveitarinnar. The Verve ætlar að ljúka við nýja plötu í haust og fara í framhaldinu á tónleikaferð. Hljómsveitin, sem er skipuð þeim **Richard Ashcroft**, Nick McCabe, Simon Jones og Pete Sailsbury, hætti árið 1999 vegna sífelldra deilna Ashcrofts og McCabes.

Nýtt lag með **Samúel Jóni Samúelssyni** og félögum í hljómsveitinni Jagúar, You Want Me, er komið í spilun. Lagið verður að finna á fjórðu plötu sveitarinnar sem var tekin upp í Danmörku síðasta vetur. Er hún væntanleg í ágúst. Hægt er að hlusta á nýja lagið frá Jagúar á heimasíðunni Jaguar.is. Jagúar spilar næst á Jazzhátíð Egilsstaða laugardaginn 30. júní.

Thomas Haden Church er í viðræðum um að leika á móti **Söndru Bullock** í rómantísku gamanmyndinni All About Steve. Bullock leikur krossgátufræðing sem verður yfir sig ástfanginn af myndatökumanni sjónvarpsstöðvarinnar CNN eftir aðeins eitt stefnumót. Eltir hún manninn út um allar trissur til að sannfæra hann um ást sína.

> Skallagrímur ræður þjálfara

Körfuknattleiksdeild Skallagríms hefur skrifað undir tveggja ára samning við Kenneth Webb, bandarískan þjálfara sem hefur verið búsettur í Noregi síðustu þrjú ár. Þar þjálfaði hann Tromsö og gerði liðið að deildarmeisturum áður en hann lenti upp á kant við stjórn félagsins og ákvað því að fara. Þar með er langri leit Skallagríms að nýjum þjálfara lokið eftir að Valur Ingimundarson hætti með liðið eftir síðasta tímabil. Webb á íslenskættaða konu og þjálfaði áður með Jeff Kotila sem nú þjálfar Snæfell. Webb hefur störf um miðjan ágústmánuð.

sport

sport@frettabladid.is

MATTHÍAS GUÐMUNDSSON: MÆTIR SÍNUM GÖMLU FÉLÖGUM Í VAL Í KVÖLD

Matthías ætlar að skora gegn gamla félaginu

Matthías Guðmundsson verður væntanlega í eldlínunni í kvöld er FH mætir í heimsókn til Vals, hans gamla félags. Matthías skipti yfir í FH frá Val nú fyrir tímabilið.

„Ég er mjög vel stemmdur fyrir kvöldið. Ég býst við hörkuleik og hann verður líka sérstakur fyrir mig persónulega," sagði Matthías. Hann hefur þó mætt Val í búningi FH nokkrum sinnum á undirbúningstímabilinu.

„Ég býst við því að það verði góð stemmning á leiknum. Þetta verður örugglega mjög erfitt enda er Valur með gott lið sem gefur afar fá færi á sér. En við erum fullir sjálfstrausts og ætlum ekkert að gefa eftir."

Valur tapaði um síðustu helgi fyrir Cork City á heimavelli í Intertotokeppninni og Matthías er viss um að sá leikur hafi þjappað mönnum saman. „Hann hlýtur að hafa kveikt í þeim og þeir vilja sjálfsagt gera vel gegn okkur eftir þann leik."

FH er nú með fimm stiga forskot á toppi Landsbankadeildarinnar og með sigri í kvöld nær FH tíu stiga forskoti á Val. „Ég lít ekkert á það þannig að við séum stungnir af ef við vinnum þennan leik. Það væri engu að síður mjög sterkt að ná tíu stiga forskoti á Val en mótið væri engan veginn búið þá samt sem áður. Við erum alls ekki í þeirri stöðu að við getum leyft okkur að anda rólega. Það eru enn fullt af möguleikum í þessu móti."

Matthías fór mikinn í fyrstu fjórum leikjum mótsins og skoraði mark í öllum þeim leikjum. Hann hefur hins vegar ekki skorað í síðustu þremur leikjum.

„Jú, nú er kominn tími á að setja eitt," sagði hann og hló. „Ég náði nú að leggja upp eitt á móti KR og vonandi er það góðs viti."

MATTHÍAS Til vinstri í búningi Vals í fyrra en á fullri ferð með FH til hægri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breiðablik er stórveldið í Kópavogi

Breiðablik vann öruggan og sannfærandi 3-0 sigur grönnum sínum í HK í fyrsta leik liðanna í efstu deild. Blikar voru miklum mun betra liðið á vellinum nær allan leikinn og vann verðskuldað.

Breiðablik	3-0	HK

Kópavogsvöllur, áhorf.: 2.197 — Magnús Þórisson (7)

1-0 Kristján Óli Sigurðsson (3.)
2-0 Prince Rajcomar (60.)
3-0 Olgeir Sigurgeirsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14–10 (10–6)
Varin skot	Jacobsen 6 – Gunnleifur 6
Horn	3–1
Aukaspyrnur fengnar	20–16
Rangstöður	5–1

BREIÐAB. 4–4–2		HK 4–5–1	
*C. Jacobsen	9	Gunnl. Gunnleifss.	7
Árni K. Gunnarsson	7	Stefán Eggertsson	4
Srdjan Gasic	7	Ásgrímur Albertsson	5
Guðmann Þórisson	7	Finnbogi Llorens	5
Arnór Sv. Aðalsteinss.	7	Davíð Magnússon	4
Olgeir Sigurgeirsson	6	Aaron Palomares	6
Arnar Grétarsson	7	(81. Kristján Ari H.	-)
Nenad Petrovic	6	Rúnar Páll Sigmundss.	3
Kristján Óli Sigurðss.	7	(71. Eyþór Guðnas.	-)
(65. N. Zivanovic	4)	Hólmar Örn Eyjólfss.	5
Magnús P. Gunnarss.	4	Finnur Ólafsson	3
(90. Guðjón Pétur L.	-)	Jón P. Stefánsson	6
Prince Rajcomar	6	Þórður Birgisson	3
(87. Gunnar Jónsson	-)	(59. Oliver Jäger	6)

*Maður leiksins

BARÁTTA Í KÓPAVOGI Nenad Petrovic, Breiðabliki, og HK-ingurinn Finnur Ólafsson berjast um boltann.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þórður Birgisson fékk dauðafæri á 54. mínútu en frábær markvörður Blika varði vel.

Aðeins sex mínútum síðar kom Prince Blikum í 2-0 þegar hann fylgdi eftir skalla sem hafði hafnað í stönginni. Nokkuð kjaftshögg fyrir HK sem var að vaxa verulega ásmegin á þessum tíma.

HK gafst þó ekki upp og 17 mínútum fyrir leikslok nældi Jaeger í víti. Jacobsen gerði sér aftur á móti lítið fyrir og varði spyrnu Finngoa Llorens glæsilega. Kórónaði þar með stórkostlegan leik.

Fátt markvert gerðist eftir vítið þar til Olgeir gerði út um leikinn með glæsiskoti utan teigs sem hafnaði í bláhorninu. Glæsilegt mark.

Blikar halda áfram að klifra töfluna og spila þess utan vel í nánast hverjum einasta leik þar sem boltanum er spilað með jörðinni. Allt af gaman að horfa á liðið spila. Blikar eru eitt best spilandi liðið í deildinni og staða þeirra í deildinni er fyllilega verðskulduð.

Það vantaði ansi mikið upp á hjá HK í þessum leik en þeir voru alltaf að elta granna sína og komust lítt áleiðis. Miðjan var í molum og ekki bætir úr skák að liðið virðist ekki eiga góðan framherja sem hægt er að stóla á en ítrekaðar framherjaskiptingar skila engu. Jaeger er þó kannski ljósið í myrkrinu en hann átti fína innkomu í gær.

„Við vörðumst vel og nýttum færi okkar mun skynsamlegra en við gerðum í síðasta leik, sem betur fer," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, í viðtali við Arnar Björnsson á Sýn eftir leik. „Baráttuandinn er búinn að vera mjög góður í liðinu allt mótið og strákarnir eru að uppskera það núna. Við höfum oft átt meira skilið í leikjum okkar í sumar."

Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, var vitanlega ekki eins ánægður með úrslit leiksins.

„Við ætluðum að gera mun betur en þetta og er ég alls ekki sáttur við leikinn. Okkur gekk mjög illa að halda boltanum í fyrri hálfleik en vorum grimmari í þeim síðari. Það vantaði herslumuninn að komast aftur inn í leikinn en við fáum aftur mark á okkur. Þá var þetta orðið mjög erfitt."

henry@frettabladid.is / - esá

Víkingur	0-3	ÍA

Víkingsvöllur, áhorf.: 1251 — Erlendur Eiríksson (5)

0-1 Vjekoslav Svadumovic (26.)
0-2 Vjekoslav Svadumovic (45.)
0-3 Jón Vilhelm Ákason (65.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–11 (7–4)
Varin skot	Magnús 1 – Páll Gísli 4
Horn	9–2
Aukaspyrnur fengnar	23–12
Rangstöður	1–4

VÍKINGUR 4–5–1		ÍA 3–5–2	
Bjarni Þórður Halld.	-	Páll Gísli Jónsson	8
(16. Magnús Magn.	3)	Ellert Jón Björnsson	7
Þorvaldur S. Sveinss.	6	Dario Cingel	6
Grétar S. Sigurðars.	7	Heimir Einarsson	7
Valur Úlfarsson	4	Árni Thor Guðm.	7
(73. Viðar Guðjónss.	-)	Guðjón Heiðar Sv.	6
Hermann Albertsson	5	Helgi Pétur Magnúss.	6
Arnar Jón Sigurg.	6	Bjarni Guðjónsson	8
Jón B. Hermannss.	5	Jón Vilhelm Ákason	7
(75. Egill Atlason	-)	*V. Svadumovic	8
Stefán Kári Sveinbj.	6	Þórður Guðjónsson	4
Jökull Elísabetarson	7	(62. Andri Júlíusson	7)
Gunnar Kristjánsson	5		
Björn V. Ásbjörnsson	6		

*Maður leiksins

1. FH	**7**	**6**	**1**	**0**	**15-4**	**19**
2. KEFLAVÍK	7	4	2	1	14-9	14
3. VALUR	**7**	**3**	**3**	**1**	**11-8**	**12**
4. ÍA	8	3	2	3	14-13	11
5. FYLKIR	**7**	**3**	**2**	**2**	**7-7**	**11**
6. BREIÐABLIK	8	2	4	2	11-7	10
7. HK	**8**	**3**	**1**	**4**	**5-12**	**10**
8. VÍKINGUR	8	2	2	4	7-11	8
9. FRAM	**7**	**1**	**2**	**4**	**8-12**	**5**
10. KR	7	0	1	6	5-14	1

Skagamenn skoruðu mörkin í Fossvoginum og unnu 3-0 sigur á Víkingum í Landsbankadeild karla:

Skagamenn nýttu færin og hirtu öll stigin

FÓTBOLTI ÍA vann góðan sigur á Víkingum í blíðskaparveðri í Fossvoginum í gær. Þeir skoruðu þrjú mörk gegn engu marki heimamanna sem voru þó markvissari í aðgerðum sínum í upphafi og björguðu Skagamenn meðal annars á línu. Þeir urðu síðan fyrir áfalli þegar Bjarni Þórður lenti í samstuði við einn leikmann ÍA og fékk slæman skurð á gagnaugað. Líklegt þótti að slagæð hefði farið í sundur og fór Bjarni upp á sjúkrahús til skoðunar.

Í hans stað kom hinn lítt reyndi Magnús Þór Magnússon sem gat lítið sem ekkert gert þegar Vjekoslav Svadumovic skoraði af stuttu færi eftir aukaspyrnu. Bæði lið áttu svo ágæt færi, Víkingar skutu meðal annars í stöngina, áður en Svadumovic skoraði annað mark sitt og ÍA í uppbótartíma fyrri hálfleiks af miklu harðfylgi.

Víkingar gerðu hvað þeir gátu til að minnka muninn í síðari hálfleik en þétt vörn ÍA lét engan bilbug á sér finna. Víkingum gekk erfiðlega að skapa sér færi á meðan gestirnir beittu skæðum skyndisóknum. Úr einni slíkri skoraði Jón Vilhelm fallegt skallamark og gerði þar með út um leikinn.

Víkingar hefðu hæglega getað skorað í leiknum en þegar öllu er á botninn hvolft voru það Skagamenn sem skoruðu mörkin og fóru verðskuldað með þrjú stig í farteskinu. Víkingar spiluðu ekki illa en mörkin telja og því fóru Skagamenn glaðbeittir með stigin þrjú í gegnum göngin heim á leið.

„Það er auðvelt að segja að þetta hafi ekki dottið með okkur í dag en það afsakar ekkert tapið. Þeir voru ekkert endilega betri en þeir nýttu færin og þar lá munurinn. Við fengum fullt af færum sem við áttum að nýta, tvö skot í stöngina, þeir björguðu á línu og fleira. Þetta má ekki fara í neinar afsakanir, við vorum einfaldlega ekki nógu góðir þegar á heildina er litið. Þetta er voðalega svekkjandi," sagði Grétar Sigfinnur, fyrirliði Víkinga í leikslok.

SKAGAMENN FAGNA Leikmenn ÍA fagna einu þriggja marka sinna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, var ekki jafn ánægður og ætla mátti eftir þrjú góð stig á erfiðum útivelli. „Við vissum að þetta yrði erfiður leikur og við erum vissulega ánægðir með að fá öll stigin," sagði Guðjón áður en hann hreytti fúkyrðum í blaðamann með einskærum dónaskap. Orðin sem Guðjón lét falla eru hvorki honum né ÍA sæmandi.

- hþh

GOLFSAMTÖK FATLAÐRA GSFÍ HALDA GOFMÓT Á LITLA VELLI KORPU MIÐVIKUDAGINN 27. JÚNÍ KL.1600

LEIKFYRIKOMULAG :
TEXAS SCRAMBLE

MÓTANEFNDIN

Nýr þjálfari Framara er byrjaður að taka til:

Sergey Serenko sendur til síns heima

HANDBOLTI Ferenc Buday, hinn ungverski þjálfari Fram, hefur hafið tiltekt í Safamýrinni og hefur hann ákveðið að hafa Sergey Serenko ekki áfram í herbúðum liðsins. Úkraínumaðurinn var leystur undan samningi en hann stóð ekki undir væntingum á síðasta tímabili. Tímabilið þar áður spilaði hann aftur á móti mjög vel.

Guðmundur Guðmundsson, sem hætti hjá Fram eftir síðasta tímabil, hefur verið að aðstoða Buday í leikmannamálum. Fram hefur þegar misst fyrirliðann Þorra Björn Gunnarsson til Danmerkur.

Á heimasíðu félagsins er haft eftir formanni handknattleiksdeildarinnar, Jóni Eggerti Hallssyni, að stefnan sé að bæta einum sterkum leikmanni í hóp Fram fyrir næsta tímabil.

„Það gæti farið svo að við tökum 2-3 erlenda leikmenn til reynslu á næstunni. Málin munu skýrast frekar næstu daga en eitt er þó ljóst í dag, við ætlum okkur Íslandsmeistaratitilinn á komandi leiktíð," sagði Jón Eggert.

- hþh

Harry Potter AND THE ORDER OF THE PHOENIX

TÖLVULEIKURINN

UPPLIFÐU TÖFRA HOGWARTS!

ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ **BTC HPV** Á NÚMERIÐ **1900**

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ BTC A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900

AÐALVINNINGUR: **PSP TÖLVA +** HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX LEIKINN

KEMUR Í VERSLANIR Á ALLAR LEIKJATÖLVUR **29. JÚNÍ**

BT

10. HVER VINNUR

SMS LEIKUR

Taktu þátt!

Fullt af aukavinningum: Harry Potter tölvuleikir, GSM símar, Harry Potter á DVD, kippur af Pepsi og fullt af DVD myndum, geislaplötum og öðrum tölvuleikjum.

Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu.

MINNIE DRIVER

Áður en Minnie gerðist leikkona var hún í hljómsveitinni Puff, Rocks and Brown. Þau gerðu samning við Island Records en gáfu aldrei út plötu. Um aldamótin tók Minnie aftur upp þráðinn í tónlistinni og árið 2004 skrifaði hún undir plötusamning við EMI og Rounder Records. Hún hefur nú gefið út plötuna Everything I've Got in My Pocket og eru öll lögin nema eitt eftir leikkonuna sjálfa. Minnie leikur í þáttunum The Riches á Stöð 2 kl. 20.50.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR HUGLEIÐIR RAUNVERULEIKANN

Við sem heima sitjum #2007

Á laugardagskvöldið var stutt viðtal við lárviðarskáldið Megas í kvöldfréttum RÚV. Megas spjallaði við fréttamann á miðri hljómsveitaræfingu fyrir tónleika sem haldnir voru seinna um nóttina.

Elín Hirst taldi margréttnefndan meistarann „augljóslega í toppformi" en fréttamaðurinn Svavar sá sig tilneyddan til að spyrja sveittan, ögn móðan og ómeikaðan söngvarann hvernig hann eiginlega væri upplagður þessa dagana. Myndavélin bar okkur sögu sem var kannski aðeins á skjön við orð Elínar og við sem heima hírumst höfum jú tilhneigingu til að trúa helst birtingarmyndinni sjálfri. Megas er ekki beinlínis holdgervingur heilbrigðis og hamingju og á skjánum birtist maður sem margir vantrúa töldu líklega að yrði ansi lúinn orðinn um nóttina.

En sirka sjö tímum síðar „off camera" þegar Megas kom á sviðið sannaði hann að sjónvarpið lýgur stundum að okkur. Hver sem er getur afskræmst af því einu að vera í mynd. Vélin og samhengið breytir mynduðu viðfangsefninu. Því eru sjónvarpsstjörnur ætíð varðar með þykku lagi brúnkukrems, svo það sjáist ekki í þær. Þessi hver sem er virkar síðan fölur, jafnvel feigur, við hliðina á þeim.

Það var gott að vera ekki einn af þeim sem heima sváfu frá sér tónleikana. Með nýja bandinu er Megas nefnilega ekki langt frá téðu toppformi, hvað sem það nú þýðir í raun, og sum eldri lögin sterkari en nokkru sinni fyrr. Þetta hefði seint vitrast okkur sem allajafna sofnum í sófanum ef við hefðum ekki tekið orð Elínar trúanleg, frekar en vélina.

EKKI MISSA AF

▶ **21.35 Nýgræðingar** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.40 Medium** STÖÐ 2

▶ **20.10 Legend of Zorro** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **22.50 Las Vegas** SIRKUS

▶ **21.00 America's Next Top Model** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Alvöru dreki (15:19)
18.23 Sígildar teiknimyndir (40:42)
18.30 Suðandi stuð (20:21)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ljóta Betty (20:22)
20.55 Litla-Bretland (6:6) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki. e.
▶**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Donald Faison og Neil Flynn.
22.00 Tíufréttir
22.25 Formúlukvöld
22.50 Keith Jarrett - Spunalistin (Keith Jarrett - The Art of Improvisation) Mynd um bandaríska píanóleikarann Keith Jarrett sem er ein af stórstjörnum djassins en hefur líka fengist við klassíska og þjóðlega tónlist. Meðal þeirra sem koma fram í myndinni eru Jack DeJohnette, Gary Burton, Miles Davis, Chick Corea, Toshinari Koinuma, Charlie Haden og Jan Garbarek.
00.15 Kastljós

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Legend of Zorro
08.10 Awfully Big Adventure, An
10.00 Try Seventeen
12.00 In Her Shoes
14.10 Awfully Big Adventure, An
16.00 Try Seventeen
18.00 In Her Shoes
▶**20.10 Legend of Zorro** Í þessari bráðskemmtilegu spennumynd er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg af hetjudáðum hans.
22.20 Undisputed
00.00 Coach Carter
02.15 Shaolin Soccer
04.00 Undisputed

STÖÐ 2

07.00 Villingarnir
07.20 Myrkfælnu draugarnir
07.30 Stubbarnir
07.55 Myrkfælnu draugarnir
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi 2005
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Forboðin fegurð (78:114)
10.10 Grey´s Anatomy (1:25)
11.00 Fresh Prince of Bel Air 5
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
14.20 Extreme Makeover: Home Edition (2:32)
15.50 Smá skrítnir foreldrar
16.15 Batman
16.38 Pocoyo
16.48 Kalli og Lóla
17.03 Könnuðurinn Dóra
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 The Simpsons (15:22)
20.05 Oprah Sarah Jessica Parker kemur í þáttinn og ræðir um hjónabandið og lífið eftir Sex and the City. Einnig skoðar Oprah hvernig hægt er að halda brúðkaup á ódýran hátt.
20.50 The Riches (5:13)
▶**21.40 Medium** (20:22) Allison Dubois býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum. Bönnuð börnum.
22.25 Paid in Full Hörkuspennandi mynd um ungan mann sem verður fyrir hálfgerða tilviljun stærsti eiturlyfjasalinn í Harlem. Aðalhlutverk: Mekhi Phifer, Wood Harris, Kevin Carroll.
00.00 Medium (20:22)
00.45 Bones (8:21)
01.30 Bad Apple
03.00 The Riches (5:13)
03.45 Medium (15:22)
04.30 Oprah
05.15 Fréttir og Ísland í dag
06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SIRKUS TV

18.00 Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við fræga stjörnur.
19.55 Daisy Does America (8:8) (e)
20.20 American Inventor (15:15) Í American Inventor er leitað eftir nýjum uppfinningum sem gætu slegið í gegn. Verðandi uppfinningamenn víðs vegar um Bandaríkin fá nú tækifæri til að kynna uppfinningu sína og nokkrir útvaldir fá pening til að þróa hana. Að lokum mun einn heppinn uppfinningamaður standa uppi sem sigurvegari og fær hann eina milljón dollara í vasann. Þættirnir koma frá höfundum American Idol og sjálfum Simon Cowell.
21.10 Supernatural (20:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
22.00 The Shield (3:10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt. Í þessari sjöttu þáttaröð eru spilltu löggurnar enn við sama heygarðshornið og það er erfitt að greina á milli löggæslunnar og glæpamannanna. 2006. Stranglega bönnuð börnum.
▶**22.50 Las Vegas** (10:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Stóra-Eds Delines, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst.
23.35 My Name Is Earl (18:23) (e)
00.00 Hidden Palms (2:8) (e)
00.45 Entertainment Tonight (e)
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.15 Vörutorg
17.15 Design Star (e)
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Will & Grace (e)
20.00 On the Lot Nýir raunveruleikaþættir frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Í hverri viku fækkar í hópnum þar aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari og hlýtur að launum samning hjá Dreamworks
▶**21.00 America's Next Top Model** (8:13) Bandarísk raunveruleikaþáttur þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Nú reynir á leiklistarhæfileika stúlknanna. Myndatakan er sviðsetning á eftirminnilegum atvikum úr fyrri þáttaröðum.
22.00 Jericho (22:23) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir. Fyrrum vinir berjast nú á banaspjótum þegar íbúar nágrannabæjarins New Bern gera árás á Jericho. Gray bæjarstjóri þarf að taka erfiða ákvörðun um hvort íbúar Jericho eigi að berjast fyrir sínu eða gefast upp og bjarga mannslífum.
22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur.
23.15 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
00.05 Angela's Eyes (e)
00.55 Kidnapped (e)
01.45 Vörutorg
02.45 Óstöðvandi tónlist

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
The Riches

Malloy-fjölskyldan heldur áfram að pretta nágrannana í kvöld en fjölskyldan er ekki eins og fólk er flest. Í þætti kvöldsins þurfa hjónin að takast á við alveg nýtt hlutverk nú þegar þau eru bæði komin á vinnumarkaðinn. Hvorugt þeirra hefur nokkra reynslu og það er spurning hversu lengi þeim tekst að blekkja yfirmenn sína.

▶ KEITH JARRETT - SPUNALISTIN

Sjónvarpið kl. 22.50

Heimildamynd um bandaríska píanóleikarann Keith Jarrett. Jarrett er einn af stórstjörnum djassins og hvar sem hann heldur tónleika er uppselt. En hann er meira en djassleikari og hefur líka fengist við klassíska og þjóðlega tónlist. Í myndinni er fjallað um ævi hans og feril, rætt við hann og ýmsa samferðamenn hans í listinni og upptökur sýndar frá tónleikum á löngum ferli Jarretts.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Dragspilið dunar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
14.30 Miðdegistónar
15.03 Sögur af sjó og landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.00 Fréttir
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Laufskálinn
19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
20.00 Heima er best
20.40 Kvöldtónar
21.00 Sumarglingur
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
23.00 Bókmenntir og landafræði
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

07:00 Copa America 2004 (Úrúgvæ - Perú)
14:05 Copa America 2004 (Úrúgvæ - Perú)
15:45 Copa America 2004 (Venesúela - Bólivía) Útsending frá leik Venesúela og Bólivíu í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu. Venesúela eru gestgjafar í mótinu og gætu komið á óvart í krafti heimavallarins.
17:25 Landsbankadeildin 2007 (Breiðablik - HK)
19:15 Kraftasport - 2007 (Sterkasti maður Íslands 2007)
19:45 Landsbankadeildin 2007 (Valur - FH) Bein útsending frá toppslag í Landsbankadeildinni í knattspyrnu á milli Vals og FH. Valsmenn virðast líklegir til þess að veita Íslandsmeisturum FH keppni á toppi deildarinnar, og því er þessi leikur gífurlega mikilvægur fyrir framhaldið í deildinni.
22:00 Landsbankamörkin 2007
22:25 Copa America 2004 (Ekvador - Chíle)
00:35 Copa America 2004 (Brasilía - Mexikó)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Cirkus Dannebrog **7.00** Liv på balkonen **7.30** Smagsdommerne i Venedig **8.10** En have på fjeldet **8.30** Kærlighed **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Tæt på Dyrene **10.00** Nationen **10.20** Vagn på vejen **10.50** Vildmark **11.20** Schackenborg - Godset i Grænselandet 1**1.50** Ud i det blå **12.20** Hokus Krokus **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.10** Dawsons Creek **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Verdnernes bog 1**5.30** Klassen 1. b **15.45** Tagkammerater **16.00** Når moskusokserne kommer til byen **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Søren Ryge direkte **18.30** Et mål for livet **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Kriminalkommissær Foyle **21.25** Seinfeld **21.50** Onsdags Lotto **21.55** Planet X **4.30** Karlsson på taget **5.00** Den lille prinsesse **5.10** Morten **5.30** Gnotterne **6.00** Elmers verden

NRK 1

6.00 Ernst **6.20** Postmann Pat **6.40** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Autofil **10.00** Sport i dag: Verdensserien i sandvolleyball **12.00** Sport i dag **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** I Mummidalen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Og nå **17.55** Walkabout **18.25** Viggo Ree **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt 1**9.10** Sommeråpent **20.05** Vikinglotto **20.15** Lov og orden: New York **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sport i kveld **22.00** Norge i dag **22.10** Battlestar Galactica **22.55** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Sommermorgen **5.51** Peppa Gris **6.00** Ernst

SVT 1

7.15 Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Känsla för gult **12.10** M **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Från scenen till skären **15.30** Gifta till sist **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Evas sommarplåster **16.15** En unge till **16.25** Dagens visa **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Deal **20.20** Count Basie **21.15** Rapport **21.25** Försvarsadvokaterna **22.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

GAMLA MYNDIN

„Parna vorum við Edda Björgvinsdóttir með þættina Á tali. Seinna stal Hemmi Gunn nafninu okkar. Ég er viss um að þetta dress er ennþá til, og ég er viss um að ég passa ennþá í það!“

Helga Thorberg leikkona. Myndin er tekin árið 1983.

Heimboð Bjarkar einber uppspuni

Breska götublaðið Daily Star birti í gær frétt sem fór eins og eldur í sinu um netið en þar var íslenska söngkonan Björk Guðmundsdóttir sögð hafa boðið poppstjörnunni Britney Spears að hafa afnot af heimili sínu í Reykjavík. Þar að auki var greint frá því að Björk hefði sent henni dagbókarbrot frá þeim tíma sem hún bjó í Lonon og átti í svipuðum vandamálum og Britney hefur glímt við auk bréfs þar sem íslenska stórstjarnan gefur henni góð ráð. Einar Örn Benediktsson, nánasti samstarfsmaður Bjarkar, sagði þessa frétt vera uppspuna frá rótum og í raun algjört bull. „The Daily Star hefur hingað til ekki talist áreiðanlegur miðill og blaðið hefur nú bara kokkað þetta upp,“ segir Einar Örn og var hlátur í huga. „Þarna er verið að blanda saman tveimur eða fleirum í eina frétt og þetta heldur bara engu vatni.“

Einar segist vissulega kannast við að Björk hafi rætt málefni Britneyjar en ekki á þessum nótum. „Þetta er byggt á viðtali sem birtist í Times en þar sagðist Björk að hún skildi vel hegðun Britneyjar í ljósi þessa gífurlega áreitis sem hún byggi við,“ segir Einar og bætir því við að þarna hafi Björk verið að svara spurningu blaðamanns um af hverju hún byggi ekki lengur í Bretlandi. „Þar eru náttúrulega fjölmiðlar ofan í hvers manns koppi,“ segir Einar.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem leiðir Britneyjar og Bjarkar liggja saman því fyrir síðustu sólóskífu Spears lýsti hún því yfir að hún væri undir áhrifum tónlistarmanna á borð við Björk.

-fgg

BRITNEY Hefur verið gagnrýnd fyrir að standa sig ekki í móðurhlutverkinu.

BJÖRK Hefur ekki sent Britneyju bréf, dagbókarbrot eða boðið henni til Íslands.

EINAR ÖRN Segir fréttina vera uppspuna frá rótum.

BJARNI ARA Gefur alla sína vinnu upp til skatts. Segir laun sín samkomulagsatriði hverju sinni.

GARÐAR THOR Syngur í örfáum brúðkaupum þetta sumarið en það er ekki á hvers manns færi að láta hetjutenórinn hefja upp raust sína.

PÁLL ÓSKAR Syngur í sjö brúðkaupum sjöunda júlí og gæti því haft 240 þúsund krónur upp úr krafsinu.

GÓÐÆRI BRÚÐKAUPSSÖNGVARA: SJÖTÍU ÞÚSUND Á ATHÖFN

Flestir fá borgað undir borðið

„Ég gef allt mitt upp til skatts. Hvað ég tek svo fyrir þetta er síðan bara samkomulag og snýr að umfangi og öðrum þáttum,“ segir Bjarni Arason, söngvarinn góðkunni. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær eru þó nokkrir íslenskir söngvarar margbókaðir í brúðkaup þann 07.07.07 en þá verður væntanlega slegið nýtt met í því að gefa fólk saman frammi fyrir guði og mönnum. Söngvarar á borð við Diddú og Bjarna voru til að mynda fjórbókaðir þennan dag en sá sem reyndist vera kóngurinn í þessum fræðum var Páll Óskar Hjálmtýsson; hann var bókaður í sjö brúðkaup.

Þegar Fréttablaðið kynnti sér þetta mál kom í ljós að fáir söngvarar vildu gefa upp hversu mikið þeir fengju greitt fyrir að syngja í brúðkaupum. Greiðslurnar virðast enda oftast ekki gefnar upp til skatts. Samkvæmt skattalögum ber þó tónlistarfólki að gefa upp þessar tekjur sínar. „Þetta eru tekjur og eru því tekjuskattskyldar. Starfsemi tónlistarmanna sem og annarra listamanna er hins vegar undanþegin virðisaukaskatti,“ sagði Ragnar Guðmundsson hjá Ríkisskattstjóra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má hafa nokkuð gott upp úr því að syngja fyrir hin nýgiftu en upphæðirnar eru misjafnar eftir því hver á í hlut. Þannig heyrðust tölur frá fjörutíu og fimm þúsund krónum og upp í 270 þúsund krónur fyrir eina athöfn en síðastnefnda upphæðin þykir einstök enda umræddur tónlistarmaður síður en svo þekktur fyrir að syngja í brúðkaupum. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta sjálfur Bubbi Morthens en ekki náðist í hann til að fá þessa tölu staðfesta. Garðar Thor Cortes söng á upphafsárum sínum í ófáum brúðkaupum en það hefur heldur betur breyst eftir að hann tók Bretland með trompi. Einar Bárðarson sagði í samtali við Fréttablaðið að fáir hefðu efni á því að láta stórtenórinn syngja í hjónavígslunni hjá sér en viðurkenndi þó að Garðar myndi syngja í örfáum þetta sumarið. „Menn af hans gæðaflokki eiga hins vegar ekki að þurfa að syngja í svona sér til framfæris.“

Algengast er að vinsælir popptónlistarmenn taki í kringum 70-75 þúsund krónur en oftast syngja þeir þá þrjú lög við athöfnina. Hins vegar vakti athygli að þeir sem jafnan eru taldir vera bestir í sínu fagi virðast taka mun lægri upphæð og þar fara þau Bergþór Pálsson, Diddú, Egill Ólafsson og Páll Óskar Hjálmtýsson fremst í flokki. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostar það á bilinu 35 til 45 þúsund krónur að fá eitthvert þeirra til að syngja. Hljóðfæraleikarar taka hins vegar mun lægri upphæðir fyrir spilamennsku sína og kosta ekki nema 25 þúsund krónur.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn **Frosti Logason** hefur ákveðið að setjast á skólabekk í haust. Frosti hætti sem kunnugt er í hljómsveitinni Mínus á dögunum. Hann hefur nú ákveðið að nota þessi tímamót til að láta langþráðan draum rætast og hefur skráð sig í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. Af þessum sökum hættir Frosti sem dagskrárstjóri X-ins 977 en hann mun þó áfram starfa á stöðinni. Við stöðu dagskrárstjóra tekur **Þorkell Máni Pétursson** sem er öllum hnútum kunnugur þar á bæ svo aðdáendur stöðvarinnar þurfa engu að kvíða.

Ágústa Eva Erlendsdóttir nýtur nú þess frelsis sem hún fékk eftir að hafa gert upp **Silvíu Nætur** ævintýrið í hérlendum fjölmiðlum í vor. Ágústa hefur ákveðið að verja hluta af sumrinu í Frakklandi, til að slaka á eftir því sem næst verður komist þótt ólíklegt sé annað en að hún hafi eitthvað á prjónunum.

Hún ætlar að verða lífseig sú saga að **Matt Damon** hafi skemmt sér á Íslandi á dögunum. DV hefur sagt frá þessu og Blaðið var með mola um það í gær að heimsókn Damons hefði kveikt svo í vini hans **George Clooney** að hann væri væntanlegur líka. Hið rétta er að Matt Damon var ekki á Íslandi um daginn og skemmti sér því ekki á Sirkus. Þar varð sagan aftur á móti til hjá **Ómari Erni Hauksyni** og vinum hans sem vildu kanna trúgirni bargesta og í kjölfarið íslenskra fjölmiðla. Ekki var að spyrja að viðbrögðunum, að minnsta kosti á sumum bæjum. - hdm

Níu ára strákur kynnir myndasögubók

„Ég hef samið myndasögur frá því ég var sex ára,“ segir Hugi Garðarsson myndasöguhöfundur sem mætti á Fréttablaðið til að kynna myndasögubók sína, Jóa gulrót og brækur réttlætisins. „Ég hef samið sögur um alls konar Jóa. Þeir eru allir eitthvað sem er hægt að borða.“

Í sögunni segir frá Jóa gulrót sem berst við gríðarstórt vélmenni sem brjáladur vísindamaður með minnimáttarkennd hefur búið til. Vélmennið er óvart stillt á vonsku en Jóa gulrót tekst að laga mistökin og gera það gott. Vélmennið er í nærbuxum og vitnar undirtitill sögunnar, brækur réttlætisins, til þeirra.

Hugi er sniðugur níu ára strákur í Háteigsskóla sem hefur samið heilmargar myndasögur síðustu þrjú ár. Hann stefnir á að vera áfram myndasöguhöfundur þegar hann er orðinn stærri. Hugi les mikið af myndasögum en það er engin sérstök í uppáhaldi. Hann er ekki byrjaður að selja sögur sínar en þó er aldrei að vita nema fólk rekist á hann á röltinu einhvers staðar í sumar með bækur sínar til sölu. - jar



JÓI GULRÓT OG BRÆKUR RÉTTLÆTISINS Fyrsta síðan í myndasögubókinni hans Huga.

UNGUR MYNDASÖGUHÖFUNDUR Hugi myndasöguhöfundur með sögu sína um Jóa gulrót. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



LÁRÉTT
2. bauti **6.** í röð **8.** sjór **9.** illæri **11.** ætíð **12.** óbundið mál **14.** strita **16.** sjó **17.** tunnu **18.** utan **20.** stöðug hreyfing **21.** þráður.

LÓÐRÉTT
1. rauf **3.** kringum **4.** stjónmálastefna **5.** leyfi **7.** biðja ákaft **10.** sefa **13.** hallandi **15.** eyðimörk **16.** arr **19.** númer.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. bull, **6.** rs, **8.** mar, **9.** óár, **11.** sl, **12.** prósi, **14.** baksa, **16.** sæ, **17.** ámu, **18.** inn, **20.** lð, **21.** garn.

LÓÐRÉTT: 1. gróp, **3.** um, **4.** fasismi, **5.** frí, **7.** sárbæna, **10.** róa, **13.** ská, **15.** auðn, **16.** sig, **19.** nr.

VEISTU SVARIÐ

1. Póker
2. Yaya Touré og Thierry Henry
3. Víkingafélag

Íslenskt tónlistarsumar

Nýjar íslenskar geislaplötur í næstu verslun

1 Svarfdælskir bændur
2 Upp í sveit
3 Kisuklessa
4 Ástarleikir
5 Ég er komin í filinginn
6 Halli Skúla
7 Ofnæmi
8 Álfur út úr hól
9 Elddrottningin
10 Frostaveturinn mikli
11 James Bartley
12 Klerkurinn
13 Nína og Geiri 28 árum síðar
14 10 litlir negrastrákar
15 María
16 Maístjarnan

Dómar og skrif sem birst hafa í fjölmiðlum og á internetinu um Hvanndalsbræður.

Af augljósum ástæðum verður ekki fjallað um Hvanndalsbræður í þessu blaði.
Viðar Ágústson
Æskunni

Fór á tónleika með Hvanndalsbræðrum og skemmti mér konunglega.
Jón Eyþórsson
formaður nemendafélags Heyrnleysingjaskólans

Hræðileg hljómsveit, ágætir búningar.
Stefanía Einarsdóttir
Lopi og band

Tónleikar Hvanndalsbræðra eru allt frá því að vera ömurlegir og yfir í það vera hreinlega drepleiðinlegir.
Hallbjörg Guðmundsdóttir
Útfararþjónustu Ríkisins

Ítarleg umfjöllun verður um hljómsveitina Hvanndalsbræður í næsta tölublaði.
Ottó Pétursson
Lögbirtingablaðið

1 DAGAR KOMA
2 BJÓR, MEIRI BJÓR
3 ÁST, ÁST, ÁST
4 RAUNASAGA ÚR FJÖLBÝLISHÚSI
5 SONUR HAFSINS
6 STÓRI DAGURINN
7 SMINK
8 MAMMA
9 SUMARIÐ ER KÍMIÐ
10 FAÐIR VOR
11 SADÓMA
12 LJÓTIR HÁLFVITAR
13 EINN FYRIR KÁTTINN

Útgáfutónleikar Ljótu hálfvitanna
í Borgarleikhúsinu 30. júní kl. 21.00
og að Ýdölum 7. júlí kl 21:00. Miðasala fyrir tónleikana í Borgarleikhúsinu á midi.is

sena
okkar heimur // þín skemmtun

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

VÍSIR www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

McFréttir eða lífrænt ræktaðar

Hið gamla spakmæli „allt er best í hófi“ kemur upp í hugann þegar maður fer í sumarleyfi og finnur hvílík hvíld er fólgin í því að losna úr heljargreipum þess lífsmynsturs sem maður er fastur í dagsdaglega. Maður hringir bara nauðsynleg símtöl til að tilkynna aðstandendum að maður hafi náð að komast á réttan áfangastað og sé ekki kafnaður úr hita. Maður fær bara nauðsynlegar fréttir af því að ekki hafi gleymst að vökva blómin og skipta um sand í kattakassanum.

HVÍLD frá fjölmiðlum gerir það að verkum að maður fullnægir fréttaþörfinni með fréttum úr garði þeirra sem maður hittir á markaðstorgi mannlífsins. Maður hittir fólk á förnum vegi og skiptist á lífrænt ræktuðum fréttum við það; fréttum sem eru mun bragðmeiri og betri fyrir hina andlegu meltingu en þær fjöldaframleiddu og erfðabættu McFréttir sem gera hugann feitan og slappan.

Í VÖRUSKIPTUM fyrir fréttamola um loftslag og veðurfar á Íslandi fékk ég merkilegar fréttir um dreifbýlisvandann í Tyrklandi hjá ungum Kúrda sem er verslunarstjóri í stórri búð hérna í Marmaris. Sem hver annar túristi var ég teymdur inn í búðina til hans og þar sem okkur fannst svo skemmtilegt að prútta hvor við annan bauð hann mér og Össuri frænda mínum í kvöldmat til að halda áfram að spjalla.

KÚRDINN sem var veitull og rausnarlegur gestgjafi sagðist vera kominn úr þorpi nálægt landamærum Tyrklands og Írans. Þar er lítið um vinnu fyrir ungt fólk svo að mörg ungmenni yfirgefa átthagana til að freista gæfunnar annars staðar. Hin hefðbundna atvinna karlmanna í heimabyggðinni er smygl. Allir þurfa að lifa á einhverju og stjórnvöld setja kíkinn fyrir blinda augað þegar kemur að því að ræða atvinnumál í afskekktum fjallabyggðum.

SMYGLGÓSSIÐ er bensín. Einn hestburður af bensíni eru tvær 75 lítra tunnur sem eru bundnar upp á hest og 100 hestar í lest koma því með 15 þúsund lítra af ódýru bensíni frá Íran til Tyrklands. Þeir sem lifa á þessu eru smyglararnir sjálfir, heildsalar sem kaupa af þeim bensínið, dreifingaraðilar heildsalanna og svo allir smásalarnir. Meðaltekjur þeirra sem eru ofarlega í þessari lífkeðju eru um 5.000 íslenskar krónur á dag.

DUGLEGUSTU smyglararnir bera meira úr býtum sagði gestgjafinn. Fyrir utan leirkofana þeirra standa gljábónaðir BMW-ar. Verður maður svona efnaður á því að binda bensíntunnur upp á hross? spurðum við. Tja, okkar á milli sagt, sagði gestgjafinn, hefur það heyrst að í sumum tunnunum sé heróín en ekki bensín. Það gefur meira af sér.
Allir þurfa jú að lifa. Einhvern veginn. Og til að tunnurnar séu ekki tómar aðra leiðina er stundum stungið inn í þær nauðsynlegum tækjum eins og hríðskotabyssum eða sprengjuvörpum.

www.toyota.is

Meiri þögn

Ný Corolla er hljóðlátust í sínum flokki

Lágmarks veghljóð og loftmótstaða
Meira öryggi
Meira rými
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.960.000* kr.

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 36878 05/07

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★ ADULT OCCUPANT PROTECTION TOYOTA COROLLA